- Yin, R. K. (2018). *Case study research and applications: Design and methods* (6. útgáfa). Sage.
- Þóra Pétursdóttir. (2012). *ART þjálfun í leikskólum: Mat kennara og foreldra á félagsfærni og erfiðri hegðun leikskólabarna* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/12995>

Greinin barst tímaritinu 30. mars 2025 og var samþykkt til birtingar 21. ágúst 2025.

## UM HÖFUNDANA

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (fjf@hi.is) er prófessor í félagsráðgjöf á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í félagsráðgjöf með sálfræði sem aukagrein við University of Iowa árið 2004. Meginrannsóknarsvið hennar eru ofbeldi og vanræksla barna, áhættuhegðun barna, barnavernd og ofbeldi í nánum samböndum. <https://orcid.org/0000-0002-4685-9334>

Sigurgrímur Skúlason (sigurgrimur.skulason@mms.is) er sérfræðingur og próffræðingur hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og aðjúnkt við sálfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Hann lauk meistaraprófi í próffræði og tölfærni við University of Iowa árið 1998 og doktorsprófi í próffræði og matsfræði frá sama skóla árið 2004. Meginrannsóknarefni hans eru á sviði prófagerðar og próffræði, lestrar- og málþroskaprófa og úrvinnslu langtímagagna. <https://orcid.org/0000-0002-6261-0678>

# A FOLLOW-UP STUDY ON THE AGGRESSION REPLACEMENT TRAINING (ART) INTERVENTION

## ABSTRACT

This study is a follow-up of the intervention Aggression Replacement Training (ART) in Iceland. The ART treatment was introduced in Iceland in 2007 as an experimental project in an elementary school in the southern part of Iceland. Subsequently it has grown as a project, training teachers all over the country, although the base continues to be located in Selfoss in the south of Iceland. The current study was originally planned as a final component of a two-section evaluation of the ART intervention, with the first segment

consisting of measures at the beginning and conclusion of the intervention, with the current study following up on the participants three years later. The overall aim was to evaluate both the effect of the ART intervention as a means to reduce internal and external problems experienced by the children as well as the durability of the effects. The results of the first two sections were reported in an earlier paper, with the current paper completing the picture by adding the three-year follow up.

The evaluation of ART for the current study was based on answers from elementary school teachers who had taught 12 children who participated in ART-treatment among their families in 2017. The children and their teachers also participated in the earlier sections of the study. In order to assess the children's symptoms, the Icelandic translation and standardization of the ASEBA assessment tool was used at three time points: 1) two weeks before the ART-treatment started, 2) about two weeks after ART-treatment had taken place and 3) three years after the ART-treatment. The records were used to assess both internal and external problems among the children. Only the teacher rating form was used in the follow-up study, whereas the children's self-report and parents' forms were also included in the earlier evaluations. In the first part of the study both internal and external symptoms decreased significantly from pre-intervention to post intervention measures. Similarly, in the first section of the research-, both internal and external problems decreased significantly from the first to the second evaluation. When the evaluations of children were compared, they showed fewer behavior problems, less distress and better social skills following ART treatment. However, none of those effects lasted in the follow up, three years later for the group as a whole. The results of the evaluations were divided into four groups; 1) permanently reduced symptoms (three children), 2) reduced symptoms that recurred (four children), 3) little change in symptoms (three children) and 4) irregular changes in symptoms (two children). The results indicate that a better follow-up treatment is needed in order to maintain the positive changes that occurred during the intervention. In addition, a regular evaluation would be beneficial in order to monitor the children before and after treatment and to determine whether they need a follow-up treatment and for how long.

In addition to reporting the results of the follow-up study, the authors also discuss practical problems encountered when evaluating intervention programs in a small society with about 170 schools at the grade school level and 350 at the pre-school level. The current project is one of only a handful of empirical evaluations of interventions for psychological or social problems that have been carried out in Iceland. The authors suggest that the municipalities, primary providers of instructional, psychological, and social interventions, establish a common evaluation and data collection scheme and add an evaluation dimension to all contracts for such services. A joint effort by all municipalities can reveal which intervention programs are best suited for various purposes and can also allow for joint evaluation of new and promising intervention programs.

**Keywords:** aggression replacement training, ART, behavior problems, follow up, intervention.

## ABOUT THE AUTHORS

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (fjf@hi.is) is a professor of social work, School of Social Sciences, University of Iceland. She completed a BA in psychology from the University of Iceland in 1993, an MSW in social work from the University of Iowa in 1998 and a PhD in social work from the University of Iowa in 2004. Her research has focused on child abuse and neglect, risk behaviour, child protection and violence in intimate relationships. <https://orcid.org/0000-0002-4685-9334>

Sigurgrímur Skúlason (sigurgrimur.skulason@mms.is) is a psychometrician at the Icelandic Directorate of Education and an adjunct lecturer in psychology, School of Health sciences, University of Iceland. He completed a BA in psychology from the University of Iceland in 1994, an MA in educational measurement and statistics from the University of Iowa in 1998 and a Ph.D. in educational measurement and evaluation in 2004. In recent years, his research has focused on test development, assessment of reading and language development and longitudinal analysis. <https://orcid.org/0000-0002-6261-0678>

# KENNSLUHÆTTIR Í NÁTTÚRUVÍSINDUM Á UNGLINGASTIGI: TENGLS MENNTUNAR OG STARFSALDURS

Rannsóknir hafa sýnt að vísindalæsi unglinga á Íslandi fari dvínandi og að kennsla í náttúruvísindum sé ekki nógu fjölbreytt. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna (1) menntun, starfsaldur og endurmenntun náttúruvísindakennara á höfuðborgarsvæðinu, (2) hvernig þessir þættir tengjast tíðni verklegar kennslu, útináms og skapandi aðferða, (3) hvaða kennsluaðferðum kennarar beita almennt og hvernig þær endurspeglar hugmyndir þeirra um gæði kennslu, og (4) hvaða áskorunum þeir standa frammi fyrir við beitingu þeirra. Alls tóku 40 kennarar á unglingastigi þátt. Niðurstöðurnar sýndu að reyndari og sérmenntaðir kennarar beittu oftar verklegri kennslu og útinámi, en útinám og skapandi verkefni voru þó sjaldgæf. Helstu hindranir tengdust tímaleysi, aðstöðuleysi og stærð nemendahópa. Þær leiddu til þess að kennsla var síður í takt við væntingar og fagleg markmið kennara. Endurmenntun hafði ekki marktæk áhrif en virtist styðja virkni í verklegri kennslu. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi fagmenntunar, endurmenntunar og viðeigandi aðbúnaðar til að efla fjölbreytta náttúruvísindakennslu.

Efnisorð: náttúruvísindakennsla, verkleg kennsla, útinám, skapandi kennsla, vísindalæsi, unglingastig

## INNGANGUR

Áberandi afturför hefur orðið í frammistöðu íslenskra nemenda í vísindalæsi samkvæmt niðurstöðum PISA (Programme for International Student Assessment) síðustu ár. Í öllum fyrirlögðum könnunum á tímabilinu 2012 til 2022 hafa íslenskir nemendur verið bæði undir meðaltali OECD-ríkja og nokkuð undir meðaltali hinna Norðurlandanna (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013; Menntamálastofnun, 2017, 2019, 2023). Niðurstöðurnar frá 2022 sýndu sérstaklega neikvæða þróun, þar sem hlutfallslega færri íslenskir nemendur náðu lágmarkshæfni í vísindalæsi en áður, og bilið milli Íslands og nágrennalandanna jókst (Menntamálastofnun, 2023). Þetta bendir til þess að íslensk ungmenni búi síður að þeirri hæfni sem PISA metur sem grundvöll vísindalæsis en jafnaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndum.

Lesskilningur er undirstaða alls náms, og slakan árangur nemenda í náttúruvísindum má að mörgu leyti rekja til veiks lesskilnings (Hatch o.fl., 2021). Til úrbóta má nefna aukna áherslu á djúpan lesskilning, aukið faglæsi, upplýsingalæsi, að styrkja textavinnu (Erla Lind Þórisdóttir, 2017), bæta námsefni og auka svigrúm kennara til að nýta fjölbreyttari kennsluhætti (Edda Elísabet Magnúsdóttir og Haukur Arason, 2025; Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson, 2018). Kennarar þurfa jafnframt að vinna með forhugmyndir nemenda, gefa þeim tækifæri til að beita náttúruvísindahugtökum í ýmsu samhengi, gera viðfangsefni áþreifanleg og kveikja áhuga, m.a. með verklegri vinnu, sýndartilraunum og sýnikennslu (Cimer, 2007; Palmer o.fl., 2016). Verklegar athuganir eru raunar lykillinn að því að nemendur geti glætt texta náttúruvísinda merkingu (Hafþór Guðjónsson, 2011). Auk þess er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að þroska sjálfstæð vinnubrögð í vísindum með t.d. lausnaleitarnámi (e. inquiry-based learning) (Cimer, 2007). Útinám og skapandi verkefni hafa ítrekað reynst gagnlegar nálganir í náttúruvísindakennslu, bæði til að auka áhuga nemenda og dýpka skilning þeirra á náttúrulegum fyrirbærum (Dillon o.fl., 2006; Hadzigeorgiou o.fl., 2012). Slíkar aðferðir gefa nemendum færi á virkari þátttöku og raunverulegum tengslum við umhverfið, og það getur styrkt vísindalæsi þeirra og hvatt þá til að takast á við flókin viðfangsefni með skapandi hætti. Samt sem áður virðist notkun þessara aðferða takmörkuð í íslenskum grunnskólum (t.d. Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2022) og lítið er vitað um tækifæri kennara til að beita þeim eða hindranir sem kunna að standa í vegi fyrir notkun þeirra.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir sem gefa nemendum færi á að nálgast vísindaleg viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum og tengja þau við sitt eigið hversdagslíf geta haft afar jákvæð áhrif á árangur nemenda og virkjað fjölbreyttari nemendahópa, ekki síst nemendur sem hafa litlar væntingar um árangur í faginu (Hulleman og Harackiewicz, 2009; Johnson o.fl., 2007). Goodrum (2020) benti á mikilvægi þess að kennarar einbeittu sér að dýpri hugtakaskilningi frekar en að leggja á minnið. Því er ljóst að kennarar sem sinna náttúruvísindakennslu þurfa að búa yfir góðum bakgrunni í náttúruvísindum og kennslufræði þeirra til að geta veitt gæðakennslu, hlúð að forvitni nemenda og fengið þá til að sjá mikilvægi og gagnsemi þess sem þeir eru að læra (Darlington, 2017; Silverman, 2015). Kaptan og Timurlenk (2012) og Chala (2019) fjölluðu um algengar áskoranir sem náttúruvísindakennarar standa gjarnan frammi fyrir í kennslu náttúruvísinda. Í báðum rannsóknum kom fram að of mikill fjöldi nemenda í bekkjum, ófullnægjandi aðbúnaður skóla og takmarkaður tími til vikulegrar kennslu náttúruvísinda drægi verulega úr tækifærum kennara til að beita mikilvægum kennsluaðferðum í náttúruvísindum.

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á kennsluhætti í náttúruvísindum á unglíngastigi og kanna hvernig menntun, starfsaldur og þátttaka í endurmenntun kennara tengist beitingu fjölbreyttra kennsluaðferða. Sérstök áhersla var lögð á verklega kennslu, útinám og skapandi nám, sem rannsóknir hafa sýnt að geti eflt vísindalæsi og áhuga nemenda. Einnig var kannað hvaða kennsluaðferðir kennarar meta mikilvægar, hvernig þær eru nýttar í starfi og hvaða helstu áskorunum þeir standa frammi fyrir við beitingu þeirra.

## KENNSLUHÆTTIR Í NÁTTÚRUVÍSINDUM

Eitt af mikilvægustu hlutverkum kennara er að tileinka sér leikni og þekkingu til að framkvæma eða útfæra viðeigandi kennsluaðferðir af fagmennsku og öryggi. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, e.d.) segir í undirkafla náttúrugreina (22.1), *Menntagildi og megintilgangur náttúrugreina*, að:

Nám í náttúruvísindum á að stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Í aðalnámskrá segir enn fremur: „Nemendur þurfa að fá tækifæri til að veita umhverfi sínu gaum, bera umhyggju fyrir því og læra að greina aðstæður hverju sinni. Íslensk náttúra og sérstaða hennar felur í sér margbreytileg námstækifæri fyrir nemendur“ (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, e.d.). Í ljósi þessara áherslna á ábyrgð, upplifun, tengingu við náttúru og virka þátttöku og vinnubrögð ættu kennsluaðferðir og -nálganir á borð við verklega kennslu, útinám og skapandi kennslu að vera vel til þess fallnar að styðja markmið námsins í náttúruvísindum. Slíkt krefst þó fagmennsku kennara og reglulegrar endurmenntunar sem styrkir þá í að beita fjölbreyttum kennsluháttum af öryggi (Smith og Lindsey, 2016; Supovitz og Turner, 2000).

### Verkleg kennsla

Verkleg kennsla getur eflt skilning, hugmyndaflug, innsæi og leikni nemenda í krefjandi viðfangsefnum ásamt því að styðja sjálfstæð vinnubrögð og þroska skapandi hugsun (Millar, 2004, 2010). Verklegt starf og vettvangsvinna eru jafnframt mikilvægir þættir í náttúruvísindakennslu þar sem nemendur fá tækifæri til að dýpka skilning sinn á eðli vísinda, átta sig á grunni þeirra og öðlast þá færni sem nauðsynleg er til framfara á þessu sviði (Millar, 2004, 2010; Oliveira og Bonito, 2023; Science and Technology Committee, 2002). Árangur verklegrar kennslu ræðst þó af gæðum útfærslu, leiðsögn kennara og samhengi verkefna (Cairns, 2019; Škoda o.fl., 2016). Rannsóknir á PISA-könnunum benda til þess að árangur og áhugi nemenda í náttúruvísindum aukist þegar notað er lausnaleitarnám sem er að hluta kennarastýrt, þannig að nemendur fái skýra leiðsögn og ramma, en þeim sé jafnframt gefið svigrúm til að hafa áhrif á framvindu verkefnisins og stýra eigin vinnu. Of mikil áhersla á nemendastýrt nám án hæfilegrar leiðsagnar getur hins vegar reynst hamlandi – sérstaklega fyrir suma nemendahópa (Aditomo og Klieme, 2020; Forbes o.fl., 2020).

Þrátt fyrir að verkleg kennsla geti verið tímafrek og krefjist aðstöðu og undirbúnings (Bennet, 2003) er almenn samstaða um að slík nálgun sé mikilvæg til að efla vísindalæsi og hún mæti vel markmiðum aðalnámskrár um þekkingu og færni í náttúruvísindum. Verkleg kennsla er ekki aðeins tæki til að þjálfa vísindalega færni, heldur mikilvæg leið til að efla áhuga, ábyrgð og skilning nemenda – þegar hún er útfærð með faglegum hætti og í samræmi við aðstæður og þarfir.

## Útinám

Þegar fjallað er um nám barna utan skólabyggingar, undir berum himni, er gjarnan talað um útinám eða útikennslu. Til glöggvunar skal tekið fram að útikennsla og útinám eru skyld en aðgreinanleg hugtök. Útikennsla er kennarastýrð með skýrum markmiðum, utan skólastofu (Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir, 2014), en útinám er notað um fjölbreyttar námsaðstæður þar sem nemendur læra af eigin reynslu, skynjun og tengslum við náttúru og samfélag (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011). Útinám er því fyrst og fremst nám sem getur átt sér stað bæði í skipulögðu og óformlegu samhengi. Hér verður notað hugtakið útinám um hvers konar nám sem á sér stað utandyra, hvort sem kennslan er kennarastýrð eða byggð á frjálsara flæði nemenda.

Skólalóðin og nærumhverfi skólans er kjörinn vettvangur fyrir náttúrulegar athuganir. Þar má skoða gróður, jarðveg, jarðfræði og fjallasýn, fugla- og skordýralíf og lífríki og vistkerfi í ám, vötnum, fjörum og skógum. Eðlis- og efnafræðileg fyrirbæri á borð við hegðun ljóss, öldur, veður og gang himintungla eru einnig allt um kring. Íslenskir kennarar meta menntagildi útináms hátt (Kristín Norðdahl og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2016). Rannsókn Kristínar og Ingólfs (2016) sýndi að útinám gæti eftir annað nám, leik, heilsu og velíðan nemenda og styrkt tengsl þeirra við náttúrulegt umhverfi. Einnig getur það aukið sjálfþekkingu og áhuga nemenda á að hafa áhrif á umhverfi sitt og sýna því umhyggju. Í rannsókn frá Englandi (Prince, 2018) kom fram að leiksvæði við skóla væru algengasti vettvangur útináms, en einnig voru farnar vettvangsferðir og nærumhverfi nýtt. Helstu hindranir voru tímaleysi, kostnaður, veður, skortur á þekkingu og forgangsröðun annarra viðfangsefna. Dillon o.fl. (2006) lýstu því sem áhyggjuefni að útinám og vettvangsathuganir færu minnkandi í skólakerfinu, þrátt fyrir sterk rök fyrir jákvæðum áhrifum þeirra á nám nemenda.

## Skapandi kennsla

Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar. Í *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) er lögð áhersla á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu með frjóu, skapandi starfi, verklegri færni, nýsköpun og frumkvöðlanámi sem styður frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi. Í skapandi kennslu er markmiðið að virkja forvitni og sköpunarkraft nemenda með sjálfstæðum vinnubrögðum frekar en stýrðu námi. DeHaan (2009) benti á mikilvægi þess að þjálfarar sköpun og lausnamiðaða hugsun í vísindanámi til að dýpka skilning og undirbúa nemendur fyrir flókin viðfangsefni framtíðarinnar. Aðferðir á borð við frásagnarlist, listræna samþættingu og hughrifanám (e. wonder-based learning) geta eftir frjóa hugsun og vísindalegan skilning (Hadzigeorgiou o.fl., 2012). Skapandi verkefni, sem tengja fræðileg hugtök við raunveruleg viðfangsefni og hvetja til sjálfstæðrar hugsunar, geta þannig stutt bæði námsárangur og innri áhugahvöt nemenda.

Rannsóknir frá íslenskum grunnskólum sýna að listsköpun í kennslu er algeng á yngsta stigi en sjaldgæfari á mið- og unglingsstigi (Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014; Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2022). Í rannsókn Hrafnhildar Eiðsdóttur og Jóhönnu Einarisdóttur (2013) voru kennarar sammála um að sköpunarkraftur í kennslu gæti auðveldað tengingu við nemendur og eftir nám þeirra.

## Menntun og endurmenntun kennara

Fagmennska kennara er lykilkþáttur í gæðum náms og námsárangri nemenda. Þar vegur þungt bæði menntun kennara og áhugi þeirra á greininni. Rannsókn Menntamálaráðuneytisins (2005) sýndi að árin 2003–2004 voru aðeins 49% náttúrufræðikennara með menntun á sviði náttúruvísinda, þar af 40% með B.Ed.- og 9% með B.S.-gráðu í faginu. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókn Allyson McDonald o.fl. (2008). Brynja Stefánsdóttir og Meyvant Þórólfsson (2016) bentu á að aðeins 13% kennara á yngri stigum höfðu valið náttúruvísindakjörsvið í kennaranámi sínu. Rannsóknir hafa sýnt að menntun og endurmenntun kennara eru lykilkþættir í því að efla faglegt öryggi og stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum í náttúruvísindum (Smith og Lindsay, 2016; Supovitz og Turner, 2000). Lágt hlutfall menntaðra náttúruvísindakennara í grunnskólum á Íslandi er því áhyggjuefni og ljóst að styðja þurfi þá sem starfandi eru með endurmenntun í faginu.

Erlendar rannsóknir benda til þess að stutt námskeið geti aukið fagþekkingu og mats-hæfni og bætt viðhorf kennara til náttúruvísindakennslu, en lengri og markvissari námskeið hafi oft varanlegri áhrif á kennsluhætti (Ha o.fl., 2015). Samantekt You o.fl. (2025) leiddi í ljós að bæði stutt (<48 klst.) og lengri (>72 klst.) námskeið geti verið árangursrík, sérstaklega ef kennarar fá tækifæri til virkrar þátttöku. Árangursrík endurmenntun einkennist af skýrri áherslu á fagþekkingu, tengingu við annað þróunarstarf í skólanum og virkri þátttöku kennara (Garet o.fl., 2001). Samvinna, fagleg umræða og stuðningsnet hafa einnig sýnt jákvæð áhrif á faglega helgun og sjálfstæði kennara í náttúruvísindum (Larkin o.fl., 2022; Liebeck-Lien o.fl., 2023). Endurmenntun ætti að færa kennurum verkfæri og aðferðir sem hægt væri að nýta strax í kennslu og styrkja hæfni þeirra og þekkingu í starfi (Ingibjörg Systa Jónsdóttir, 2023). Samkvæmt kjarasamningi grunnskólakennara eru kennarar ábyrgir fyrir eigin fagþróun og hafa að jafnaði 102 klukkustundir árlega til símenntunar og undirbúnings (Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands, 2023) en aðgengi og nýting ræðst oft af skólastigi, námsgrein og nemendahópum. Í rannsókn Brynju og Meyvants (2016) kom í ljós að aðeins 38% kennara á yngsta og miðstigi höfðu sótt endurmenntun í náttúruvísindum á fimm ára tímabili, sem telst lágt hlutfall í ljósi þess hve margir kennarar á þessum stigum hafa takmarkaða formlega menntun í faginu. Þetta sýnir vel að efla þarf aðgengi að markvissri endurmenntun fyrir grunnskólakennara, ekki síst þá sem sinna kennslu á yngsta og miðstigi, þar sem faglegur grunnur í náttúruvísindum er oft veikastur.

## Rannsóknir á Íslandi um kennsluhætti á unglíngastigi

Á árunum 2007–2013 fór fram heildarmat á grunnskólum Reykjavíkur þar sem fylgst var með kennslu í öllum námsgreinum til að meta hvernig áherslur aðalnámskrár birtust í skólastarfi. Á unglíngastigi voru algengustu kennsluaðferðirnar verkefnavinna undir stjórn kennara (58%) og bein kennsla eða innlögn (41%) (Birna Sigurjónsdóttir, 2015). Verklek kennsla og tilraunir fóru aðeins fram í 8% kennslustunda í náttúruvísindum, sköpun og tjáning í um 5% tilfella en útinám fór þar ekki fram. Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir (2022) greindu kennsluhætti í náttúrugreinum út frá rannsóknarverkefninu *Starfshættir í grunnskólum* (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014) með gögnum úr 45 kennslustundum á árunum 2007–2018. Niðurstöður sýndu að kennslan einkenndist af beinni

kennslu, skriflegum verkefnum og úthlutun efnis. Líkt og áður gegndu verkleg kennsla, útinám og skapandi kennsla afar litlu hlutverki á unglingsstigi. Algengust var skrifleg vinna, á eftir fylgdu umræður og spurningar, en verkleg kennsla og athuganir komu aðeins fyrir í um fimmtungi stundanna. Að mati Svövu og Gunnhildar (2022) er útikennsla afar lítil í náttúrugreinakennslu og náttúran ekki markvisst nýtt sem vettvangur athugana.

Í eldri rannsókn Rúnars Sigbórssonar (2008) kom fram að algengasta kennsluaðferðin væri útlitunarkennsla með verkefnavinnu í kjölfarið og samantekt á töflu. Opnar spurningar og sjálfstæð verkefni voru sjaldgæf. Ingvar Sigurgeirsson o.fl. (2014) sýndu fram á að hefðbundin bekkjarkennsla og hópvinna væru ríkjandi aðferðir á unglingsstigi. Um 70% kennara notuðu verklegar tilraunir sjaldnar en einu sinni í mánuði og um 90% notuðu útinám jafn sjaldan. Þessar rannsóknir benda til þess að kennsluhættir í náttúruvísindum á unglingsstigi séu oft einhæfir og takmarki virkni nemenda, sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu – þætti sem lögð er rík áhersla á í kafla um náttúrugreinar í aðalnámskrá frá 2013 og endurskoðaðri útgáfu 2024 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Miðstöð menntunar og skólaláttunustu, e.d.).

## RANNSÓKNIN

Í ljósi fyrri rannsókna sem benda til skorts á fjölbreyttum kennsluháttum í náttúruvísindum og veikrar stöðu íslenskra ungmenna í PISA var markmið rannsóknarinnar að varpa ljósi á kennsluhætti á unglingsstigi og aðstöðu kennara til slíkrar kennslu. Sérstaklega var skoðað hvernig starfsaldur, menntun og þátttaka í endurmenntun tengdust beitingu verklegrar kennslu, útináms og skapandi nálgana sem rannsóknir hafa sýnt að geti eftt vísindalæsi og áhuga nemenda.

Verkleg kennsla var skilgreind sem tilraunir, sýndartilraunir og aðrar athuganir á náttúrulegum fyrirbærum. Útinám var skilgreint sem nám utan hefðbundinnar skólastofu, t.d. á skólalóð eða í nærumhverfi. Skapandi kennsla er kennsla þar sem tekið er mið af aðferðum sem hvetja til frumlegrar hugsunar og virkni nemenda, svo sem með hönnun eigin tilrauna, smíði líkana eða nýtingu listsköpunar og leikrænnar tjáningar til að skýra vísindaleg hugtök.

Í þessu samhengi var reynt að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hver er dreifingin í starfsaldri, menntun og tíðni endurmenntunar kennara í náttúruvísindum á unglingsstigi?
- Að hvaða leyti tengist menntun, starfsaldur og virkni náttúruvísindakennara í endurmenntun á greinasviðinu tíðni verklegrar kennslu, útináms og skapandi náms í náttúruvísindakennslu þeirra?
- Hvaða kennsluaðferðir eða -nálganir eru algengastar á meðal náttúruvísindakennara og að hvaða leyti samræmast þær hugmyndum þeirra um gæði kennslu innan faggreinarinnar?
- Hvaða áskorunum standa náttúruvísindakennarar helst frammi fyrir við beitingu þeirra kennsluaðferða eða -nálgana sem þeir meta mikilvægar?

## Pátttakendur

Pátttakendur í rannsókninni voru náttúrufræðikennarar á unglingastigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, valdir með markmiðsúrtaki. Rannsóknin var afmörkuð við höfuðborgarsvæðið með þann möguleika að geta stækkað úrtakið síðar út fyrir það til samanburðar. Úrtakið endurspeglar því ekki alla náttúruvísindakennara á landinu en gefur mynd af stöðu náttúruvísindakennslu á höfuðborgarsvæðinu.

## Gagnaöflun og -greining

Rannsóknin var byggð á rafrænni spurningakönnun sem innihélt bæði lokaðar og opnar spurningar og var þannig með bæði meginlegu og eigindlegu rannsóknarsniði. Lokuðu spurningarnar veittu tölfraðilega samanburðarhæf gögn um menntun, starfsaldur og kennsluhætti en opnu spurningarnar gáfu dýpri innsýn í hugmyndir og reynslu kennara. Eigindlegi þátturinn var byggður á fyrirbærafræði sem leggur áherslu á upplifun einstaklinga (Sigríður Halldórsdóttir, 2021) og var unninn með þemagreiningu samkvæmt Braun og Clarke (2022). Með þessu blandaða rannsóknarsniði var reynt að fá sem réttmætasta mynd af viðfangsefninu (McMillan og Schumacher, 2014).

Rafræn gagnaöflun fór fram í gegnum Google Forms-hlekk sem sendur var á alla grunnskóla með unglingastigi á höfuðborgarsvæðinu (46 skólar). Í upphafi óskuðu rannsakendur eftir netföngum náttúruvísindakennara á unglingastigi skólanna og bárust þá alls 30 netföng, en spurningalistinn var einnig sendur á skólana sjálfa til að tryggja fleiri þátttakendur. Könnunin var opin í sex vikur frá 25. janúar 2024 og áminning send eftir þrjár vikur. Alls svöruðu 40 kennarar, þar af 32 opnum spurningum. Þátttakendur skráðu hvorki nafn né netfang, einungis staðsetningu skóla eftir svæðum höfuðborgarsvæðisins. Við undirbúning var jafnframt hringt í alla skólana til að afla upplýsinga um fjölda náttúruvísindakennara. Samkvæmt þeim upplýsingum störfuðu 84 kennarar við náttúruvísindakennslu á unglingastigi á höfuðborgarsvæðinu og var svarhlutfall því rúm 47% í lokuðu- og hálflokuðu spurningunum og 38% í opnu spurningunum. Dreifing svarenda milli sveitarfélaga var fremur jöfn, eða 13% úr Mosfellsbæ, 15% úr Reykjavík norður, Kópavogi og Hafnarfirði, hverju um sig, og 21% úr Garðabæ og Reykjavík suður og af Seltjarnarnesi, sem talin voru saman.

Lokaðar og hálfopnar spurningar voru greindar tölfraðilega. Til að meta tengsl starfsaldurs og menntunar við beitingu verklegrar kennslu, útináms og skapandi kennslu var nýtt svokölluð röðuð lógistísk aðhvarfsgreining (e. ordinal logistic regression) í RStudio (útgáfu 4.3.2) með pakkanum MASS. Brant-próf var jafnframt notað til að athuga hvort skilyrði greiningarinnar stæðust, þ.e. hvort sambandið milli spábreytunnar (t.d. starfsaldurs eða menntunar) og líkinda þess að kennarar notuðu aðferðir oftari væri svipað í öllum flokkum breytunnar. Ef prófið sýnir há p-gildi (yfir 0,05) bendir það til þess að skilyrðin standist og að hægt sé að túlka niðurstöðurnar þannig að sambandið sé stöðugt og jafnt á milli allra flokka. Svo meta mætti tengsl starfsaldurs og menntunar við virkni í endurmenntun var notað kí-kvaðrat próf í Rstudio.

Opnu spurningarnar voru þemagreindar í sex þrepum (Braun og Clarke, 2022). Allir höfundar fóru í gegnum svörin ítrekað og greindu sameiginlega helstu mynstur og þemu sem lýstu reynslu og viðhorfum kennara.

## Styrkleikar og takmarkanir rannsóknarinnar

Þar sem rannsóknin náði eingöngu til náttúruvísindakennara á unglingsstigi á höfuðborgarsvæðinu þarf að varast að alhæfa niðurstöður á landsvísi því að aðstæður utan höfuðborgarinnar geta verið með öðru móti. Niðurstöður eru byggðar á sjálfsmati kennara og því geta þær að einhverju leyti endurspeglad persónulega upplifun frekar en raunverulega framkvæmd kennslu. Þá var áhersla lögð á þrjár tiltekna kennsluaðferðir og -nálganir í náttúruvísindum (verklega kennslu, útinám og skapandi nám) sem getur takmarkað heildarmynd af fjölbreytni kennsluhátta. Ekki er hægt að útiloka að þeir kennarar sem kusu að svara hafi að einhverju leyti verið jákvæðari gagnvart náttúruvísindum eða með sterkari faglegan bakgrunn en þeir sem svöruðu ekki. Þá kunna þær aðferðir sem beitt var við öflun netfanga kennara að hafa takmarkað dreifingu listans og dregið úr líkum á að náð væri til alls þýðis.

Þrátt fyrir framangreindar takmarkanir býr rannsóknin yfir ýmsum styrkleikum. Svarhlutfall var ásættanlegt og úrtakið nokkuð jafndreift yfir svæði og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Það ætti því að gefa nokkuð skýra mynd af stöðunni þar. Með blöndu lokaðra og opinna spurninga var unnt að sameina tölfræðilega greiningu og dýpri innsýn í viðhorf kennara, sem styrkir áreiðanleika niðurstaðna. Einnig er rannsóknin sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, samkvæmt bestu vitund höfunda, sem kortleggur notkun verklegrar kennslu, útináms og skapandi kennslu í samhengi við starfsaldur, menntun og endurmenntun, og bætir því við þekkingu á sviði náttúruvísindakennslu í íslenskum grunnskólum.

## NIÐURSTÖÐUR


Niðurstöðunum er hér skipt í fjóra meginhluta, þ.e. (1) menntun og starfsreynsla kennara, (2) kennsluhætti í náttúruvísindum, (3) tengsl starfsaldurs, menntunar og endurmenntunar við tíðni kennsluhátta og (4) hugmyndir kennara um mikilvægar kennsluaðferðir í náttúruvísindum og áskoranir tengdar þeim.

### Kennslureynsla og menntun náttúruvísindakennara á höfuðborgarsvæðinu

Þátttakendur voru spurðir hversu lengi þeir hefðu starfað sem náttúruvísindakennarar. Starfsreynsla þeirra var nokkuð dreifð (mynd 1) en hana má flokka í þrjá meginflokka. Tæpur þriðjungur (13) hafði starfað skemur en í fjögur ár, þar af 10% í minna en ár. Um 36% (14) höfðu starfað í fjögur til tíu ár og annar þriðjungur (13) var með yfir tíu ára reynslu sem náttúruvísindakennarar (mynd 1).

**Mynd 1**

*Starfsreynsla þeirra 40 kennara sem tóku þátt í rannsókninni í kennslu náttúruvísinda á unglingastigi*



Af þátttakendum höfðu 54% lokið bakkalárgráðu (B.Ed., B.A. eða B.S.), 44% meistara-gráðu (M.Ed., M.T., M.A. eða M.S.) og einn var með doktorsgráðu. Sérmenntun innan náttúruvísinda var misjöfn en 31% var með B.Ed. í kennslu náttúruvísinda, 15% M.Ed./M.T., 10% B.S. og 10% M.S. í náttúruvísindum. Um þriðjungur (33%) var ekki með neina háskólamenntun í náttúruvísindum (sjá mynd 2 A).

Kennslureynsla tengdist menntun, en flestir með yfir 10 ára reynslu voru með B.Ed. í náttúruvísindakennslu. Þeir sem voru með M.Ed./M.T.-gráðu, enga sérmenntun eða B.S./M.S./Ph.D. í náttúruvísindum voru flestir með undir 10 ára reynslu, síðastnefndi hópurinn var gjarnan með innan við fjögurra ára reynslu (tafla 1).


**Tafla 1***Fjöldi þátttakenda í hverjum mennta- og starfsreynsluflokki.*

Sérmenntun í náttúruvísindum	Heildarfjöldi þátttakenda	Starfsreynsla	Fjöldi
M.Ed./M.T. í náttúruvísindum	6	<4 ár	2
		4-10 ár	3
		>10 ár	1
B.Ed. í náttúruvísindum	12	<4 ár	1
		4-10 ár	1
		>10 ár	10
B.S./M.S./Ph.D.	9	<4 ár	5
		4-10 ár	3
		>10 ár	1
Engin	13	<4 ár	5
		4-10 ár	7
		>10 ár	1

Á mynd 2 B sést að 41% þátttakenda (17) sagðist sækja endurmenntun í náttúruvísindum árlega, 18% (7) á tveggja til þriggja ára fresti og 13% (5) sjaldnar en á þriggja ára fresti. Alls höfðu 26% (10) aldrei sótt slíka endurmenntun. Tölfræðigreining leiddi í ljós marktæk tengsl milli endurmenntunar, starfsaldurs og menntunar. Flestir kennarar með stuttan starfsaldur (<4 ár) höfðu aldrei sótt endurmenntun, en undantekning var einn sem sagðist hafa sótt fimm námskeið. Meðal kennara með yfir fjögurra ára reynslu höfðu flesti r sótt námskeið árlega eða oft, en þrír höfðu þó aldrei sótt endurmenntun. Kennarar með sérmenntun í kennslufræði náttúruvísinda, sérstaklega með B.Ed.- eða M.Ed./M.T.-gráðu, sóttu endurmenntun mun oft en þeir sem höfðu enga sérmenntun á þessu sviði. Tengslin voru marktæk bæði fyrir starfsaldur ( $\chi^2(12) = 35,07$ ,  $p < 0,001$ ) og menntun ( $\chi^2(18) = 32,35$ ,  $p = 0,02$ ), sem bendir til þess að menntun og reynsla tengist virkni í endurmenntun.

## Mynd 2

Menntunargráða (A) og virkni þeirra í endurmenntun í náttúruvísindum (B)




Flestir kennaranna sem sóttu sér endurmenntun í náttúruvísindum höfðu sótt stutt námskeið (64%), fyrirlestra (51%) eða vinnusmiðjur (39%), en færri höfðu sótt lengri námskeið (33%), ráðstefnur (31%) eða málstofur (23%). Nokkrir þátttakendur nefndu einnig að þeir hefðu aflað sér þekkingar með lestri eða samtölum við fagfólk. Einungis lítill hluti hafði sótt námskeið með áherslu á útinám (18%) eða vettvangsnám (13%). Algengustu greinarnar í endurmenntun voru eðlisfræði (62%), líffræði (59%) og umhverfisfræði (51%), en færri höfðu sótt námskeið í stjörnufræði, efnafræði og jarðfræði, og aðeins einn hafði sótt sér endurmenntun í landafræði.

## Kennsluhættir í náttúruvísindum á unglingsstigi

Þátttakendur voru beðnir að merkja við þær þrjár kennsluaðferðir og -nálganir sem þeir nýttu mest í sinni kennslu. Mynd 3 sýnir dreifingu á tíðni kennsluaðferða og -nálgana en þær algengustu voru útlustunarkennsla (64%), tilraunir eða önnur verkleg kennsla (62%) og hópvinna (59%), en einnig var vinnubókakennsla nokkuð algeng (49%).

### Mynd 3


*Stöplaritið sýnir þær kennsluáferðir og -nálganir sem þátttakendur töldu að þeir nýttu oftast í kennslu náttúruvísinda*



Af þeim kennsluáferðum og -nálgunum í náttúruvísindum sem spurt var sérstaklega um, þ.e. verklega kennslu, útinám og skapandi kennslu, reyndist verkleg kennsla oftast nýtt af kennurum. Um 56% kennaranna mátu það sem svo að þau stunduðu slíka kennslu einu sinni eða oftar í mánuði á meðan 44% sögðust nýta hana tvisvar á önn eða sjaldnar (mynd 4 A). Tíðni útináms og skapandi kennslu var umtalsvert lægri. Um 36% þátttakenda sögðust nýta útinám í náttúruvísindum tvisvar á ári eða sjaldnar, tæplega 50% sögðust sinna því einu til tvisvar sinnum á önn og rúm 15% oftar en einu sinni í mánuði (mynd 4 B). Um 15% þátttakenda sögðust beita skapandi kennslu í náttúruvísindum sjaldnar en tvisvar á ári, 56% sögðust vera með slíka kennslu einu sinni til tvisvar á önn og 28% oftar en einu sinni í mánuði (mynd 4 C).

**Mynd 4**

Mat kennara á tíðni A) verklegrar kennslu, B) útináms og C) skapandi kennslu í náttúruvísindakennslu þeirra



Tengsl starfsaldurs og menntunar og tíðni verklegrar kennslu, útináms og skapandi kennslu

Þar sem fáir kennarar voru í hverjum starfsreynsluhópi (sjá mynd 1) og því ómarktæk sýnastærð í sumum hópanna voru hóparnir sameinaðir í þrjá reynsluhópa, þ.e. <4 ár, 4-10 ár og >10 ár í starfi. Samkvæmt raðaðri lógistískri aðhvarfsgreiningu reyndist vera marktæk aukning í tíðni verklegrar kennslu og útináms með auknum starfsaldri (tafla 2, mynd 5 A og B). Brant-próf sýndi fram á samfellu í líkindahlutfalli milli flokkabreyta fyrir verklega kennslu ( $C^2 = 1,43$ ,  $p = 0,84$ ), útinám ( $C^2 = 0,27$ ,  $p = 1$ ) og skapandi kennslu ( $C^2 = 0,34$ ,  $p = 1$ ). Í stuttu máli þýðir það að sambandið milli spábreytunnar (starfsaldurs) og líkinda þess að kennarar noti aðferðir oftast er svipað í öllum flokkum breytunnar og því engin brot á þeirri reglu í gögnum rannsóknarinnar.

**Tafla 2**

*Tengsl milli starfsreynslu í náttúruvísindum og tíðni verklegrar kennslu, útináms og skapandi kennslu í náttúruvísindakennslu*


Kennsluaðferð/- nálgun	Viðmiðunar- hópur	Starfs- reynsla	β	Öryggisbil (95%)			t gildi	p gildi
				Neðri	Efri	Staðal- sekkja		
Verklegr kennsla		4-10 ár	0,05	-1,40	1,49	0,73	0,06	0,95
		>10 ár	1,63	0,12	3,25	0,79	2,05	0,04*
Útinám	<4 ár í starfi	4-10 ár	-0,19	-1,64	1,24	0,73	-0,26	0,79
		>10 ár	2,58	0,82	4,73	0,97	2,67	<0,01*
Skapandi kennsla		4-10 ár	-0,04	-1,54	1,46	0,76	-0,06	0,96
		>10 ár	-0,19	-1,71	1,32	0,77	-0,24	0,81

Taflan sýnir niðurstöður raðaðrar lógistískrar aðhvarfsgreiningar þar sem notaðar voru vaxandi raðaðar breytur. Könnuð voru tengsl stýribreytunnar starfsaldurs, frá minni starfsaldri í meiri, borið saman við röð háðra breyta um tíðni kennsluaðferða, frá lægri tíðni í hærrí. Marktækir, jákvæðir β-stuðlar gefa til kynna hvort aukin starfsreynsla, þ.e. meira en 3 ár í starfi eykur líkur á tíðni kennsluaðferðanna. \* merkir tölfræðilega marktækan mun samkvæmt p-gildi ( $p \leq 0,05$ ).

Tíðni skapandi kennslu reyndist ekki aukast marktækt með starfsaldri kennara (mynd 5 C). Áberandi var meðal flestra starfsaldurshópa að skapandi kennslu væri beitt einu sinni til tvisvar á önn.

## Mynd 5

Líkindahlutfall á tíðni A) verklegrar kennslu, B) útináms og C) skapandi kennslu með tilliti til starfsaldurs kennaranna samkvæmt raðaðri lógistískri aðhvarfsgreiningu.



Samkvæmt raðaðri lógistískri aðhvarfsgreiningu voru kennarar án sérmenntunar í náttúruvísindum, þ.e. þeir sem voru annaðhvort með enga menntun í faginu eða höfðu tekið stök námskeið á framhaldsskóla- eða á háskólastigi, ólíklegri en kennarar með háskóla-menntun í náttúruvísindum til að nota verklegar kennsluáðferðir reglulega (tafla 3). Brant-próf sýndi fram á samfellu í líkindahlutfalli milli flokkabreyta fyrir verklega kennslu ( $C^2 = 1,2$ ,  $p = 0,93$ ), útinám ( $C^2 = 1,85$ ,  $p = 0,99$ ) og skapandi kennslu ( $C^2 = 0$ ,  $p = 1$ ). Kennarar án náttúruvísindamenntunar voru líklegri til að segjast nýta verklega kennslu sjaldnar en tvisvar á ári. Kennarar með sérmenntun í náttúruvísindum, með eða án kennslufræði, voru líklegri til að bjóða upp á verklega kennslu einu sinni eða oftár í mánuði (mynd 6 A).

### Tafla 3

*Tengsl milli menntunar í náttúruvísindum og tíðni verklegrar kennslu, útináms og skapandi kennslu í náttúruvísindakennslu*

Kennsluaðferð/-nálgun	Viðmiðunarhópur	Háskólamenntun í náttúruvísindum	$\beta$	Öryggisbil (95%)		Staðalskekkja	t gildi	p gildi
				Neðri	Efri			
Verkleg kennsla		B.S./M.S./Ph.D.	2,0	0,27	3,80	0,91	2,19	0,03*
		B.Ed.	2,2	0,63	3,92	0,83	2,64	0,01*
		M.Ed./M.T.	2,0	0,24	3,93	0,93	2,16	0,03*
Útinám	Engin háskólamenntun í náttúruvís.	B.S./M.S./Ph.D.	0,65	-0,90	2,25	0,79	0,82	0,41
		B.Ed.	1,91	0,24	3,74	0,88	2,17	0,03*
		M.Ed./M.T.	0,29	-1,49	2,10	0,90	0,32	0,75
Skapandi kennsla		B.S./M.S./Ph.D.	2,84	0,98	4,96	1,00	2,84	<0,01*
		B.Ed.	0,65	-1,02	2,4	0,86	0,75	0,45
		M.Ed./M.T.	-0,14	-2,08	1,82	0,98	-0,1	0,89


Taflan sýnir niðurstöður raðaðrar lógískrar aðhvarfsgreiningar þar sem notaðar voru vaxandi raðaðar breytur. Könnuð voru tengsl stýribreytunnar menntunar, frá engri háskólamenntun í náttúruvísindum yfir í háskólapróf í faginu, með eða án kennslufræði fagsins, borið saman við röð háðra breyta um tíðni kennsluaðferðanna, frá lægri tíðni í hærrí. Marktækir, jákvæðir  $\beta$ -stuðlar gefa til kynna hvort tiltekin háskólamenntun í náttúruvísindum hefur áhrif á tíðni kennsluaðferðanna. \*merkir tölfræðilega marktækan mun samkvæmt p-gildi ( $p \leq 0,05$ ).

Tíðni útináms var ekki marktækt háð sérmenntun kennaranna, þó reyndust kennarar með B.Ed.-próf í náttúruvísindum líklegri til að segjast vera með útinám oftar. Sá hópur reyndist líklegri en aðrir kennarar til að vera með útinám einu sinni eða oftar í mánuði. Hjá öðrum var líklegast að útinám færi fram einu sinni til tvisvar á önn (tafla 3 og mynd 6 B). Eins og kemur fram í töflu 1 voru flestir kennaranna sem voru með B.Ed.-próf sem hæstu háskólagráðu í náttúruvísindum jafnframt með >10 ára starfsreynslu, sem líklega hefur áhrif á niðurstöðurnar.

Algengast var að kennarar segðust beita skapandi kennslu í náttúruvísindum einu sinni til tvisvar á önn, nema meðal hóps kennara með háskólapróf í náttúruvísindum (B.S-, M.S.-eða Ph.D.-gráðu) sem voru marktækt líklegastir til að skipuleggja slík verkefni einu sinni eða oftar í mánuði (tafla 3 og mynd 6 C).

## Mynd 6


Líkindahlutfall á tíðni A) verklegrar kennslu, B) útináms og C) skapandi kennslu með tilliti til menntunar kennaranna samkvæmt raðaðri lógistískri aðhvarfsgreiningu.



Samkvæmt raðaðri lógistískri aðhvarfsgreiningu reyndust ekki vera marktæk tengsl milli tíðni endurmenntunar kennaranna og tíðni verklegrar kennslu, útináms og skapandi náms í kennslu þeirra (mynd 7). Engu að síður sýnir mynd 7 A að þátttakendur sem höfðu ekki sótt sér endurmenntun voru ólíklegri en aðrir kennarar til að nýta verklega kennslu. Sá hópur kennara sem sótti sér endurmenntun að jafnaði einu sinni á ári reyndist vera virkasti hópurinn í verklegri kennslu þó svo að niðurstöðurnar reyndust ekki vera fyllilega marktækar (t-gildi: 1,87; b = 1,47; Staðalskekkja = 0,78; CI = -0,03–3,06; p-gildi = 0,06).

## Mynd 7

Líkindahlutfall á tíðni A) verklegar kennslu, B) útináms og C) skapandi kennslu með til-  
liti til virkni kennaranna í endurmenntun í náttúruvísindum samkvæmt raðaðri lógistískri  
aðhvarfsgreiningu.



## Hugmyndir kennara á unglingsstigi um mikilvæga kennsluhætti í náttúruvísindum

Opnu spurningunum „Hvaða kennsluaðferð/-ir telur þú mikilvægar og hvers vegna?“ og „Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þig að beita þessum kennsluaðferðum í þínum skóla og hvers vegna?“ var svarað af 32 af þeim 40 náttúruvísindakennurum sem tóku þátt í rannsókninni. Þemagreining á svörum leiddi í ljós sex meginþemu í tengslum við mikilvægar kennsluaðferðir (eða nálganir) að mati kennaranna, og þær voru: (1) Tilraunir og verkleg kennsla, (2) textavinna og hugtakaskilningur, (3) skapandi og áhugasviðsverkefni,

(4) útlíunarkennsla, (5) fjölbreyttar kennsluaðferðir og (6) útinám/úतिकennsla. Áskoranir við að beita þeim kennsluaðferðum sem kennurunum þóttu mikilvægastar snerust helst um tímaleysi sem hamlaði undirbúningi og framkvæmd, skort á aðstöðu og stærð hópa. Helstu áskoranirnar við hverja kennsluaðferð má sjá í töflu 4.

#### Tafla 4

*Meginþemu í tengslum við mikilvægar kennsluaðferðir eða -nálganir að mati kennara á unglíngastigi í kennslu náttúruvísinda. Þemunum er raðað eftir algengi þeirra í svörum kennaranna þar sem algengasta þemað er fyrst og svo koll af kalli. Fjöldi kennara og hlutfall þeirra sem nefndu hvert þema kemur fram í miðjudálki og samantekt á helstu áskorunum er í hægri dálki.*

Þema	Fjöldi kennara (%)	Helstu áskoranir í svörum kennara
Tilraunir og verkleg kennsla	17 (55)	Skortur á aðstöðu, stórir hópar, tímaleysi
Textavinna og hugtaka-skilningur	12 (39)	Tími hamlandi og lestrargeta nemenda, misjafnt áhugasvið nemenda
Skapandi og áhugasviðs-verkefni	10 (32)	Orkufrekur undirbúningur, ekki allir nemendur sem taka þau alvarlega og ójöfn geta til að vinna sjálfstætt
Útlíunarkennsla	8 (26)	Einhæfni ef of mikið notað
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	7 (23)	Stundatafla, undirbúningur og aðstaða eru takmarkandi þættir
Útinám	5 (16)	Veður, tímalengd, og krefjandi skipulag hindra.

#### *Tilraunir og verkleg kennsla*

Tilraunir og verkleg kennsla voru algengasta aðferðin sem nefnd var í svörum kennara, en 17 af 32 svarendum töldu þær aðferðir lykilatriði í náttúruvísindakennslu (tafla 4). Kennararnir sögðu verklega kennslu veita nemendum innsýn í það hvernig náttúran virkaði og hjálpa þeim að tengja fræðin við raunveruleikann, en kennari 14 talaði um að „tilraunir og verkleg kennsla þar sem nemendur taka beint þátt ... auki áhuga þeirra og geri námið líflegra og skemmtilegra“ og kennari 4 var á sama máli: „tilraunir finnast mér mjög mikilvægar í náttúrufræði til að tengja fræðin við eitthvað raunverulegt“. Margir bentu þó á áskoranir tengdar aðstöðu, tímaleysi og nemendafjöldi en samkvæmt kennara 2 „getur [verklegt] oft verið erfitt og tímafrekt ... aðstaðan er ekki frábær og stundum skortur á áhöldum eða tækjum“.

Algengara var að kennarar með undir sjö ára reynslu lýstu hindrunum og þörf fyrir stuðning eða endurmenntun í verklegri kennslu. Kennarar með yfir sjö ára reynslu töluðu fæstir um áskoranir en sumir gerðu ráð fyrir erfiðleikum og reyndu að finna lausnir innan þess ramma sem þeir búa við. Sem dæmi sagði reyndur kennari (kennari 5) um verklega

kennslu: „það er aðeins krefjandi, þarf að sækja allt tilraunadót annað og skila því til baka. Venjuleg kennslustofa býður ekki upp á flóknar tilraunir.“ Kennari 31, sem var þó með minni reynslu (4–6 ár), talaði aðeins um tækifæri en ekki áskoranir: „[Verklegt er] auðvelt þar sem náttúrugreinar eru kenndar í þeim sem gefur rýmri tíma fyrir stærri og flóknari verkefni.“

### *Textavinna og hugtakaskilningur*

Textavinna og vinnsla hugtaka var önnur algeng aðferð (12) sem kennarar töldu mikilvæga. Margir nefndu nauðsyn þess að vinna með fræðitexta og byggja upp skilning á hugtökum, eins og kennari 39 sem talaði um að mikilvægt væri að „vinna með hugtök og texta, auka lesskilning“ en kennari 1 lagði áherslu á „ritun út frá hugtökum/markmiðum heldur en að nemendur svari spurningum úr námsbók“.

Einnig komu fram áskoranir sem tengdust lestrargetu nemenda og forhugmyndum. Kennari 7 sagði: „það verður auðveldara ef sú færni er fyrir hendi að byggja ofan á það ... ef ekki er skilningur fyrir hendi er erfitt [fyrir nemendur] að sjá tengingar“.

### *Skapandi og áhugasviðsverkefni*

Skapandi verkefni, sem ýta undir sjálfstæða hugsun og áhuga, voru nefnd sem mikilvæg verkefni af 10 kennurum. Kennari 2 taldi verkefni mikilvæg sem „krefjast þess að nemendur geti aflað sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt og komið þeim upplýsingum á framfæri á eigin hátt, t.d. skapandi verkefni, áhugasviðsverkefni“ en nefndi jafnframt ýmsar hindranir í veginum:

... getur stundum verið flókið þar sem ég er alltaf með einhvern hluta sem þarf gríðarlega mikla aðstoð við að koma sér af stað, einhverjir sem koma sér ekki að verki eða sýna léleg vinnubrögð. Það fer þá rosalegur tími í að aðlaga verkefnið að þeirra áhuga og getu sem stundum skilar sér þó ekki í neinni vinnu.

### *Útlistunarkennsla*

Um fjórðungur kennara taldi mikilvægt að miðla efni með skýrum hætti í formi fyrirlestra eða útlistunarkennslu. Kennari 5 færði rök fyrir því á þann hátt „að allar upplýsingar séu aðgengilegar alltaf á internetinu ... þá breytir mjög miklu hvernig því er miðlað“, og kennari 27 talaði um að sér þættu „náttúruvísindi vera nokkuð þekkingarmiðuð“ og „beiti því útlistunarkennslu og vinnubókarvinnu mikið“.

Flestir sem nefndu þessa aðferð bentu þó á að þeir notuðu hana í bland við aðrar, eins og kennari 5 lýsir áfram: „annars finnst mér mikilvægt að hafa þetta sem fjölbreyttast, blanda saman útlistunarkennslu við útinám, leiki, tilraunir ...“.

### *Fjölbreyttar kennsluáferðir*

Sjö kennarar lögðu mikla áherslu á það í svörum sínum að nýta þyrfti fjölbreyttar áferðir til að mæta mismunandi þörfum nemenda og viðfangsefna. Þetta á við um t.d. útlistunarkennslu, hópvinnu, myndbönd, skapandi verkefni, leiki, spurnaraðferðir og vendikennslu. Nokkrir sögðu að þeir veldu áferðir eftir viðfangsefni og/eða samsetningu nemendahóps, eins og kennari 8 sagði: „Ég tel mikilvægt að hafa ólíkar áferðir til að koma efni

frá sér ... blanda saman vendikennslu og hefðbundinni kennslu.“ Kennari 3 sagðist „hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir til þess að mæta fjölbreyttum nemendahópi“ og kennari 36 að „mikilvægt [væri] að skilja og tileinka sér ákveðin hugsunarhátt og ákveðið vinnulag sem fæst með fyrirlestrar formi, vinna með texta og sjá/gera tilraunir og útskýra hvað sé að gerast“.

### Útinám

Aðeins fimm kennarar nefndu sérstaklega útinám eða útikennslu sem mikilvæga kennsluaðferð, og töldu það t.d. styrkja tengingu við náttúru og daglegt líf, eins og kennari 8 orðaði það: „... þar sem nemendur geta séð hvernig náttúran virkar í raun og veru. Þar sem þeir geta sett þekkingu í samband við daglegt líf.“

Takmarkanir við útinám/útikennslu voru nefndar og tengdust helst veðri, stífum stundatöflum og tíma fyrir undirbúning, eins og sjá má af umsögn kennara 18: „það er erfitt að fara í útikennslu vegna þess að ég er mjög bundin af stundatöflu við erum varla komin út þegar við þurfum að fara inn aftur“. Kennari 15 sagði: „myndi vilja vera meira úti við og þá í lengri tíma en stundarskrá hamlar“ og kennari 29: „Mér finnst útikennsla líka mjög mikilvæg, en hún fer helst fram á vorin og haustin (vegna veðurs) en 10. bekkur fer alltaf út einu sinni í mánuði. Svo útikennslan er talsvert oftar hjá þeim en 8. og 9. bekk“.

## Samantekt

- Allir þátttakendur höfðu lokið háskólaprófi. Um 67% þeirra voru með menntun í náttúruvísindum eða kennslufræði þeirra en 33% voru ekki með neina háskóla-menntun á sviði náttúruvísinda.
- Um 26% kennara höfðu ekki sótt sér endurmenntun í kennslu náttúruvísinda. Það voru helst kennarar án menntunar í faginu eða með stutta starfsreynslu.
- Kennarar með meiri kennslureynslu og menntun í náttúruvísindum og/eða kennslufræði þeirra voru líklegir til að beita verklegri kennslu og útinámi oftar.
- Kennurum þóttu tilraunir og verkleg kennsla hvað mikilvægastar, einkum til að tengja fræði við raunveruleikann. Útlistunarkennsla reyndist þó einna algengasta kennsluformið.
- Hindranir sem kennarar nefndu oftast í tengslum við verklega kennslu og útinám voru tímaskortur, stórir hópar og ófullnægjandi aðstaða. Minna reyndir kennarar sáu oftar hindranir og lýstu meiri þörf fyrir stuðning eða samstarf.

## UMRÆÐUR

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á reynslu og menntun þeirra sem kenna náttúruvísindi á unglingsstigi, hvaða kennsluaðferðir eða nálganir eru algengastar og hvaða þættir tengjast notkun fjölbreyttra aðferða og nálgana í kennslu faggreinarinnar. Þær sýna jafnframt ósamræmi milli þess sem kennarar vilja gera í kennslu og þess sem þeir telja raunhæft að framkvæma í skólastarfi. Umræðukaflanum er skipt í tvo meginhluta, í fyrri hlutanum er fjallað um dreifingu í menntun, starfsaldri og endurmenntun kennaranna

(rannsóknarspurning 1), en í þeim seinni er sjónum beint að kennsluaðferðum, viðhorfum kennara og helstu áskorunum (rannsóknarspurningar 2–4).

## Menntun og reynsla náttúruvísindakennara

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að sérhæfð kennslufræðimenntun kennara í náttúruvísindum getur stuðlað að betri námsárangri nemenda, svo sem auknu vísindalæsi og fjölbreyttari kennsluháttum (Hanfstingl o.fl., 2023; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014). Í þessari rannsókn voru allir þátttakendur með háskólamenntun, en aðeins um tveir þriðju höfðu lokið námi í náttúruvísindum eða kennslufræði þeirra. Er það þó hærra hlutfall en fyrir 20 árum þegar rétt tæplega 50% höfðu lokið einhverri bakkalárgráðu með áherslu á náttúruvísindi (Menntamálaráðuneytið, 2005). Úrtakið þá var þó umtalsvert stærra og náði yfir allt landið en úrtakið hér endurspeglar mögulega aðeins höfuðborgarsvæðið. Reyndari kennarar voru frekar með gráðu í kennslufræði náttúruvísinda – sem gæti stuðlað að meiri helgun í starfi – meðan kennarar með enga háskólagráðu í náttúruvísindum eða kennslufræði þeirra voru flestir með styttri starfsaldur. Gæti það bent til þess að starfið sé frekar tímabundið hjá þeim hópi. Aðeins 15% þátttakenda voru með M.Ed.- eða M.T.-gráðu í faggreininni. Rannsóknir hafa sýnt að helgun kennara í starfi tengist m.a. starfsánægju, góðum stuðningi frá skólasamfélaginu og þeim tækifærum sem kennarar fá til að þróa sig í starfi (Larkin o.fl., 2022). Menntun í náttúruvísindum og sérhæfð kennslufræðimenntun eru jafnframt mikilvægir áhrifaþættir í þessari þróun kennara og geta stuðlað að auknu sjálfsöryggi og virkni í fjölbreyttum kennsluháttum (Jón Torfi Jónasson, 2016).

Meirihluti þátttakenda hafði sótt sér endurmenntun á sviði náttúruvísinda, en algengustu formin voru stutt námskeið og fyrirlestrar. Þó slíkt geti haft jákvæð áhrif á fagþekkingu og kennsluhætti benda rannsóknir til þess að lengri og markvissari endurmenntun hafi varanlegri áhrif á kennslu og stuðli að fjölbreyttari kennsluháttum (Ha o.fl., 2015; You o.fl., 2025). Í okkar gögnum kom fram að kennarar með lengri starfsreynslu og sérhæfða menntun sóttu sér endurmenntun oftar og voru virkari í verklegri kennslu og útinámi. Þetta styður þá ályktun að aukið framboð á fjölbreyttri endurmenntun geti styrkt faglegt öryggi kennara og aukið beitingu fjölbreyttra kennsluhátta í náttúruvísindum.

## Tengsl starfsreynslu og menntunar náttúruvísindakennara og kennsluhátta þeirra

Rannsóknin bendir til almenns vilja kennara til að nýta fjölbreytta kennsluhætti í náttúruvísindum til að efla áhuga og dýpka skilning nemenda, þá sérstaklega verklega kennslu, en sýnir jafnframt þær hindranir sem takmarka framkvæmd þeirra. Kennarar í rannsókninni lýstu vilja til að nýta verklega kennslu og útinám til að virkja forvitni og áhuga nemenda, í anda þeirra sjónarmiða sem hafa komið fram í fjölda rannsókna (t.d. Cimer, 2007; Goodrum, 2020; Millar, 2004, 2010; Palmer o.fl., 2016), en lýstu því einnig hvernig tímaleysi, aðstöðuleysi og stórir hópar hindruðu reglulega beitingu þessara kennsluhátta.

Niðurstöðurnar sýndu að reyndari kennarar og þeir sem voru með menntun í náttúruvísindum nýttu verklega kennslu og útinám oftar. Skapandi verkefni virtust sjaldan nýtt þrátt fyrir að kennararnir teldu þau auka áhuga og ýta undir sjálfstæða hugsun nemenda,

eins og niðurstöður Hadzigeorgiou o.fl. (2012) og Hrafnhildar Eiðsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur (2013) benda til. Hér má sjá ákveðna togstreitu milli viðhorfa kennara til fjölbreyttrar kennslu og þess raunveruleika sem þeir starfa við þar sem tími og aðstæður takmarka möguleika þeirra til að fylgja eftir faglegum markmiðum sínum. Er það í samræmi við niðurstöður fyrri íslenskra rannsókna (t.d. Allyson MacDonald o.fl., 2008; Ingvar Sigurgeirsson o.fl., 2014; Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2022).

Ekki reyndust vera marktæk tengsl milli endurmenntunar og notkunar þeirra kennslu-aðferða sem sérstaklega voru skoðaðar í rannsókninni, þ.e. verklegar kennslu, útináms og skapandi kennslu. Niðurstöðurnar bentu þó til þess að kennarar sem hefðu sótt endurmenntun væru líklegri til að nýta sér verklega kennslu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Smith og Lindsey (2016) sem sýna að endurmenntun getur veitt kennurum gagnleg verkfæri til náttúruvísindakennslu og styrkt faglegt sjálfsöryggi þeirra. Eins og fyrr var getið reyndust þeir kennarar sem helst nýttu sér endurmenntun hafa meiri starfsreynslu og menntun í faggreininni. Þetta áréttar mikilvægi þess að auka framboð og aðgengi allra kennara að vandaðri endurmenntun til að styðja faglega þróun og fjölbreyttari kennslu-hætti í kennslu náttúruvísinda.

## LOKAORÐ

Rannsóknin sýndi að kennarar vilja leggja áherslu á verklega kennslu og fjölbreyttar kennslu-aðferðir til að efla gæði náttúruvísindanáms og mæta þörfum ólíkra nemendahópa. Hins vegar kom fram að útlistunarkennsla og bóklegt nám er áfram ráðandi í kennslunni þar sem tímaleysi eða stífar stundatöflur, skortur á aðstöðu og stærð nemendahópa takmarka möguleikann á fjölbreytni. Verkleg kennsla, útinám og skapandi verkefni eru talin efla náttúrufræðinám og jafnframt grunnþætti menntunar og lykilhæfni nemenda. Þrátt fyrir ríkan vilja kennara til að beita þessum og öðrum kennslu-aðferðum reglulega eru þessar títt nefndu áskoranir, sem rannsóknir hafa lengi bent á, enn verulega stýrandi í íslenskum grunnskólum og takmarka gæði kennslu. Staða náttúruvísindakennslu í skólum sem hér hefur verið lýst getur því skýrt að hluta slaka frammistöðu íslenskra nemenda í PISA. Kennarar þurfa aukinn stuðning, meira úrval endurmenntunar í náttúruvísindum, bættan aðbúnað eins og þekkingu á list- og verkgreinum, og skýrari forgangsröðun innan skólastarfsins til að geta nýtt fjölbreyttari aðferðir sem rannsóknir sýna að stuðla að dýpri skilningi og auknu vísindalæsi nemenda.

## HEIMILDASKRÁ

Aditomo, A. og Klieme, E. (2020). Forms of inquiry-based science instruction and their relations with learning outcomes: Evidence from high and low-performing education systems. *International Journal of Science Education*, 42(4), 504–525. <https://doi.org/10.1080/09500693.2020.1716093>

Allyson Macdonald, Auður Pálsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson. (2008). *Intentions and reality: Science and technology education in Iceland*.

- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012: Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Námsmatsstofnun. [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2012\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2012_island.pdf)
- Bennet, J. (2003). *Teaching and learning science: a guide to recent research and its applications*. Continuum.
- Birna Sigurjónsdóttir. (2015). Kennsluhættir í grunnskólum Reykjavíkur: Niðurstöður ytra mats. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2015/alm/001.pdf>
- Braun, V. og Clarke, V. (2022). *Thematic analysis: A practical guide*. Sage.
- Brynja Stefánsdóttir og Meyvant Þórólfsson. (2016). Náttúruvísindamenntun á yngri stigum skyldunáms: Viðhorf umsjónarkennara á yngsta stigi og miðstigi grunnskóla til kennslu náttúruvísinda. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(2), 239–263. <https://ojs.hi.is/index.php/tuum/article/view/2438>
- Cairns, D. (2019). Investigating the relationship between instructional practices and science achievement in an inquiry-based learning environment. *International Journal of Science Education*, 41(15), 2113–2135. <https://doi.org/10.1080/09500693.2019.1660927>
- Chala, A. A. (2019). Practice and challenges facing practical work implementation in natural science subjects at secondary schools. *Practice*, 10(31), 1–17. <https://iiste.org/Journals/index.php/JEP/article/download/50270/51936>
- Cimer, A. (2007). Effective teaching in science: A review of literature. *Journal of Turkish Science Education*, 4(1), 20–44. <https://www.tused.org/index.php/tused/article/view/657/563>
- Darlington, H. M. (2017). *Understanding and developing student interest in science: An investigation of 14–16 year-old students in England* [doktorsritgerð, University College London]. <https://discovery.ucl.ac.uk/id/eprint/10024817/>
- DeHaan, R. L. (2009). Teaching creativity and inventive problem solving in science. *CBE – Life Sciences Education*, 8(3), 172–181. <https://doi.org/10.1187/cbe.08-12-0081>
- Dillon, J., Rickinson, M., Teamey, K., Morris, M., Choi, M. Y., Sanders, D. og Benefield, P. (2006). The value of outdoor learning: Evidence from research in the UK and elsewhere. *School Science Review*, 87(320), 107–111. [https://escuelainnatura.com/wp-content/uploads/2018/05/the\\_value\\_of\\_school\\_science\\_review\\_march\\_2006\\_87320\\_141.pdf](https://escuelainnatura.com/wp-content/uploads/2018/05/the_value_of_school_science_review_march_2006_87320_141.pdf)
- Edda Elísabet Magnúsdóttir og Haukur Arason. (2025). Vísindalæsi íslenskra unglunga: Þróun árangurs í PISA skoðuð í ljósi áherslna núverandi kjarnánámsefnis. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 34(1), 117–146. <https://doi.org/10.24270/tuum.2025.34.6>
- Erla Lind Þórisdóttir. (2017). *Orðapröskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi: Hlutfall þekktra orða í náttúrufræðitexta og lesskilningur* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. <http://hdl.handle.net/1946/28485>
- Forbes, C. T., Neumann, K. og Schiepe-Tiska, A. (2020). Patterns of inquiry-based science instruction and student science achievement in PISA 2015. *International Journal of Science Education*, 42(5), 783–806. <https://doi.org/10.1080/09500693.2020.1730017>
- Garet, M. S., Porter, A. C., Desimone, L., Birman, B. F. og Yoon, K. S. (2001). What

- makes professional development effective? Results from a national sample of teachers. *American Educational Research Journal*, 38(4), 915–945. <https://doi.org/10.3102/00028312038004915>
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Háskólaútgáfan. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/228>
- Goodrum, D. (2020). Principles of effective science teaching and learning. Í V. Dawson og J. Donovan (ritstjórar), *The art of teaching science* (bls. 105–121). Routledge.
- Ha, M., Baldwin, B. C., og Nehm, R. H. (2015). The long-term impacts of short-term professional development: science teachers and evolution. *Evolution: Education and Outreach*, 8(1), 11. <https://doi.org/10.1186/s12052-015-0040-9>
- Hadzigeorgiou, Y., Fokialis, P. og Kabouropoulou, M. (2012). Thinking about creativity in science education. *Creative Education*, 3(5), 603–611. <https://doi.org/10.4236/ce.2012.35089>
- Hafþór Guðjónsson. (2011). Að verða læs á náttúrufræðitexta. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/004.pdf>
- Hanfstingl, B., Bernhard, D., Plaimauer, P. og Helm, C. (2023). Exploring the association between non-specialised science teacher rates and student science literacy: An analysis of PISA data across 18 nations. *International Journal of Science Education*, 45(18), 3060–3081. <https://doi.org/10.1080/09500693.2023.2262729>
- Hatch, T., Corson, J. og van den Berg, S. G. (2021). *The education we need for a future we can't predict*. Corwin.
- Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Sköpunarkraftur og sköpunarferli í skólalærni. *Sérrit Netlu 2013 – Fagið og fræðin*. [https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid\\_og\\_fraedin/004.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/004.pdf)
- Hulleman, C. S. og Harackiewicz, J. M. (2009). Promoting interest and performance in high school science classes. *Science*, 326(5958), 1410–1412. <https://doi.org/10.1126/science.1177067>
- Inga Lovísa Andreassen og Auður Pálsdóttir. (2014). *Útikennsla og útinám í grunnskólum*. Mál og menning.
- Ingibjörg Systa Jónsdóttir. (2023). Eitthvað fyrir alla hjá Endurmenntun. *Skólavarnið*, (1), 38–39. [https://www.ki.is/media/seopahts/sk%C3%B3lavar%C3%B0an-1tbl-2023\\_vef.pdf?mode=pad&rnd=133286207422200000](https://www.ki.is/media/seopahts/sk%C3%B3lavar%C3%B0an-1tbl-2023_vef.pdf?mode=pad&rnd=133286207422200000)
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kafli VI: Kennsluhættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri), *Starfshættir í grunnskóla við upphaf 21. aldar* (bls. 113–158). Háskólaútgáfan. <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/228>
- Jakob Frímánn Þorsteinsson. (2011). *Að leika, læra og þroskast úti: Um útilíf, úti- og ævin-tyranám í frístundum og skólalærni*. Áskorun.
- Johnson, C. C., Kahle, J. B. og Fargo, J. D. (2007). Effective teaching results in increased science achievement for all students. *Science Education*, 91(3), 371–383. <https://doi.org/10.1002/sce.20195>
- Jón Torfi Jónasson. (2016). Educational change, inertia and potential futures: Why is it difficult to change the content of education? *European Journal of Futures Research*, 4(1), 7. <https://doi.org/10.1007/s40309-016-0087-z>

- Kaptan, K. og Timurlenk, O. (2012). Challenges for science education. *Procedia – Social and Behavioral Sciences*, 51, 763–771. <https://doi.org/10.1016/j.sbspro.2012.08.237>
- Kristín Norðdahl og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2016). ‘Let’s go outside’: Icelandic teachers’ views of using the outdoors. *Education 3–13*, 44(4), 391–406. <https://doi.org/10.1080/03004279.2014.961946>
- Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson. (2018). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Háskólaútgáfan.
- Larkin, D. B., Brantley-Dias, L., Buxton, C. A., Bianchini, J. A. og Barton, A. C. (2022). Examining the retention of science teachers through a person-position fit framework. *Journal of Science Teacher Education*, 33(6), 615–635. <https://doi.org/10.1002/tea.21757>
- Liebeck-Lien, B., Chiriach, E. H. og Davidson, N. (2023). Teachers’ professional development for cooperative learning: A constructive controversy between long-term versus short-term professional development. *Autonomy and Responsibility Journal of Educational Sciences*, 8(1), 65–82. <https://doi.org/10.15170/AR.2023.8.1.5>.
- McMillan, J. H. og Schumacher, S. (2014). *Research in education: Evidence-based inquiry* (7. útgáfa). Pearson.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Náttúrugreinar*.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Menntun kennara í stærðfræði og náttúrufræðigreinum í grunn- og framhaldsskólum 2003–2004*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2005/02/28/Menntun-kennara-i-staerdfraedi-og-natturufraedigreinum-i-grunn-og-framhaldsskolum-2003-2004-samantekt-ur-upplýsingaoflun-menntamalaraduneytisins/>
- Menntamálastofnun. (2017). *Helstu niðurstöður PISA 2015*. [https://mms.is/sites/mms.is/files/helstu\\_nidurstodur\\_pisa\\_2015\\_prent\\_-\\_loka\\_0.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/helstu_nidurstodur_pisa_2015_prent_-_loka_0.pdf)
- Menntamálastofnun. (2019). *PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi*. [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2018\\_helstu\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf)
- Menntamálastofnun. (2023). *PISA 2022: Helstu niðurstöður á Íslandi*. [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2022\\_helsta\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf)
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.). *Aðalnámskrá: Grunnskóli: Kafli 22 – Náttúrugreinar*. <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-22-natturugreinar-2024>
- Millar, R. (2004). *The role of practical work in the teaching and learning of science*. The University of York. [https://sites.nationalacademies.org/cs/groups/dbassesite/documents/webpage/dbasse\\_073330.pdf](https://sites.nationalacademies.org/cs/groups/dbassesite/documents/webpage/dbasse_073330.pdf)
- Millar, R. (2010). Practical work. Í J. Osborne og J. Dillon (ritstjórar), *Good practice in science teaching: What research has to say* (bls. 108–134). McGraw-Hill Education.
- Oliveira, H. og Bonito, J. (2023). Practical work in science education: A systematic literature review. *Frontiers in Education*, 8, 1151641. <https://doi.org/10.3389/educ.2023.1151641>
- Palmer, D. H., Dixon, J. og Archer, J. (2016). Identifying underlying causes of situational interest in a science course for preservice elementary teachers. *Science Education*, 100(6), 1039–1061. <https://doi.org/10.1002/sce.21244>

- Prince, H. E. (2018). Changes in outdoor learning in primary schools in England, 1995 and 2017: Lessons for good practice. *Journal of Adventure Education and Outdoor Learning*, 19(4), 329–342. <https://doi.org/10.1080/14729679.2018.1548363>
- Rúnar Sigbórsson. (2008). *Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/1973>
- Samband íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands. (2023). *Kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, 1. apríl 2023 – 31. maí 2024*. <https://www.ki.is/media/rdmpukhh/kjarasamningur-1-apr%C3%AD-2023-31-ma%C3%AD-2024.pdf>
- Science and Technology Committee. (2002). *Third report: Science education from 14 to 19*. <https://publications.parliament.uk/pa/cm200102/cmsselect/cmsstech/508/50804.htm>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 191–204). Háskólaútgáfan.
- Silverman, M. P. (2015). Motivating students to learn science: A physicist's perspective. *Creative Education*, 6(18), 1892–1992. <https://doi.org/10.4236/ce.2015.618203>
- Škoda, J., Doulík, P., Bílek, M. og Šimonová, I. (2016). Learning style as a factor influencing the effectiveness of the inquiry-based science education at lower secondary schools. *Journal of Baltic Science Education*, 15(5), 588–601. <https://doi.org/10.33225/jbse/16.15.588>
- Smith, K. og Lindsay, S. (2016). Building future directions for teacher learning in science education. *Research in Science Education*, 46, 243–261. <https://doi.org/10.1007/s11165-015-9510-x>
- Supovitz, J. A. og Turner, H. M. (2000). The effects of professional development on science teaching practices and classroom culture. *Journal of Research in Science Teaching*, 37(9), 963–980. [https://doi.org/10.1002/1098-2736\(200011\)37:9%3C963::AID-TEA6%3E3.0.CO;2-0](https://doi.org/10.1002/1098-2736(200011)37:9%3C963::AID-TEA6%3E3.0.CO;2-0)
- Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir. (2022). Kennsluhættir náttúrufræða í skyldunámi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 31(2), 23–44. <https://doi.org/10.24270/tuom.2022.31.7>
- You, H., Park, S., Hong, M., & Warren, A. (2025). Unveiling effectiveness: A meta-analysis of professional development programs in science education. *Journal of Research in Science Teaching*, 62 (4) 971-1005. <https://doi.org/10.1002/tea.21985>

Greinin barst tímaritinu 24. nóvember 2024 og var samþykkt til birtingar 24. ágúst 2025.

## UM HÖFUNDANA

Edda Elísabet Magnúsdóttir (eddaem@hi.is) er lektor í líffræði við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknaráherslur hennar snúast einkum um gæði í náttúruvísindakennslu með áherslu á útinám og sjálfbærni. Edda sinnir um þessar mundir rannsókn um sjálfbæra kennsluþróun í náttúruvísindum og einnig vinnur hún að rannsókn á viðhorfi kennaranema til sjálfbærnimenntunar og loftslagsbreytinga. Hún sinnir einnig rannsóknum í sjávarvistfræði með áherslu á vistfræði hvala og er virk í miðlun þeirra vísinda til almennings. <https://orcid.org/0000-0001-8281-4232>

Aðalheiður Jóna Magnúsdóttir (ajm9@hi.is) er meistaranemi við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknarefni bakkalárverkefnis hennar, vorið 2024, fjallaði um starfshætti náttúruvísindakennara í grunnskólum, þar sem áhersla var lögð á tilraunir og verklega kennslu, skapandi kennslu og útinám. Áhugasvið hennar hefur verið að efla færni sína og nemenda í námi með mismunandi leiðum í kennslu. Aðalheiður hefur einnig tekið þátt í samnorrænum náttúruvísindanámskeiðum á vegum Háskóla Íslands.

Magdalena Ósk Bjarnþórsdóttir (mob14@hi.is) er meistaranemi við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárverkefni sínu vorið 2024, sem fjallaði um starfshætti náttúruvísindakennara í grunnskólum, þar sem áhersla var lögð á tilraunir og verklega kennslu, skapandi kennslu og útinám. Magdalena hefur haft brennandi áhuga á náttúruvísindum frá unga aldri og hefur sótt ýmis samnorræn náttúruvísindanámskeið á vegum Háskóla Íslands til að dýpka þekkingu sína og efla faglega færni.

## Teacher Education, Experience, and Professional Development in Science Education: Connections with Diverse Teaching Practices

This study examines the teaching practices, educational backgrounds, and professional development of lower secondary science teachers in the capital area of Iceland, exploring how these factors relate to the use of diverse teaching methods that can enhance student engagement and scientific literacy. The research was motivated by declining PISA results in science literacy among Icelandic students, highlighting the need to promote active and varied learning strategies, with emphasis on practical work, outdoor education, and creative tasks. These three teaching approaches were selected based on research demonstrating their effectiveness in science education and their strong alignment with the objectives of the Icelandic National Curriculum, which emphasizes e.g. active engagement, environmental awareness, and creative thinking. Using a mixed-methods approach with survey data from science teachers in the whole of Reykjavík capital area, the study analysed how teaching experience and educational qualifications influence teachers' participation in professional development and their implementation of the aforementioned instructional methods.

Results indicate that while all participants held university degrees, only two-thirds had studied science or science education, with more experienced teachers often holding a B.Ed. in science education, while those with a science degree but without pedagogical training tended to have shorter teaching experience, suggesting temporary engagement in teaching. Participation in professional development was linked to more frequent use of practical activities and diverse methods, yet around 26% of teachers had not engaged in any science-specific professional development, highlighting gaps in opportunities or accessibility. Teachers expressed a willingness to use diverse instructional practices to support student learning but faced barriers such as limited time, large class sizes, and inadequate facilities, which restricted regular application of these practices. More experienced and specialised teachers were more likely to incorporate practical and outdoor learning activities. Outdoor learning and creative projects were less frequently utilised despite their recognised value in supporting student interest and deeper conceptual understanding. These findings align with international research demonstrating that teachers' subject knowledge and pedagogical expertise are critical for high-quality science teaching and for fostering students' scientific literacy and interest. The study underlines the need to expand access to professional development opportunities and provide supportive school structures that enable teachers to consistently implement varied teaching practices, aligned with curriculum objectives and promoting student success in science. This research contributes to a deeper understanding of how teacher education, experience, and professional development interact to shape science teaching practices, offering evidence-based recommendations for policymakers, school leaders, and teacher educators seeking to improve science education at the lower secondary level in Iceland.

Keywords: science education, practical lessons, outdoor education, creative education, scientific literacy

## ABOUT THE AUTHOR / AUTHORS

Edda Eísabet Magnúsdóttir (eddaem@hi.is) is an assistant professor in biology at the Department of Subject Teacher Education at the School of Education, University of Iceland. Her research focuses on quality in science education, emphasising outdoor learning and sustainability. Edda studies sustainable teacher development and student teachers' attitudes towards sustainability education and climate change. Additionally, Edda studies the ecology of marine mammals and actively communicates science to the public. <https://orcid.org/0000-0001-8281-4232>

Aðalheiður Jóna Magnúsdóttir (ajm9@hi.is) is a master's student at the Department of Subject Teacher Education at the School of Education, University of Iceland. Her bachelor's thesis, completed in the spring of 2024, focused on the practices of science teachers in elementary schools, emphasising practical and creative teaching and outdoor learning. Her area of interest has been enhancing her skills and students' learning through various teaching methods. She has participated in Nordic science courses on sustainability education.

Magdalena Ósk Bjarnþórsdóttir (mob14@hi.is) is a master's student at the Department of Subject Teacher Education at the School of Education, University of Iceland. Her bachelor's thesis, completed in the spring of 2024, focused on the practices of science teachers in elementary schools, emphasising practical and creative teaching and outdoor learning. Her area of interest has been enhancing her skills and students' learning through diverse teaching methods. She has attended various Nordic science courses on sustainability to improve her professional skills.

# LAUNAÐ STARFSNÁM Í LEIKSKÓLAKENNARA-FRÆÐI: REYNSLA LEIÐSAGNARKENNARA OG LEIKSKÓLASTJÓRA

Launað starfsnám hefur staðið nemendum á lokaári í kennaranámi til boða frá haustinu 2019. Í fyrri rannsókn var reynsla nema af launuðu starfsnámi skoðuð. Þar kom fram að þeir voru ánægðir með starfsnámið og töldu helsta ávinninginn felast í aukinni fagmennsku. Niðurstöðurnar sýna þó að um fjórðungur nema taldi sig sjaldan eða aldrei hafa fengið þá leiðsögn sem lagt er upp með í samningi um launað starfsnám. Í þessari rannsókn var markmiðið að kanna reynslu leiðsagnarkennara og leikskólastjóra af starfsnáminu. Gögnum var safnað með rýnihópavíðtölum við leiðsagnarkennara og leikskólastjóra sem höfðu sinnt leikskólakennaranemum í launuðu starfsnámi. Spurt var um sýn á eigið hlutverk í starfsnáminu og reynslu þátttakenda af því. Leiðsagnarkennararnir töldu hlutverk sitt einkum felast í því að styðja nemann í starfi en leikskólastjórar áttu erfiðara með að átta sig á sínu hlutverki. Niðurstöðurnar sýna fram á ávinning af launuðu starfsnámi, fyrir nemann, leiðsagnarkennarann og faglegt starf leikskólans.

Efnisorð: leiðsagnarkennari, leikskólastjóri, launað starfsnám, vettvangsnám, leikskólakennaranám

## INNGANGUR

Launað starfsnám á lokaári kennaranáms var sett á fót héraðs haustið 2019 sem liður í fimm ára átaki stjórnvalda til að bregðast við kennaraskorti (Lilja Alfreðsdóttir, e.d.). Launað starfsnám er 50% starf við kennslu í leik- eða grunnskóla, eftir sérhæfingu nemans á skólastig, undir leiðsögn leiðsagnarkennara á vettvangi og háskólakennara. Starfsnámið er metið til 30 ECTS-eininga í kennaranáminu. Í skjali frá Stjórnarráði Íslands (2021) um fyrirkomulag launaðs starfsnáms kennaranema segir að markmið launaðs starfsnáms sé að „auka hæfni kennaranema til að takast á við áskoranir kennarastarfsins að námi loknu sem eykur líkur á farsælum starfsferli og stuðlar að ríkari tengslum háskóla við starfsvettvang“. Í sama skjali er farið yfir hlutverk og ábyrgð ólíkra aðila sem koma að starfsnáminu; háskóla, kennaranemans, skólastjórnenda, leiðsagnarkennara, sveitarfélaga,

Kennarasambands Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Málefni háskóla, þar á meðal launað starfsnám, færðust síðan undir nýtt ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar í febrúar 2022.

Hlutverk og ábyrgð háskóla felst í að útvega nemum vettvang fyrir starfsnámið í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag. Þá er fagleg ábyrgð á starfsnáminu og námskeiðum sem tilheyra því einnig í höndum háskóla. Umsjónarkennarar námskeiða og verkefnastjóri starfsnáms eru í sambandi við nema, leiðsagnarkennara og skólastjórnendur og boða til samráðs eftir þörfum. Kennaraneminn ber sjálfur ábyrgð á námi sínu og starfi innan skólans, auk þess sem hann skal hafa frumkvæði að því að finna stöðu fyrir starfsnámið. Leiðsagnarkennari skal hafa leyfisbréf kennara og að lágmarki þriggja ára starfsreynslu en ekki er gerð krafa um að hann hafi menntað sig sérstaklega fyrir hlutverkið. Lítið er fjallað um hlutverk og ábyrgð leiðsagnarkennara fyrir utan það að þeir skulu veita nemunum faglega og persónulega leiðsögn sem nemur að lágmarki sex klukkustundum á mánuði. Skólastjórnandi ber ábyrgð á skipulagi starfsnámsins innan síns skóla og hann skal velja leiðsagnarkennara úr hópi kennara skólans, í takt við sérhæfingu kennaranemans (Stjórnarráð Íslands, 2021). Nánar verður fjallað um hlutverk leiðsagnarkennara og skólastjórnenda í umfjöllun um fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar. Hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis (áður mennta- og menningarmálaráðuneytis) snúa einkum að því að útvega stöður fyrir launað starfsnám, kynna fyrirkomulagið, leggja áherslu á mikilvægi kennaranema í skólasamfélaginu og að fylgja verkefninu eftir (Stjórnarráð Íslands, 2021).

Hérlendis bjóða tveir háskólar upp á heildstætt fimm ára kennaranám sem samanstendur af 180 eininga grunnnámi og 120 eininga framhaldsnámi; Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Báðir háskólarnir bjóða leikskólakennaranám þar sem nemandinn sérhæfir sig í leikskólastiginu. Kennaranáminu lýkur með meistaraþráðu sem veitir réttindi til leyfisbréfs kennara. Fyrirkomulagi launaðs starfsnáms í leikskólakennaranámi ræður hvor háskóli fyrir sig. Við báða háskólana ígrunda nemendur ferlið sem þeir fara í gegnum í starfsnáminu og hvernig fagmennska þeirra þróast jafnt og þétt. Þetta er gert í samvinnu við Umsjónarkennara sem styður nemann og leiðbeinir honum við ígrundunina (Háskóli Íslands, e.d.-a; Háskólinn á Akureyri, 2022). Starfsnámið tengist tveimur námskeiðum á lokaári í meistaranáminu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem nemendur fara í gegnum ferli starfendarannsóknna og vinna að eigin starfsþróun og umbótastarfi í leikskóla (Háskóli Íslands, e.d.-a), en við Háskólann á Akureyri er starfsnámið óháð tilteknum námskeiðum og nemendur vinna verkefni sem miða að því að þeir ígrundi eigið starf, bæði einir og í samvinnu við aðra nema og/eða leiðsagnarkennara (Háskólinn á Akureyri, 2022). Vert er að taka fram að nemendur á lokaári eru ekki skyldugir til að taka launað starfsnám því þeir geta einnig valið þá leið að taka hefðbundið vettvangsnám utan eigin vinnustaðar, í fimm vikur á haustmisseri og sex vikur á vormisseri (Háskóli Íslands, e.d.-a; Háskólinn á Akureyri, 2022).

Í þessari rannsókn var markmiðið að varpa ljósi á reynslu leiðsagnarkennara og leikskólastjóra af launuðu starfsnámi í þeim tilgangi að þróa og bæta fyrirkomulagið. Segja má að rannsóknin komi í framhaldi af fyrri rannsókn höfunda þar sem sjónum var beint að reynslu og viðhorfum nema sem höfðu farið í gegnum starfsnám í leikskólakennaranámi (Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk, 2024). Mikilvægt er að skoða reynslu

allra aðila sem koma að launuðu starfsnámi, þróa fyrirkomulag þess í takt við þá reynslu og mæta þörfum ólíkra aðila eins og hægt er. Rannsóknarspurningarnar sem leiddu rannsóknina voru: Hver er reynsla leiðsagnarkennara og leikskólastjóra af launuðu starfsnámi á lokaári í leikskólakennaranámi? Hvernig líta þeir á eigið hlutverk í starfsnáminu?

## FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Byggt er á umfjöllun um hlutverk leiðsagnarkennara og stjórnenda í launuðu starfsnámi í kennaranámi og farið er yfir helstu niðurstöður fyrri rannsókna á þessu sviði.

### Hlutverk leiðsagnarkennara og reynsla af leiðsögn

Leiðsögn sem nemandi fá getur haft áhrif á faglega hæfni þeirra og getu til að tengja saman fræði og starf (Nolan og Molla, 2018) og því þarf að huga vel að tækifærum þeirra til að yfirfæra bóklega þekkingu yfir á daglegt starf (Røys, 2017). Spooner-Lane (2017) bendir á að í gegnum tíðina hafi verið litið á leiðsögn út frá ólíkum sjónarhornum, annars vegar hafi verið litið á hana sem stuðning og hvatningu og hins vegar sem stjórnun og mat á frammistöðu. Ragnhildur Bjarnadóttir (2015) segir að leiðsögn sé samskiptaferli yfir afmarkað tímabil þar sem markmiðið sé að efla starfshæfni og fagmennsku þess sem nýtur leiðsagnar. Þá er stefnt að því að neminn verði smám saman fær um að bera ábyrgð á eigin ákvörðunum og athöfnum. Góð leiðsögn hefur jákvæð áhrif á nemann og jafnframt áhrif á starf og þróun skóla (Røys, 2017).

Samkvæmt Spooner-Lane (2017) er það hlutverk leiðsagnarkennara að styðja og leiðbeina kennaranema og nýliða í starfi á faglegan og persónulegan hátt. Þessi áhersla birtist einnig í skjali Stjórnarráðs Íslands frá 2021 þar sem farið er yfir hlutverk og ábyrgð þeirra sem koma að launuðu starfsnámi kennaranema, en þar kemur fram að kennaranemi eigi rétt á bæði faglegri og persónulegri leiðsögn hjá leiðsagnarkennara (Stjórnarráð Íslands, 2021). Smith og Ulvik (2015) segja að eitt meginhlutverk leiðsagnarkennara sé að styðja nemann í því að nálgast eigin þekkingu og yfirfæra hana á starfshætti sína á vettvangi. Hlutverk leiðsagnarkennara felst þá til dæmis í því að styðja nemann inn í heim fagmennskunnar, vera ráðgjafi sem hlustar og sýnir samkennd, hvetja nemann ef hann skortir kjark og vera fyrirmynd. Þá hefur verið bent á að mikilvægt sé að leiðsagnarkennarinn sé meðvitaður um áhrif sín á faglegan þroska kennaranemans (Smith, 2015). Rannsókn Nolan og Molla (2018) leiddi í ljós að öruggt námsumhverfi, þar sem áhersla er lögð á samstarf nemans og leiðsagnarkennarans, ýti undir nám nemans og skapi forsendur til að æfa gagnrýna hugsun. Góð endurgjöf í leiðsögn eykur jafnframt líkurnar á að neminn bæti við sig færni (Keiler o.fl., 2020). Nyckel og félagar (2020) benda á að hæfni leikskólakennaranema til að ígrunda og tengja saman fræði og starf byggist meðal annars á reynslu þeirra úr vettvangsnámi.

Fræðimenn benda á að leiðsögn sé árangursríkust þegar leiðsagnarkennarinn gefur sér tíma til reglulegra faglegra samtala þar sem neminn fær bæði stuðning og endurgjöf (Grimmett o.fl., 2018; Mena o.fl., 2017; Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015; Spooner-Lane, 2017). Hér er átt við samtal þar sem leiðsagnarkennari og nemi læra saman og áhersla er á virka hlustun, skýra tjáningu og gagnrýna ígrundun (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015).

Rannsókn á leiðsögn nýliða í kennararastarfi sýnir einnig fram á mikilvægi markvissrar og reglulegrar leiðsagnar, vikulega eða oftar, hún hafi bein áhrif á kennslutengda þætti sem nýliðar takast á við (María Steingrimsdóttir og Guðmundur Engilbertsson, 2018). Þá er mikilvægt að leiðsagnarkennarinn líti á sig sem kennara sem kennir kennaranemanum. Um leið þarf neminn að finna að leiðsagnarkennarinn sé tilbúinn að veita honum persónulegan stuðning (Grimmett o.fl., 2018; Stjórnarráð Íslands, 2021).

Þó svo að reynsla af kennarastarfi sé mikilvæg í leiðsögn benda rannsóknir til þess að leiðsagnarkennarar sem lokið hafa formlegu námi eða þjálfun í leiðsögn séu betur í stakk búnir en aðrir til að styðja nám kennaranema. Þeir hafi meiri skilning á því hvað felst í leiðsögninni og kenningum sem liggja þar að baki (Birna Svanbjörnsdóttir o.fl., 2020; Butler og Cuenca, 2012; Leshem, 2014; Russell og Russell, 2011). Slík menntun felur í sér þekkingu á kennslufræði, samskiptahæfni og kerfisbundnum stuðningi. Jafnframt hefur verið bent á mikilvægi þess að háskólar setji fram skýr viðmið um hlutverk leiðsagnarkennara, m.a. varðandi lágmarksfjölda leiðsagnarstunda (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2015). Við Háskóla Íslands er boðið upp á meistaranám í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf. Skilyrði fyrir inntöku á námsleiðina er að viðkomandi hafi leyfisbréf til kennslu og að lágmarki tveggja ára starfsreynslu sem kennari. Einnig er boðið upp á 30 og 60 ECTS viðbótardiplómanám þar sem hægt er að velja kjörsviðið starfstengda leiðsögn og kennsluráðgjöf. Meginmarkmið námsins er að efla leiðsagnarhæfni þerra sem annast starfstengda leiðsögn og ráðgjöf fyrir kennara og skóla (Háskóli Íslands, e.d.-b). Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á 60 ECTS viðbótardiplómanám sem heitir Kennsluráðgjöf og starfsþróun og þar eru námskeið sem tengjast leiðsögn (Háskólinn á Akureyri, e.d.).

## Hlutverk leikskólastjóra og tengsl við háskóla

Lítið er fjallað um hlutverk skólastjórnenda í tengslum við launað starfsnám í kennaranámi og engar rannsóknir fundust á því meðan unnið var að þessari rannsókn. Í skjali frá Stjórnarráði Íslands (2021) um fyrirkomulag launaðs starfsnáms kennaranema er fjallað um hlutverk og ábyrgð skólastjórnenda og leiðsagnarkennara. Þar segir að skólastjórnandi beri ábyrgð á skipulagi starfsnámsins og vinnuramma kennaranema í samvinnu við háskóla. Hann geri ráðningarsamning við nemann og velji leiðsagnarkennara úr hópi kennara, með hliðsjón af sérhæfingu nemans. Þá sé það í höndum skólastjóra að gæta þess við skipulagningu starfsins að neminn geti sinnt námi sínu samhliða starfi (Stjórnarráð Íslands, 2021).

Samstarf og viðurkenning á hlutverki leiðsagnarkennara eru lykilþættir í árangursríkri leiðsögn. Mikilvægt er að skólasamfélagið í heild viðurkenni hlutverk og sérfræðiþekkingu leiðsagnarkennarans svo að leiðsögnin nýtist sem best (Leshem, 2014). Í þessu samhengi skiptir stuðningur skólastjórnenda miklu, til dæmis með því að gefa leiðsagnarkennara tiltekinn tíma til að sinna leiðsagnarhlutverkinu (Shanks o.fl., 2022).

Skýr samskipti milli skóla og háskóla eru jafnframt lykilatriði svo að tengja megi saman það sem kennaraneminn lærir í háskóla og starfsnámið (Butler og Cuenca, 2012; Grimmett o.fl., 2018). Fyrri rannsóknir benda þó til þess að samstarfinu sé ábótavant og gjarnan stýrt af háskólunum. Þá virðast aðrir hagsmunaaðilar vera óvirkir og óvissir um hlutverk sitt (Svava Björg Mörk, 2022; Svava Björg Mörk og Arna H. Jónsdóttir, 2022). Þetta sýnir

vel mikilvægi skýrra samskipta og skilnings á hlutverki og ábyrgð hvers og eins eigi nám og leiðsögn á vettvangi að nýtast sem best. Kupila og félagar (2023) benda á að þegar samstarf milli háskóla og vettvangs er veikt geti það reynst kennaranemum erfitt. Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að háskólakennarar kynnist leikskólastarfi og virði sérþekkingu leiðsagnarkennarans. Einnig þurfi háskólakennarar að átta sig á fjölbreytileika í starfsemi leikskóla svo bæði nemar og leiðsagnarkennarar fái notið stuðnings við ólíkar aðstæður.

## Reynsla af launuðu starfsnámi

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á launuðu starfsnámi í kennaranámi en þær sýna þó að launað starfsnám getur reynst kennaranemum gagnlegt, ekki síst vegna þess að það gefur þeim tækifæri til að yfirfæra bóklega þekkingu á raunverulegt starf á vettvangi (sjá Henning, 2018; Ingibjörg Ósk Sigurdardóttir og Svava Björg Mörk, 2024; Røys, 2017). Henning (2018) komst að þeirri niðurstöðu að launað starfsnám væri hagkvæmt fyrir bæði kennaranema og skóla; nemarnir nyttu góðs af aukinni reynslu og skólarnir fengju viðbótarstarfskraft. Hins vegar er bent á mikilvægi þess að skólarnir sem taka við nemum sinni leiðsögninni vel og líti ekki á nemana einungis sem afleysingakennara. Slík fagleg leiðsögn er einnig hagsmunamál skólanna sjálfra þar sem hún getur haft jákvæð áhrif á starf og þróun þeirra (Røys, 2017).

Í fyrri rannsókn höfunda þar sem sjónum var beint að reynslu leikskólakennaranema af launuðu starfsnámi kom fram að þeir voru ánægðir með launaða starfsnámið og upplifðu töluverðan ávinning af því með aukinni fagmennsku. Þá kom fram að nemendur voru ánægðir með samskipti við leiðsagnarkennara og leikskólastjóra og með þá leiðsögn sem þeir fengu, og að hún hefði nýst þeim til að tengja saman fræði og starf. Að geta leitað til leiðsagnarkennara með mikla starfsreynslu var eitt af því sem stóð upp úr í launaða starfsnáminu að mati margra. Nokkrir bentu á að tryggja þyrfti að leiðsagnarkennarinn hefði áhuga á hlutverki sínu og legði sig fram við að sinna því vel. Um fjórðungur nemenda taldi sig þó sjaldan eða aldrei hafa fengið viðeigandi leiðsögn í starfsnáminu, þ.e. í að lágmarki sex klukkustundir á mánuði (Ingibjörg Ósk Sigurdardóttir og Svava Björg Mörk, 2024). Þá sýndi rannsókn Berglindar Gísladóttur og félaga (2023) að grunnskólakennaranemar í launuðu starfsnámi töldu ekki vera nægilegt samhengi milli námskeiða og vettvangsnámsins og að þeir hefðu ekki fengið næg tækifæri til að æfa kennsluáðferðir og tengja fræði og starf. Berglind og félagar vara við þeirri hættu að launað starfsnám verði að almennri kennarastöðu vegna álags og ábyrgðar og hindri þannig tengingu við kennaranámið. Niðurstöður þessara rannsókna sýna því fram á mikilvægi þess að skoða reynslu leiðsagnarkennara af launaða starfsnáminu.

## AÐFERÐAFRÆÐI: RANNSÓKNARSNIÐ

Rannsóknin er eigindleg, en í slíkum rannsóknum er leitast við að skilja og lýsa ákveðnu viðfangsefni og ná heildarmynd af því. Eigindlegar rannsóknir ganga út á að skilja fyrirbærið sem rannsakað er en ekki er reynt að spá fyrir um eitthvað sem verður seinna (Siguríður Halldórsdóttir, 2021).

## Gagnaöflun og þátttakendur

Viðtöl henta vel þegar markmiðið er að skoða viðhorf og reynslu fólks, eins og gert var í þessari rannsókn (Helga Jónsdóttir, 2021). Gögnum var safnað á tímabilinu júní 2023 til mars 2024. Alls voru tekin tólf einstaklings- og rýnihópaviðtöl; sjö við leiðsagnarkennara og fimm við leikskólastjóra. Í hverju viðtali voru einn til þrjú viðmælendur. Þátttakendur fengu að velja um að mæta á staðinn eða taka þátt í gegnum fjarfundabúnað. Niðurstaðan varð sú að fjögur viðtöl voru tekin í húsnæði Menntavísindasviðs og átta í gegnum Zoom.

Viðtölin voru hálfopin (e. semi-structured) (Helga Jónsdóttir, 2021) og stuðst var við viðtalsramma þar sem spurt var um hlutverk þátttakenda í launuðu starfsnámi, leiðsagnar-samtöl við nema, samstarf við háskóla og ávinning af launuðu starfsnámi.

Þátttakendur í rannsókninni voru tólf leiðsagnarkennarar og níu leikskólastjórar, alls 21 viðmælandi. Engir voru úr sama skóla og þeir voru víða að af landinu. Þátttakendur voru valdir af handahófi með einföldu slembiúrtaki (e. simple random sample) (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2021) af lista yfir leiðsagnarkennara og leikskólastjóra sem höfðu tekið þátt í launuðu starfsnámi síðan það hófst haustið 2019. Leiðsagnarkennararnir höfðu töluvert langa starfsreynslu sem leikskólakennarar, eða frá 10 árum upp í 30 ár. Þrjú þeirra höfðu leiðsagt einum nema í launuðu starfsnámi en aðrir höfðu haft fleiri nema í leiðsögn, allt upp í sex nema yfir fimm ára tímabilið. Leikskólastjórnarnir sem tóku þátt höfðu starfað í 7–34 ár sem slíkir.

## Gagnagreining

Við gagnagreiningu var notuð þemagreining þar sem markmiðið var að finna mynstur og þemu í svörum þátttakenda (Braun og Clarke, 2012, 2013). Byrjað var á að skipuleggja gögnin til að einfalda frekari vinnu með þau og setja saman svör við hverri spurningu. Næsta skref fólst í því að kóða svörin úr hverri spurningu út frá markmiði rannsóknarinnar og rannsóknarspurningum. Þriðja skrefið var að finna mynstur í svörum þátttakenda og greina þemu. Þemun sem birtust voru: Leiðsögn – hlutverk leiðsagnarkennara og leikskólastjóra, reynsla af samstarfi við háskóla og ávinningur af launuðu starfsnámi. Loka-skrefið í gagnagreiningunni fólst í að setja fram niðurstöðurnar í takt við þemun sem birtust.

## Siðferðisleg atriði rannsóknarinnar og takmarkanir

Allir þátttakendur veittu upplýst samþykki áður en viðtal fór fram. Þar var þeim gerð grein fyrir markmiði rannsóknarinnar, hvað fælist í þátttökunni og að þeir gætu hætt þátttöku sinni á öllum stigum rannsóknarinnar. Einnig var þeim lofað að gögnin yrðu ekki persónu- rekjanleg. Öllum þátttakendum voru gefin gervinöfn sem notuð eru í gagnaúrvinnslu.

Vert er að árétta að niðurstöður rannsóknarinnar lýsa aðeins reynslu fárra leiðsagnarkennara og leikskólastjóra og ekki er hægt að yfirfæra þær á alla sem hafa verið með nema í launuðu starfsnámi í leikskólum. Vissulega gefa niðurstöðurnar þó vísbendingar um reynslu þess hóps.

## NIÐURSTÖÐUR

Greint verður frá niðurstöðum út frá þremur þemum sem birtust í gögnum. Í fyrsta lagi um hlutverk leiðsagnarkennara og leikskólastjóra í tengslum við leiðsögn í launuðu starfsnámi, í öðru lagi um reynslu þátttakenda af samstarfi við háskólana og í þriðja lagi um þann ávinning sem þeir töldu vera af launuðu starfsnámi.

### Leiðsögn - hlutverk leiðsagnarkennara og leikskólastjóra

Hugmyndir leiðsagnarkennara um það hvað fælist í leiðsögn voru nokkuð samhljóða. Þeim fannst hlutverk sitt vera að efla nemann þannig að hann öðlaðist trú á sér í starfi. Mikilvægt væri að vera til staðar, gefa nemanum færi á samtali um fagið og spyrja spurninga sem leiddu viðkomandi áfram í eigin þróun. Ásta, sem hafði verið leiðsagnarkennari, sagði að leiðsögnin fælist í að „vera til staðar og hjálpa fólki að spegla það sem það langar að gera eða finna leiðina sína. Ekki segja þeim hvað á að gera heldur bara ... vera vegvísir án þess að stjórna.“

- Belkina, M., Neal, P., Daniel, S., Nikolic, S., Haque, R., Lyden, S., Grundy, S. og Hassan, G. M. (2025). Implementing generative AI (GenAI) in higher education: A systematic review of case studies. *Computers and Education: Artificial Intelligence*, 8, 100407. <https://doi.org/10.1016/j.caeai.2025.100407>
- Bhaskar, P., Misra, P. og Chopra, G. (2024). Shall I use ChatGPT? A study on perceived trust and perceived risk towards ChatGPT usage by teachers at higher education institutions. *International Journal of Information and Learning Technology*, 41(4), 428–447. <https://doi.org/10.1108/IJILT-11-2023-0220>
- Bhaskar, P. og Rana, S. (2024). The ChatGPT dilemma: Unravelling teachers' perspectives on inhibiting and motivating factors for adoption of ChatGPT. *Journal of Information, Communication and Ethics in Society*, 22(2), 219–239. <https://doi.org/10.1108/JICES-11-2023-0139>
- Braun, V., Clarke, V., Boulton, E., Davey, L. og McEvoy, C. (2021). The online survey as a qualitative research tool. *International Journal of Social Research Methodology*, 24(6), 641–654. <https://doi.org/10.1080/13645579.2020.1805550>
- Chan, C. K. Y. og Lee, K. K. W. (2023). The AI generation gap: Are Gen Z students more interested in adopting generative AI such as ChatGPT in teaching and learning than their Gen X and millennial generation teachers? *Smart Learning Environments*, 10, 60. <https://doi.org/10.1186/s40561-023-00269-3>
- Cotton, D. R. E., Cotton, P. A. og Shipway, J. R. (2023). Chatting and cheating: Ensuring academic integrity in the era of ChatGPT. *Innovations in Education and Teaching International*, 61(2), 228–239. <https://doi.org/10.1080/14703297.2023.2190148>
- Creswell, J. W. og Clark, V. L. P. (2017). *Designing and conducting mixed methods research* (3. útgáfa). Sage.

- Davis, F. D. (1989). Perceived usefulness, perceived ease of use, and user acceptance of information technology. *MIS Quarterly*, 13(3), 319–340. <https://doi.org/10.2307/249008>
- Davis, F. D., Bagozzi, R. P. og Warshaw, P. R. (1989). User acceptance of computer technology: A comparison of two theoretical models. *Management Science*, 35(8), 982–1003. <https://doi.org/10.1287/mnsc.35.8.982>
- DePaolo, C. A. og Wilkinson, K. (2014). Get your head into the clouds: Using word clouds for analyzing qualitative assessment data. *TechTrends*, 58(3), 38–44. <https://doi.org/10.1007/s11528-014-0750-9>
- Francis, J. N., Jones, S. og Smith, D. P. (2025). Generative AI in higher education: Balancing innovation and integrity. *British Journal of Biomedical Science*, 81, 14048. <https://doi.org/10.3389/bjbs.2024.14048>
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Upplýsingasiða um gervigreind*. <https://gervigreind.hi.is/>
- Helgi Freyr Hafþórsson, Helena Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2024). A learner AI immersion model for higher education: Benefits and limitations. Í K. Enomoto, R. Warner og C. Nygaard (ritstjórar), *Generative artificial intelligence in higher education* (bls. 167–190). Libri Publishing.
- International Center for Academic Integrity. (2021). *The fundamental values of academic integrity* (3. útgáfa). [https://academicintegrity.org/aws/ICA/asset\\_manager/get\\_file/911282?ver=1](https://academicintegrity.org/aws/ICA/asset_manager/get_file/911282?ver=1)
- Javaid, M., Haleem, A., Singh, R. P., Khan, S. og Khan, I. H. (2023). Unlocking the opportunities through ChatGPT tool towards ameliorating the education system. *Bench Council Transactions on Benchmarks, Standards and Evaluations*, 3(2), 100115. <https://doi.org/10.1016/j.tbench.2023.100115>
- Jin, Y., Yan, L., Echeverria, V., Gašević, D. og Martinez-Maldonado, R. (2025). Generative AI in higher education: A global perspective of institutional adoption policies and guidelines. *Computers and Education: Artificial Intelligence*, 8, 100348. <https://doi.org/10.1016/j.caeai.2024.100348>
- Jórunn Elíðóttir og Sólveig Zophoníasdóttir. (2024). „It’s the end of the world as we know it“: Viðhorf kennaranema til ChatGPT. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 33(2), 83–102. <https://doi.org/10.24270/tuom.2024.33.17>
- Kalmus, J. og Nikiforova, A. (2024). To accept or not to accept? An IRT-TOE framework to understand educators’ resistance to generative AI in higher education. Í *Proceedings of the International Workshop on AI in Education and Educational Research (AIEER)*. <https://doi.org/10.48550/arXiv.2407.20130>
- Kurtz, G., Amzalag, M., Shaked, N., Zaguri, Y., Kohen-Vacs, D., Gal, E., Zailer, G. og Barak-Medina, E. (2024). Strategies for integrating generative AI into higher education: Navigating challenges and leveraging opportunities. *Education Sciences*, 14(5), 503. <https://doi.org/10.3390/educsci14050503>
- Lee, D. og Palmer, E. (2025). Prompt engineering in higher education: A systematic review to help inform curricula. *International Journal of Educational Technology in Higher Education*, 22, 7. <https://doi.org/10.1186/s41239-025-00503-7>
- Long, D. og Magerko, B. (2020). What is AI literacy? Competencies and design

- considerations. Í *Proceedings of the 2020 CHI Conference on Human Factors in Computing Systems*. <https://doi.org/10.1145/3313831.3376727>
- Luckin, R. (2025). Nurturing human intelligence in the age of AI: Rethinking education for the future. *Development and Learning in Organizations*, 39(1), 12–16. <https://doi.org/10.1108/DLO-04-2024-0108>
- Ma, J., Wang, P., Li, B., Wang, T., Pang, X. S. og Wang, D. (2024). Exploring user adoption of ChatGPT: A technology acceptance model perspective. *International Journal of Human–Computer Interaction*, 41(2), 1431–1445. <https://doi.org/10.1080/10447318.2024.2314358>
- Marangunić, N. og Granić, A. (2015). Technology acceptance model: A literature review from 1986 to 2013. *Universal Access in the Information Society*, 14, 81–95. <https://doi.org/10.1007/s10209-014-0348-1>
- McDonald, N., Johri, A., Ali, A. og Collier, A. H. (2025). Generative artificial intelligence in higher education: Evidence from an analysis of institutional policies and guidelines. *Computers in Human Behavior: Artificial Humans*, 3, 100121. <https://doi.org/10.1016/j.chbah.2025.100121>
- Morel, G. M. og Spector, J. M. (2023). *Foundations of educational technology: Integrative approaches and interdisciplinary perspectives* (3. útgáfa). Routledge.
- Ng, D. T. K., Leung, J. K. L., Chu, S. K. W. og Qiao, M. S. (2021). Conceptualizing AI literacy: An exploratory review. *Computers and Education: Artificial Intelligence*, 2, 100041. <https://doi.org/10.1016/j.caeai.2021.100041>
- Rasul, T., Nair, S., Kalendra, D., Robin, M., De Oliveira Santini, F., Ladeira, W. J., Sun, M., Day, I., Rather, R. A. og Heathcote, L. (2023). The role of ChatGPT in higher education: Benefits, challenges, and future research directions. *Journal of Applied Learning and Teaching*, 6(1), 41–56. <https://doi.org/10.37074/jalt.2023.6.1.29>
- Ravšelj, D., Keržič, D., Tomažević, N., Umek, L., Brezovar, N., Iahad, N. A., Abdulla, A. A., Akopyan, A., Segura, M. W. A., AlHumaid, J., Allam, M. F., Alló, M., Andoh, R. P. K., Andronic, O., Arthur, Y. D., Aydın, F., Badran, A., Balbontín-Alvarado, R., Ben Saad, H., ... Aristovnik, A. (2025). Higher education students' perceptions of ChatGPT: A global study of early reactions. *PLOS ONE*, 20(2), e0315011. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0315011>
- Redecker, C. (2017). *European framework for the digital competence of educators: DigCompEdu*. Publications Office of the European Union. <https://doi.org/10.2760/159770>
- Sabzalieva, E. og Valentini, A. (2023). *ChatGPT and artificial intelligence in higher education: Quick start guide*. UNESCO International Institute for Higher Education in Latin America and the Caribbean (IESALC). <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000385146>
- Tillmanns, T., Salomão Filho, A., Rudra, S., Weber, P., Dawitz, J., Wiersma, E., Dudenaite, D. og Reynolds, S. (2025). Mapping tomorrow's teaching and learning spaces: A systematic review on GenAI in higher education. *Trends in Higher Education*, 4(1), 2. <https://doi.org/10.3390/higheredu4010002>
- Tymms, P. (2021). Questionnaires. Í R. Coe, M. Waring, L. V. Hedges og L. D. Ashley

- (ritstjórar), *Research methods & methodologies in education* (3. útgáfa, bls. 277–287). Sage.
- UNESCO. (2023). *Guidance for generative AI in education and research*. <https://doi.org/10.54675/EWZM9535>
- UNESCO. (2024). *AI competency framework for teachers*. <https://doi.org/10.54675/ZJTE2084>
- Venkatesh, V. og Bala, H. (2008). Technology Acceptance Model 3 and a Research Agenda on Interventions. *Decision Science*, 39 (2), 273–312. <https://doi.org/10.1111/j.1540-5915.2008.00192.x>
- Venkatesh, V. og Davis, F. D. (2000). A theoretical extension of the technology acceptance model: Four longitudinal field studies. *Management Science*, 46(2), 186–204. <http://dx.doi.org/10.1287/mnsc.46.2.186.11926>
- Venkatesh, V., Morris, M. G., Davis, G. B. og Davis, F. D. (2003). User Acceptance of Information Technology: Toward a Unified View. *MIS Quarterly*, 27(3), 425–478. <https://doi.org/10.2307/30036540>
- Venkatesh, V., Thong, J. Y.L. og Xu, X. (2012). Consumer acceptance and use of information technology: Extending the unified theory of acceptance and use of technology. *MIS Quarterly*, 36(1), 157–178. <https://psycnet.apa.org/doi/10.2307/41410412>
- Verano-Tacoronte, D., Bolívar-Cruz, A. og Sosa-Cabrera, S. (2025). Are university teachers ready for generative artificial intelligence? Unpacking faculty anxiety in the ChatGPT era. *Education and Information Technologies*. <https://doi.org/10.1007/s10639-025-13585-7>
- Walter, Y. (2024). Embracing the future of artificial intelligence in the classroom: The relevance of AI literacy, prompt engineering, and critical thinking in modern education. *International Journal of Educational Technology in Higher Education*, 21, 15. <https://doi.org/10.1186/s41239-024-00448-3>
- Wang, H., Dang, A., Wu, Z. og Mac, S. (2024). Generative AI in higher education: Seeing ChatGPT through universities' policies, resources, and guidelines. *Computers and Education: Artificial Intelligence*, 7, 100326. <https://doi.org/10.1016/j.caeai.2024.100326>
- Watson, S. og Romic, J. (2024). ChatGPT and the entangled evolution of society, education, and technology: A systems theory perspective. *European Educational Research Journal*, 24(2), 205–224. <https://doi.org/10.1177/14749041231221266>

Greinin barst tímaritinu 23. júní 2025 og var samþykkt til birtingar 25. september 2025.

## UM HÖFUNDANA

Jórunn Elidóttir (je@unak.is) er dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún er leikskólakennari og sérkennslufræðingur (cand.paed.spec) frá Noregi og starfaði á árum áður sem leikskólasérkennari, og síðar sérkennari og sérkennsluráðgjafi í grunnskólum. Hún lauk doktorsprófi frá Worcester University árið 2002. Kennslu- og rannsóknarsvið hennar hafa verið menntun án aðgreiningar, sérkennslufræði, leikskólafræði og kennsluráðgjöf. <https://orcid.org/0000-0002-9636-3687>

Sólveig Zophoníasdóttir (sz@unak.is) er aðjúnkt við Háskólann á Akureyri. Hún lauk B.Ed.-gráðu frá sama skóla (1999), diplómu í tölvu- og upplýsingatækni frá Kennaraháskóla Íslands (2000), meistara-gráðu frá Háskóla Íslands (2011) og er í doktorsnámi við sama skóla. Rannsóknir hennar hafa einkum beinst að gæðum kennslu, upplýsingatækni, samræðum, starfsþróun, námskrá og nemendapátttöku. <https://orcid.org/0000-0002-2559-5632>

## CHATGPT IN HIGHER EDUCATION, TEACHERS' ATTITUDES AND use

### ABSTRACT

Generative Artificial Intelligence (GenAI), particularly tools like ChatGPT, is increasingly influencing teaching and research practices in higher education (HE). These developments raise practical and ethical questions relating to academic integrity, assessment, and professional responsibility. This study explores how university teachers perceive and use ChatGPT, focusing on how perceived usefulness and ease of use influence its adoption. The research was conducted at the University of Akureyri in Iceland using a mixed-methods design. Data were collected through an online survey with both closed- and open-ended questions, answered by 23 teachers from two academic departments. The Technology Acceptance Model (TAM) was used to interpret the findings, with attention to core components: perceived usefulness (PU), perceived ease of use (PEOU), attitude toward use (ATU), behavioral intention to use (BIU), and actual use (AU) (Davis, 1989). Most participants had used or were familiar with ChatGPT and described it as useful for academic tasks such as preparing lectures, assignments, feedback, and research-related writing. Perceived usefulness emerged as the strongest predictor of both current and intended use. Ease of use, however, was more unevenly reported. While many found the tool inspiring, others experienced challenges associated with lack of training, vague institutional guidelines, uncertainty about appropriate application and data protection. Teachers with access to support reported more positive experiences and expressed stronger intentions to integrate ChatGPT into their practice. By contrast, the absence of support limited adoption, even among those who saw its potential. Attitudes toward student use were more divided. Concerns were raised about academic integrity, possible overreliance on AI-generated content, and the risk of undermining students' critical thinking and independent learning. Teachers also expressed uncertainty in the absence

of clear policies and expectations. Despite these concerns, ChatGPT was already being used in various ways, particularly for brainstorming, summarising, and drafting content. Many teachers appreciated its time-saving potential and the support it offered in shaping and organising ideas, although they also stressed the importance of critically reviewing its outputs. A recurring theme was the importance of institutional guidance, professional development, and spaces for open discussion. Teachers called for clear expectations, ethical frameworks, and collaborative dialogue as to how GenAI should be integrated into academic practice. This aligns with previous studies emphasising the need to strengthen AI literacy in HE (Francis et al., 2025; Tillmanns et al., 2025). AI literacy was understood not simply as tool but as the ability to engage critically with GenAI, assess the reliability of outputs, and reflect on ethical implications. Without such competencies, there is a risk of shallow adoption that fails to support deep learning or academic integrity. This is in line with UNESCO's guidance (2024), which emphasises human agency, ethical awareness, and social responsibility in AI integration. In conclusion, the study highlights that while university teachers generally acknowledge the value of ChatGPT, its successful integration depends on more than technical access. Perceived usefulness drives adoption, but meaningful and responsible use is shaped by ethical concerns, institutional context, and professional dialogue. There are many opportunities for further research on the use of ChatGPT and other GenAI tools in higher education. It would be interesting to explore how these tools are used in learning and teaching, whether they support traditional practices or introduce innovations. Furthermore, understanding how teaching methods and assessment can evolve with ChatGPT is important to support student learning and reduce dishonest practices. The evolution of learning and teaching with GenAI depends on collective decisions about the purpose and value of education. Teachers play a crucial role in developing guidelines for GenAI use, providing student support, and leading discussions on GenAI in education.

Keywords: ChatGPT, GenAI, higher education, academics, TAM-model

## ABOUT THE AUTHORS

Jórunn Elíadóttir (je@unak.is) is an associate professor in the Faculty of Education at the University of Akureyri. With a background as an early childhood teacher, she studied special education in Norway and earned her PhD in special education from Worcester University, UK, in 2002. Her research interests include special education, inclusive education, early childhood education, and educational counselling. <https://orcid.org/0000-0002-9636-3687>

Sólveig Zophoníasdóttir (sz@unak.is) is an adjunct at the University of Akureyri. She has a B.Ed. degree (1999), a diploma in IT from the Iceland University of Education (2000), and an M.Ed. degree from the University of Iceland (2011). She is currently a PhD candidate in educational sciences. Her main field of research has been teaching quality, educational technology, dialogue, professional development, curriculum, and student participation. <https://orcid.org/0000-0002-2559-5632>



# ER HÆGT AÐ EFLA STARFSNÁM? AÐSÓKN Í STARFSNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI 2006–2024

Í greininni er fjallað um þróun aðsóknar í starfsnám á framhaldsskólastigi á Íslandi á tímabilinu 2006–2024. Gögn um umsóknir um starfsnám eru notuð til að skoða hvernig aðsókn hefur þróast eftir starfsgreinaflokkum. Auk þess að greina þróun aðsóknar er markmið greinarinnar að skoða hvort hægt sé að greina almenna þætti sem hafa áhrif á þróun aðsóknar í starfsnám eða hvort þróunin sé mismunandi eftir starfsgreinaflokkum. Niðurstöður benda til þess að aukin aðsókn síðustu ára stafi einkum af vexti í ákveðnum starfsgreinaflokkum en aðsókn hafi staðið í stað eða minnkað í öðrum greinaflokkum. Greina mátti áhrif nokkurra almennra þátta í þróun aðsóknar, til dæmis efnahagshrunsins og breytinga á umgjörð framhaldsskólans. Einnig mátti greina sértæka þætti tengda þróun tiltekinna starfsgreina. Samspil áhrifaþátta sem tengjast stöðu og þróun atvinnulífsins, starfsgreina og menntakerfisins er flókið og ef efla á starfsnám er nauðsynlegt að taka mið af því, sem og sérstöðu tiltekinna starfsgreina eða starfsgreinaflokka.

Efnisorð: starfsmenntun, framhaldsskóli, aðsókn í nám

## INNGANGUR

Mikill meirihluti hvers árgangs íslenskra ungmenna skráir sig í nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla, eða um og yfir 95% síðan 2010 (Hagstofa Íslands, 2024). Meirihlutinn velur bóknám til stúdentsprófs frekar en starfsmenntun og hefur gert í auknum mæli frá því á áttunda áratug síðustu aldar (Hagstofa Íslands, 2018, 2024; Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016).

Það hefur lengi verið stefna menntayfirvalda á Íslandi að efla starfsmenntun (sjá Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014; Ríkisendurskoðun, 2017) og er það til dæmis tekið fram í stjórnarsáttmálum síðustu ríkisstjórna (Stjórnarráð Íslands 2017, 2021, 2024). Svo segir einnig í menntastefnu til 2030 (Stjórnarráð Íslands, e.d.; þingskjal nr. 310/2020–2021). Þegar rætt er um að efla starfsmenntun er oftast takmarkið að fjölga þeim nemendum sem velja sér starfsnám, til dæmis með því að auka virðingu fyrir náminu

og breyta þeirri ímynd að það sé blindgata í menntakerfinu (Elsa Eiríksdóttir, 2022; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Ríkisendurskoðun, 2017).

Í úttekt Ríkisendurskoðunar (2017) á stjórnsýslu starfsmenntunar var niðurstaðan sú að þrátt fyrir fyrirheit menntayfirvalda um að fjölga nemendum í starfsnámi hefði lítið þokast í þá átt. Á síðastliðnum árum hefur þó mátt greina vísbendingar um að starfsnám sé að verða eftirsóknarverðara og fréttir berast af aukinni aðsókn ungmenna og hærra höfnunarhlutfalli í starfsnám (Jón Agnar Ólason, 2021; Samtök iðnaðarins, 2021a). Ýmsar ástæður hafa verið gefnar fyrir þessum aukna áhuga og stundum er vísað til aðgerða yfirvalda og hagaðila (sjá til dæmis Lilju Alfreðsdóttur, 2020; Þorvarð Pálsson, 2021) en ekki er vitað fyrir víst hvað veldur. Starfsnám er nátengt vinnumarkaðinum og því geta ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á aðsókn, eins og uppgangur í tilteknum greinum eða samfélagslegir atburðir (til dæmis efnahagshrunið og COVID-faraldurinn).

Eitt af því sem gerir umræðu um eflingu starfsmenntunar erfitt fyrir er að ekki er alltaf ljóst hvað nákvæmlega er átt við þegar rætt er um starfsnám. Starfsnám er fjölbreyttur og síbreytilegur flokkur námsbrauta og flókið að skilgreina nákvæmlega hvaða námsbrautir falla þar undir og hverjar gera það ekki. Annað sem flækir málin er hversu ólíkar greinar starfsmenntunar eru innbyrðis og þróun þessara atvinnugreina ólík. Þegar rætt er um aðgerðir sem eiga að fjölga nemendum í starfsnámi er því ekki víst að tiltekin aðgerð hafi sömu áhrif á ólíkar starfsgreinar og þá er spurning hversu mikið vit er í að ætla að efla aðsókn í starfsnám almennt. Markmið greinarinnar er að skoða þróun aðsóknar í framhaldsskóla síðustu tvo áratugina eftir ólíkum flokkum starfsgreina og sjá hvort greina má almenna eða sértæka áhrifaþætti í þróun aðsóknar í starfsmenntun.

## EFLING STARFSMENNTUNAR

Áherslan á að efla starfsmenntun er ekki nýtilkomin. Til dæmis var það markmið lagasetningar 1946 um verknámsdeildir að styrkja stöðu verknáms (Jón Torfi Jónasson, 1995) og 1987 skila matsmenn OECD álitni þar sem bóknámsáhersla framhaldsskólanáms á Íslandi er sögð áhyggjuefni (OECD, 1987). Þróun framhaldsskólastigsins á Norðurlöndum hefur þó verið með svipuðum hætti og bóknámsáhersla er ekki einskorðuð við Ísland (Aarkrog, 2020; Jón Torfi Jónasson, 2003; Nylund o.fl., 2018). Það flækir síðan umræðu um eflingu starfsnáms að oft er ekki ljóst hvort málið snýst um það að gera starfsnám meira aðlaðandi, bóknám síður aðlaðandi eða hvort tveggja (Jón Torfi Jónasson, 1992). Umræða um eflingu starfsnáms hefur því löngum verið, kannski óhjákvæmilega, bundin umræðu um bóknám og bóknámsrek (e. academic drift).

Bóknámsrek vísar til aukinnar áherslu á frekara nám í samfélaginu, stækkunar háskólastigsins og aukinnar hlutdeildar bóknáms í námi almennt til að auka virðingu þess (Harwood, 2010; Jón Torfi Jónasson, 2003, 2004; Morphew, 2000). Bóknámsrek virðist birtast einna skýrast í auknu vali ungmenna á bóknámi sem leiðir til háskólanáms fram yfir starfsnám (Jón Torfi Jónasson, 2004). Á Norðurlöndum varð almennt bóknám á framhaldsskólastigi æ vinsælla alla síðustu öld, og má því sjá þar skýr merki bóknámsreks á kostnað sérhæfðs starfsnáms (Jón Torfi Jónasson, 2003). Um síðustu aldamót var því bóknám löngu orðið algengasta val ungmenna á Íslandi í framhaldsskólum og öll umræða um eflingu starfsnáms litast af þessari þróun.

Þegar horft er á heildarskráningu nemenda í framhaldsskóla má sjá að tveir þriðju þeirra eru skráðir í bóknám, eða 66% að meðaltali á tímabilinu frá 1997 til 2023 (Hagstofa Íslands, 2024). Um þriðjungur nemenda, eða 32% að meðaltali á tímabilinu, er skráður í starfsnám, og hefur haldist á bilinu 29% til 32% frá 2006. Hlutfall nemenda á Íslandi í starfsnámi þykir frekar lágt í alþjóðasamanburði og hefur verið lægra en almennt gerist í Evrópusambandinu (49%) og OECD-ríkjum (44%) (OECD, 2023; Serafini og Soares Marques, 2025).

Á árunum 1997 til 2023 skráðu sig aðeins um 17% nemenda að meðaltali í starfsnám strax að loknum grunnskóla (Hagstofa Íslands, 2024). Það segir þó ekki alla söguna því árið 1997 var hlutfallið 23% en fór lægst í 12% árin 2016 til 2018. Síðan þá hefur þetta hlutfall hækkað aftur og var 17% árið 2023. Mun á hlutföllum nýnema og skráningar almennt má skýra með því að nemendur fara gjarnan eldri í starfsnám; skipta annaðhvort um námsbraut eða skrá sig aftur í nám eftir að hafa lokið eða horfið frá öðru námi (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022a).

Öjöfn virðingarstaða bóknáms og starfsnáms er gjarnan sögð vera skýringin á dræmri aðsókn í starfsnám. Lægri virðingarstaða starfsnáms hefur lengi þótt vandamál, bæði á Íslandi og alþjóðlega, og er talin birtast meðal annars í því (1) að færri nemendur velji starfsnám en bóknám og séu ólíklegri til að brautskrást, (2) að nemendum sem verr hefur gengið í fyrra námi sé frekar beint í starfsnám og nemendur í starfsnámi hafi almennt lægri félags- og efnahagslega stöðu og (3) að inntak námsins sé of sérhæft og því takmarkaðri möguleikar til frekara náms á háskólastigi að námi loknu (Aarkrog, 2020; Billett, 2014; Cedefop, 2014; Elsa Eiríksdóttir, 2022; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016; Lasonen og Young, 1998; Nylund o.fl., 2018).

Ástæður þess að menntayfirvöld og stefnumótunaraðilar hafa viljað auka hlutdeild starfsnáms og veg þess og virðingu eru margar og á stundum mótsagnakenndar (Elsa Eiríksdóttir, 2023). Oft er rætt um mikilvægi menntunar fyrir atvinnulífið og að tryggja þurfi nægilegan fjölda sérhæfðra starfsmanna fyrir framtíðina. Þá er einnig vísað til mikilvægis þess að nemendur ljúki námi með hæfni sem geri þeim kleift að fá störf og að samhljómur sé á milli þeirrar hæfni sem menntakerfið veiti og starfa í samfélaginu. Einnig er oft bent á mikilvægi þess að efla nám sem ekki byggist á bóknámshefðum og henti nemendum sem þrífast illa í bóknámsmiðuðu menntakerfi. Í því samhengi er stundum rætt um starfsnám eins og úrræði – ætlað nemendum sem af einhverjum ástæðum (bakgrunni, námsörðugleikum, tungumálakunnáttu o.s.frv.) standa höllum fæti í kerfinu. Hver sem ástæðan er, þá er ljóst að lengi hefur verið lögð á það áhersla í nágrannalöndum okkar (Aarkrog, 2020; Jørgensen, 2022; Nylund o.fl., 2018) og víðar (Billett, 2014; Cedefop, 2014; Lasonen og Young, 1998) að auka hlutdeild starfsnáms á framhaldsskólastigi, og hér er Ísland engin undantekning (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014; Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Þrátt fyrir áherslu á að efla starfsmenntun hefur almennt lítið þokast. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2017 kemur fram að „um árabil hefur verið bent á mikilvægi þess að fjölga iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi, gera starfsnám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu og auka virðingu fyrir verknámi og verkfærni“ (bls. 3). Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 höfðu meðal annars að markmiði að efla starfsnám, en Ríkisendurskoðun

kemst að þeirri niðurstöðu að „það hefur ekki gengið eftir“ (bls. 3). Athygli vakti því þegar fréttir fóru að berast af aukinni aðsókn í starfsnám upp úr 2020 og að færri hefðu komist að í starfsnámi en vildu (sjá til dæmis Jón Agnar Ólason, 2021; Samtök iðnaðarins, 2021a). Aukinni kynningarstarfsemi var þakkað, sem og viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Kallað var eftir meiri fjárfestingu í starfsnámi og skólainniðum til að koma til móts við þennan aukna áhuga.

Haustið 2022 birti Mennta- og barnamálaráðuneytið aðgerðir til að fjölga nemum í starfsnámi og byggðust þær á tillögum starfshóps um innritun í starfsnám sem ráðherra skipaði sama ár „til að afla upplýsinga um fjölda þeirra sem ekki fengu skólavist í starfsmenntaskólum haustið 2022“ (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022a, bls. 6). Aðgerðirnar lutu meðal annars að því að „auka getu starfsmenntaskólanna til að taka við nemum“ og „fjölga fagmenntuðum kennurum“ en þessir tveir þættir voru helst nefndir sem ástæða þess að skólar gátu ekki tekið á móti öllum sem sóttu um. Vorið 2023 var settur á fót stýrihópur um eflingu framhaldsskólans og byggðust störf hans á greinargerð um húsnaðisþörf í framhaldsskólum 2023–2033 (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023). Þar var því spáð að á næstu árum myndi nemendum í starfsnámi fjölga en fækka í bóknámi. Á þessum grundvelli hófst umræða um sameiningu framhaldsskóla vorið 2022 sem lauk með yfirlýsingu þáverandi ráðherra þá um haustið um að fallið væri frá þeim hugmyndum. Réttmæti spár menntayfirvalda um mikla fjölgun starfsnámsnema til ársins 2033 var dregið í efa (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023; Gylfi Magnússon, 2023), en eftir stendur að aðsókn í starfsnám hefur aukist og því er mikilvægt að skoða hvar þessi fjölgun á sér stað nákvæmlega og hvort gera megí ráð fyrir að um sé að ræða breytt viðhorf til starfsnáms í samfélaginu.

Einn þeirra þátta sem sagðir eru hafa unnið á móti eflingu starfsmenntunar er óljósar skilgreiningar á starfsmenntun (Jón Torfi Jónasson, 1995). Fyrirgreind umræða um aukna aðsókn í starfsnám er athyglisverð fyrir þær sakir að þrátt fyrir að ljóst hafi verið að um væri að ræða aukna aðsókn í tiltekna greinar (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022b) er alltaf rætt um aukna aðsókn í starfsnám yfirleitt, eins og þessi flokkur náms sé einsleit heild, sem hann er alls ekki. Það er því mikilvægt að skoða nákvæmlega hvernig aðsókn og áhugi á starfsnámi hefur þróast undanfarna tæpa tvo áratugi, bæði almennt og einnig út frá ólíkum greinum starfsmenntunar. Sú heildarmynd getur sýnt hvort nálgast beri starfsnám heildstætt eða með ólíkum áherslum eftir greinasviðum.

## STARFSNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI OG FLOKKUN STARFSGREINA

Hvað nákvæmlega fellur undir starfsnám hefur lengi verið á reiki. Í umfjöllun um þróun starfsmenntunar frá 1993 fjallar Gestur Guðmundsson um hugtakið og bendir á að „fram á 7. áratuginn eða jafnvel lengur var nær aldrei fjallað um alla starfsmenntun á framhaldsskólastigi í heild“ (bls. 8). Hann bendir á að iðnfræðsla (fræðsla sem opinberir aðilar veita í löggiltum iðngreinum) hafi alltaf verið fyrirferðarmest í umræðu um starfsmenntun, bæði vegna umfangs og þess að þar hafi átök um yfirráð og breytingar verið áberandi. Annað sem Gestur nefnir er að starfsnám geti einnig átt sér stað á háskólastigi. Nú er hugtakið starfsnám yfirleitt ekki notað yfir nám á háskólastigi nema til að lýsa þeim hluta námsins

sem fer fram á vinnustað (sjá t.d. Háskóla Íslands, e.d.; Háskólann á Akureyri, e.d.; Háskólinn í Reykjavík, e.d.), eða því sem oft er einnig kallað starfsþjálfun eða vinnustaðanám. Það er þó ekkert sem segir að nám á háskólastigi geti ekki talist hreint starfsnám (Jón Torfi Jónasson, 1992), og má þar nefna til dæmis nám hjúkrunarfræðinga, kennara, og lögfræðinga, en á Íslandi er hefðin sú að orðið starfsnám sé notað um nám á framhaldsskólastigi.

Hér eru hugtökin starfsnám og starfsmenntun notuð til að lýsa námi á framhaldsskólastigi sem ætlað er að búa nemendur fyrst og fremst undir sérhæfð störf (sbr. Gerði G. Óskarsdóttir, 2000). Hugtökin verknám og verkmenntun hafa verið notuð til að lýsa námi sem leiðir til starfsréttinda en einnig almennum verklegum greinum (í grunnskóla) og verklegu námi eða verklegri kennslu. Hér eru þessi hugtök viljandi ekki notuð því þó verknám vísi að einhverju leyti til þess sem sannarlega einkennir starfsmenntun – verklegar kennslu – getur það verið misvísandi. Starfsnám inniheldur einnig bókleg fög og svokallaðar bóknámsgreinar geta oft innihaldið verklega þætti (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Gestur Guðmundsson, 1993; Jón Torfi Jónasson, 1995). Kannski má segja að hluti af vandanum við notkun á hugtökunum verknám og starfsnám sé að hugtakið bóknám er notað sem andheiti við hvort tveggja (Helgi Skúli Kjartansson, persónuleg samskipti, 2020). Í opinberri umræðu er iðnnám og verk- og starfsnám oft notað jöfnum höndum (sjá til dæmis Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022b; Stjórnarráð Íslands, e.d., 2017), en hér er hugtakið starfsnám notað og litið svo á að iðnnám sé einn flokkur starfsnáms hér á landi og verklegt nám sé einkennandi hluti starfsnáms. Því er farið eftir skilgreiningu Gestu Guðmundssonar (1993) á starfsnámi: „Starfsnám er allt nám sem miðar beint að undirbúningi fyrir tiltekin störf á vinnumarkaði, hvort sem það veitir formleg réttindi eða ekki og hvort sem það er verklegt eða bóklegt“ (bls. 9).

Í almennri menntaumræðu er oftast rætt um starfsmenntun eins og allir viti nákvæmlega hvað um ræðir og í mörgum tilvikum er það sennilega rétt, sérstaklega þegar um ræðir löggiltar iðngreinar og heilbrigðisgreinar á framhaldsskólastigi. En það er einnig skýrt að starfsnám nær yfir mjög fjölbreyttar námsgreinar og í einstaka tilvikum er kannski ekki ljóst hvort um starfsnám er að ræða eða ekki. Ef ætlunin er að efla starfsnám og auka hlutfall ungs fólks sem velur sér starfsnám er mikilvægt að átta sig á um hvað nákvæmlega er verið að tala.

## Skilgreining á starfsnámi í aðalnámskrá framhaldsskóla

Í aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) er lögð áhersla á að auk þess að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi“ (bls. 7) sé eitt af hlutverkum framhaldsskóla að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu. Starfsnám er svo skilgreint sem ein tegund námsleiða sem þar eru í boði, auk almenns náms, listnáms og bóknáms. Í sérstökum kafla um starfsnám segir svo:

Starfsnám fer yfirleitt bæði fram í skóla og á vinnustað. Stór þáttur námsins felur í sér að nemendur þjálfist í að beita mismunandi aðferðum og verklagi. Þjálfunin fer annars vegar fram í verklegu sérnámi skóla undir leiðsögn kennara og hins vegar í vinnustaðanámi eða starfsþjálfun á vinnustað (bls. 40).

Hér er því lögð áhersla á þátt vinnustaðanáms í starfsnámi en það er þó ekki gert að skilgreiningaratriði.

Það er athyglisvert að í nógildandi aðalnámskrá framhaldsskóla fara inntak náms og námslok ekki endilega saman. Í umfjöllun um framhaldsskólapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf kemur fram að inntak námsins geti verið bóknám, listnám eða starfsnám. Próf til starfsréttinda eru einu námslokin sem eru sérstaklega skilgreind sem „námslok af námsbraut sem veitir löggilt starfsréttindi eða veitir nemendum heimild til að þreyta sveinspróf í löggiltri iðngrein“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 48). Þannig getur námið leitt til löggiltra starfsréttinda á tilteknum vettvangi (til dæmis sem sjúkraliði, tanntæknir, vélstjóri eða matartæknir) eða réttar til að þreyta sveinspróf í löggiltum iðngreinum (til dæmis í hársnyrtiið, rafvirkjun, húsasmíði eða matreiðslu). En einnig eru til námsbrautir sem margir myndu telja starfsnám en leiða ekki til prófa til starfsréttinda með sama hætti, til dæmis eru námslok tækniteknara og garðyrkjufraeðinga skilgreind sem önnur lokapróf samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012; Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, e.d.-b; Stjórnarráð Íslands, 2015).

Á heildina litið er starfsnám skilgreint þannig í aðalnámskrá framhaldsskóla að því sé aðallega ætlað að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í atvinnulífinu (en ekki einungis), í því felist oftast eitthvert vinnustaðanám (en ekki nauðsynlega) og því ljúki gjarnan með prófum til starfsréttinda (en ekki alltaf).

## Alþjóðleg flokkun á starfsnámi: ISCED

Formleg skilgreining á námi í íslensku menntakerfi er byggð á ISCED-flokkunarkerfinu (Hagstofa Íslands, 2008). Í því kerfi eru námsbrautir flokkaðar eftir innihaldi náms og markmiði. Starfsmenntun er skilgreind á framhaldsskólastigi (ISCED 3) eftir tveimur víddum sem vísa til stefnu og áherslu náms. Stefna segir til um hvert námið leiðir og er þá átt við hvort stefnt sé að störfum á vinnumarkaði eða frekara námi. Stefna náms fellur í þrjá flokka. Í flokki A er almennt nám sem leiðir til frekara náms á hærra stigi, í flokk B fellur nám sem leiðir til starfsnáms á hærra stigi og í flokk C nám sem leiðir beint út á vinnumarkaðinn. Áhersla náms segir til um hvort um er að ræða almennt nám (táknað með G) sem gerir ekki ráð fyrir sérþjálfun til starfa, for-starfsnám (táknað með P) sem miðar að því að kynna nemendum vinnumarkaðinn og undirbúa þá fyrir frekara starfsnám eða starfsnám (táknað með V) sem býr nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði og veitir yfirleitt starfsréttindi.

Samkvæmt þessu kerfi flokkast starfsmenntun sem 3B eða 3C og áherslan er V eða P. Til dæmis er nám í löggiltum iðngreinum flokkað sem ISCED 3CV. Þessi flokkun er þó ekki alltaf nytsamleg ef ætlunin er að greina starfsmenntun frá öðru námi í framhaldsskóla. Til dæmis er listnám flokkað sem starfsnám (ISCED 3BP, 3AV og 3CV) en telst vera skilið frá starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) og fæstir teldust eiga við nám í tónlist eða myndlist þegar þeir notuðu orðið starfsnám. Einnig hefur nám verið skilgreint sem bóknám (3AG) sem gæti talist vera starfsnám, til dæmis upplýsinga- og tæknibraut og búnaðarbraut, og þegar starfsnámsbraut lýkur með stúdentsprófi (Hagstofa Íslands, 2024). Þannig eru dæmi þar sem ISCED-flokkunin fellur ekki vel að almennum hugmyndum um það hvað telst vera starfsnám.

## Skilgreiningar í stjórnýslu: Starfsgreinaráð

Ef stjórnýsla starfsmenntageirans er skoðuð (til dæmis reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009; Ríkisendurskoðun, 2017) er ljóst að hugtakið starfsmenntun er í raun regnhlífahugtak yfir ólíkar greinar og alls eru 12 starfsgreinaráð starfrækt fyrir ólíka starfsgreinaflokka. Tilgangur starfsgreinaráða er að vera ráðherra menntamála „til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi“ (reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009). Í reglugerðinni kemur ekki fram nákvæmlega hvaða greinar tilheyra hverjum flokki starfsgreina, en upptalningu má finna á heimasíðu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (e.d.-a). Þessi listi yfir þær greinar sem tilheyra starfsgreinaráðum er gagnlegur til að skera úr um hvort tiltekna námsgreinar teljast til starfsmenntunar eða ekki og flokka starfsgreinar innbyrðis út frá þeim skilningi sem má segja að gildi í íslensku skólasamfélagi og atvinnulífi.

Hér verður þessi flokkun á starfsnámsgreinum lögð til grundvallar. Starfsgreinaráð gegna mikilvægu hlutverki í stjórnýslu starfsmenntamála á Íslandi. Þar sitja fulltrúar skólasamfélagsins og atvinnulífsins og þau skilgreina hæfnikröfur starfa sem liggja til grundvallar öllum námsbrautalýsingum (reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009). Flokkun starfsgreina út frá skilgreiningum á starfsgreinaráðum, bæði hvað varðar það hvaða greinar teljast starfsgreinar og hvernig þær eru flokkaðar saman, ætti því að ná vel utan um almennan skilning á því hvað telst vera starfsmenntun á Íslandi.

## UMFANG STARFSNÁMS

Í úttekt fyrir OECD (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) var starfsnám skilgreint sem ISCED 3CV (námsleiðir sem leiða út á vinnumarkaðinn – C, og búa nemendur undir þátttöku á vinnumarkaði og veita starfsréttindi – V). Þar voru tilgreindar 113 starfsnámsbrautir, en inni í þeirri tölu voru meðal annars listnámsbrautir og námsbrautir fyrir fólk með þroskahömlun sem eru sjaldan taldar til starfsnáms í opinberri umræðu. Síðari talning á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2015) skilaði lista yfir 93 starfsnámsgreinar á framhaldsskólastigi, en sá listi var þó ekki talinn tæmandi. Vorið 2021 voru tilgreindar 70 staðfestar námsbrautalýsingar í tækni- og starfsnámi sem lauk með lokaþrófi á 3. hæfniprepi framhaldsskóla (þingskjal nr. 898/2020–2021).

Fjöldi námsbrauta í starfsnámi hefur þannig verið á reiki síðastliðinn áratug og má að einhverju leyti rekja það til erfiðleika við að skilgreina nákvæmlega hvað telst vera starfsnám. Þessir erfiðleikar tengjast breytingum á umgjörð framhaldsskólastarfs. Árið 2008 voru sett lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og útgáfa aðalnámskrár framhaldsskóla fylgdi í kjölfarið (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Með þessum breytingum varð námskrágerð dreifstýrð og gerð námsbrauta lögð í hendur framhaldsskólanna sjálfra með mjög opnum ramma aðalnámskrár sem byggðist á hæfniviðmiðum. Þessi sveigjanleiki hafði í för með sér mikla fjölgun námsbrauta í kerfinu frá því sem áður hafði verið með niðurnjörvuðum námsbrautalýsingum aðalnámskrár frá 1999 (María Jónasdóttir o.fl., 2025). Starfsnám féll illa að nýjum ramma kerfisins og tók langan tíma að færa starfsnámsbrautir inn í það (Ríkisendurskoðun, 2017). Því má segja að á árunum 2008 til 2017 hafi verið mikið umrót á starfsnámsbrautum innan framhaldsskólakerfisins. Um

svipað leyti, eða um 2015, var bóknám til stúdentsprófs stýtt um eitt ár og varð upp úr því heilu ári styttra en starfsnám að meðaltali (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018).

Námsbrautir í starfsnámi eru skilgreindar innan framhaldsskóla með tilliti til hæfnikrafna starfa og aðalnámskrár framhaldsskóla (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Síðan fara þær í gegnum staðfestingarferli þar sem meðal annars er kallað eftir umsögn viðkomandi starfsgreinaráðs. Staðfestar námsbrautalýsingar eru loks birtar í gagnagrunni þar sem leita má þær uppi eftir skilgreiningum á námsbraut, námsleið, námslokum og hæfniþrepi (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, e.d.-b). Ef leitað er að staðfestum námsbrautum sem leiða til starfsréttinda á 3. hæfniþrepi skilar leitin alls 69 námsbrautum. Til viðbótar finnast 19 námsbrautir ef leitað er að námsbrautum sem leiða til annarra lokaprófa á 3. hæfniþrepi. Flestar þeirra snúa að námi sem myndi teljast til starfsnáms, svo sem tækniteiknunar, blómaskreytingum, búfræði, og heilsunuddi (sumar þó ekki, eins og klassísk tónlistarbraut og popplína). Þegar námsbrautir til stúdentsprófs eru skoðaðar (bóknámsbrautir til stúdentsprófs og aðrar brautir til stúdentsprófs á 3. þrepi) koma upp nokkrar brautir sem einnig gætu talist til starfsnáms, eins og fata- og textílbraut, málm- og véltæknibraut, náttúrufræðibraut – búfræðisvið og nýsköpunar- og tæknibraut. Í heild má því gera ráð fyrir 84 til 88 staðfestum námsbrautum í framhaldsskólum sem hægt væri að flokka sem starfsnám.

Þetta gefur ágætis mynd af umfangi starfsmenntunar á framhaldsskólastiginu og jafnvel fjölbreytileika þess. Mikilvægt er þó að taka fram að fjöldi námsbrauta er ekki það sama og fjöldi námsgreina í starfsmenntun því staðfestar námsbrautalýsingar tengjast skólum. Til dæmis eru greinarnar húsasmíði og rafvirkjun kenndar víða og í gagnagrunnum eru fimm staðfestar námsbrautalýsingar í húsasmíði og sjö í rafvirkjun. Eins ber að taka fram að ekki eru endilega til staðfestar námsbrautalýsingar fyrir allar starfsnámsgreinar, til dæmis ef litið er til reglugerðar um löggiltar iðngreinar (nr. 940/1999).

Á heildina litið spannar starfsnám á framhaldsskólastigi því fjölda námsgreina og námsbrauta, allt frá blómaskreytingum til félagsliðanáms, tækniteiknunar, snyrtifræði, bakaraiðnar og vélstjórnar. Löggiltar iðngreinar eru stór hluti starfsmenntagreina á framhaldsskólastigi, en nám í iðngrein gefur nemendum rétt til að þreyta sveinspróf og fá starfsréttindi í iðngreininni (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999). Næststærsti flokkur starfsmenntagreina er heilbrigðis og uppeldisgreinar, sem margar hverjar eru löggiltar (lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012).

Á heildina litið má segja að starfsmenntun á Íslandi á framhaldsskólastigi sé mjög fjölbreytt, en námsbrautir sem flokkast sem starfsmenntun eiga það sameiginlegt að þeim er ætlað að búa nemendur fyrst og fremst undir sérhæfð störf en síður nám á næsta skólastigi þó svo að þær geti það einnig (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Það er þó ljóst að beiting þessarar skilgreiningar er erfið í raun og oft óljóst hvaða námsbrautir í íslensku skólakerfi falla þarna undir og hversu margar starfsnámsgreinar eru. Þrátt fyrir þetta er yfirleitt talað um starfsnám sem heildstæða tegund menntunar, einkum þegar menntayfirvöld leggja áherslu á að efla þurfi starfsmenntun.

## MARKMIÐ OG RANNSÓKNARSPURNINGAR

Markmið greinarinnar er að skoða þróun aðsóknar í starfsnám í framhaldsskóla síðustu tvo áratuginna eftir starfsgreinaflokkum, og leggja mat á hvort hægt sé að greina þætti sem hafa áhrif á aðsókn í starfsnám almennt eða hvort aðsókn virðist háð þáttum sem frekar hafa áhrif á einstaka geira starfsmenntunar. Þannig verður hægt að ræða heildstætt hvað er verið að meina þegar við tölum um starfsnám og í framhaldi íhuga hvort leiðir til að efla starfsnám geti náð markmiði sínu. Því ekki er mikið vit í að tala almennt um að efla starfsnám ef ekki er tekið tillit til þess að hvaða marki áhrifaþættir eru ólíkir eftir starfsgreinaflokkum. Rannsóknarspurningarnar eru:

1. Hvernig hefur aðsókn í ólíka greinaflokkum starfsnáms þróast á tímabilinu 2006 til 2024?
2. Er hægt að greina þætti sem hafa áhrif á þessa þróun og eru þeir sameiginlegir ólíkum starfsgreinaflokkum eða sértækir?

Þessum spurningum verður svarað með greiningum á aðsóknargögnum sem fengin voru hjá Menntamálastofnun og síðar Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Í þeim gögnum voru allar umsóknir um framhaldsskóla hérlendis á tímabilinu 2006 til 2024. Aðsókn í nám gefur til kynna áhuga á námi og hversu margir eru tilbúnir að leggja starfsgrein fyrir sig á tilteknum tíma, en er þó óneitanlega ekki nákvæmur mælikvarði því margt hefur áhrif á val á námi. Með því að skoða aðsókn en ekki skráningar í nám eða brautskráningar koma aðrir þættir, svo sem fjöldatakmörkanir hjá framhaldsskólum, fjöldi vinnustaðapláss eða annað sem hefur áhrif á gengi í námi, síður við sögu.

## AÐFERÐ

### Gagnasafn

Gagnasafn með öllum umsóknum um nám í framhaldsskóla á árunum 2005 til 2022 fékkst haustið 2022 frá Menntamálastofnun. Í upphaflegu gagnasafni voru eftirfarandi upplýsingar um hverja umsókn: Staða, útskriftarár úr grunnskóla, önn og ár umsóknar, skóli sem sótt var um, braut, varabraut, innritunarbraut, kyn umsækjanda og staðsetning skóla eftir landshluta.

Ljóst var að vinna þyrfti gögnin töluvert til að geta greint þau heildstætt. Alls voru rúmlega 250.000 færslur (umsóknir) í gagnasafninu, 1.313 ólík heiti á námsbrautum (til dæmis 61 mismunandi heiti á almennum brautum) og ólíkar merkingar voru á umsóknarári og önn (til dæmis V11, V2011, 20112). Til að leysa þetta og flokka hverja umsókn eftir greinum (til dæmis hagfræði, ljósmyndun, náttúrufræði, bakaraiðn, myndlist, lyfjatekni), ISCED-kóða (stigi, stefnu og áherslu) og tegund náms (til dæmis starfsnámi, bóknámi, listnámi, íþróttanámi, undirbúningsnámi) var búið til forrit sem bar heiti námsleiðar sem sótt var um saman við lista með þessum upplýsingum. Upphaflegur listi var fenginn frá Menntamálastofnun en með tímanum var bætt við hann þar sem ekki voru allar námsleiðir í gögnunum á honum. Byggðust viðbætur á upphaflegum skilgreiningum Menntamálastofnunar. Að lokum voru á listanum 4.272 ólík námsleiðarheiti og eru til dæmis um 200 ólík heiti á almennum námsbrautum. Haustið 2024, þegar þessi grein var í vinnslu,

var leitað til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, sem tekið hafði við verkefnum Menntamálastofnunar, og aðsóknargögnum fyrir árin 2023 og 2024 bætt við gagnasafnið. Því miður gekk ekki að fá upplýsingar um kyn umsækjenda í það skiptið.

Áður en Menntamálastofnun afhenti gagnasafnið fór fram ítarleg umræða um persónuverndarsjónarmið. Fulltrúar stofnunarinnar fóru eftir sjónarmiðum um hvað þeim væri leyfilegt að afhenda miðað við persónuverndarlög. Einnig var ábyrgt að úrvinnslan yrði byggð á samtölum yfir stóra hópa og því yrðu birtar niðurstöður ekki persónugreinanlegar með neinum hætti. Markmiðið er að draga upp heildarmynd af þróun aðsóknar í starfsmenntun almennt og eftir starfsgreinaflokkum. Því verða gögnin ekki greind eftir einstaka starfsgreinum eða skólum.

Við upphaflega afhendingu gagna var einnig rætt um áreiðanleika þeirra. Fulltrúar Menntamálastofnunar bentu á að áreiðanleiki elstu gagnanna gæti verið lítil þar sem kerfi hefðu verið ný og ekki komin í fulla notkun. Við yfirferð á gögnunum kom á daginn að gögn frá 2005 virtust ekki vera heildstæð og því voru þau ekki notuð.

Annað sem verður að nefna varðandi gagnasafnið er að sami einstaklingur getur átt fleiri en eina umsókn í kerfinu frá ári til árs (ef hafnað eða hættir námi og sækir um síðar). Eins eru flutningar nemenda á milli námsbrauta í kerfinu ekki endilega skráðar í umsóknarkerfið. Til dæmis gæti nemandi sem sækir um og er tekinn inn í grunnnám í bíliðnum skráð sig síðar í bílamálan án þess að það birtist sem umsókn um bílamálan þar sem hann er færður innan skólans. Í þessu tilviki er því aðeins ein umsókn í kerfinu um inntöku í bíliðngreinar. Þá gæti nemandi sem lokið hefur grunnnámi í rafíðngreinum í einum skóla sótt um að fara í rafvirkjun í öðrum skóla og þar með er sami nemandi með tvær umsóknir í kerfinu. Gögnin eru því ekki endilega mjög áreiðanleg þegar einstakar starfsgreinar eru skoðaðar, en ættu að gefa raunsæja mynd af aðsókn í tiltekna starfsgreinaflokk þar sem teknar eru saman aðsóknartölur í þær ólíku starfsgreinar sem tilheyra flokknum og eins í grunnnám þar sem það er í boði.

Til að athuga áreiðanleika flokkunar eftir starfsgreinaráðum var heildarfjöldi umsókna sem féll undir starfsgreinaflokk borinn saman við heildarfjölda umsókna í starfsnám. Á árunum 2006 til 2024 voru á bilinu 94% til 100% umsókna í starfsnám flokkuð í starfsgreinaflokk, að meðaltali 98% á tímabilinu í heild. Athyglisvert er að samræmið er minnst síðustu þrjú ár og því er spurning hvort breytingar á starfsnámi síðastliðin ár valdi því að það falli ekki eins vel að flokkun í starfsgreinaráð og áður, en núgildandi reglugerð um starfsgreinaráð er frá 2009 (reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009). Á heildina litið nær þó flokkun í starfsgreinaflokk vel utan um það nám sem flokkast sem starfsnám í gögnunum.

## Greining gagna

Eftir að gagnasafnið hafði verið unnið var hægt að greina gögnin. Greining var gerð með veltitöflum (e. pivot tables) og lýsandi tölfræði. Greiningin fór fram í tveimur skrefum: (1) Umsóknir flokkaðar eftir tegund náms: Starfsnám, almennt bóknám, listnám, íþróttanám, undirbúningsnám, starfsbraut, viðbótarnám til stúdentsprófs, meistaranám og óskilgreint. (2) Umsóknir í starfsgreinar flokkaðar eftir starfsgreinaflokkum í samræmi við skilgreiningar starfsgreinaráða.

Fyrri greiningin var gerð til að fá fram heildarmynd af þróun aðsóknar í ólíkar tegundir náms á framhaldsskólastigi á tímabilinu með það fyrir augum að fá samanburð, bæði til að bera saman aðsókn í starfsnám og annað nám í framhaldsskóla og eins til að bera saman þróun aðsóknar í einstaka starfsgreinaflokkum og starfsnám í heild. Síðari greiningin var gerð til að skoða sérstaklega þróun ólíkra starfsgreinaflokka á tímabilinu.

Aðeins var skoðuð aðsókn í nám sem lýkur á 3. hæfniprepi og því ekki teknað með umsóknir um iðnmeistaránám eða annað nám sem lýkur á 4. hæfniprepi. Ekki eru heldur sýndar hér umsóknir í viðbótarnám til stúdentsprófs, starfsbrautir og óskilgreint nám sem ekki var hægt að flokka.

Skilgreining starfsgreinaflokka á heimasíðu Miðstöðvar menntunar og skólabjónustu (e.d.-a) var notuð til að flokka námsbrautir í gagnasafninu í starfsnám og flokka starfsgreina (sjá töflu 1). Í einstaka tilvikum lék vafi á hvort tiltekin námsbraut félli undir tiltekinn starfsgreinaflokk og var þá leitað á heimasíðum framhaldsskóla til að fá úr því skorið. Í niðurstöðunum er fjallað um aðsókn í alla starfsgreinaflokka nema einn, umhverfis- og landbúnaðargreinar, en þar sem nám sem fellur undir þennan starfsgreinaflokk var á forræði Landbúnaðarháskólans þar til 2021 eru ekki gögn í gagnasafninu um aðsókn í þessar greinar nema síðustu þrjú ár. Flokkun í aðrar tegundir náms (bóknám, íþróttanáms, listnáms og undirbúningsnám) byggðist á heitum námsleiða og ISCED-flokkunarkerfinu.

## Tafla 1

Listar yfir starfsgreinaflokka (sbr. reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009) og þær greinar sem undir þessa flokka heyra (Miðstöð menntunar og skólabjónustu, e.d.-a). Aðeins greinar með lokapróf á 3. hæfniprepi voru með í greiningunni. Einnig er gefinn upp meðalfjöldi umsókna á ári og meðalhlutfall umsókna um starfsmenntun á ári fyrir tímabilið 2006–2024.

Starfsgreinaflokkur	Meðal-fjöldi á ári	Meðal-hlutfall á ári	Starfsgreinar sem falla undir starfsgreinaflokk
Bygginga- og mannvirkjagreinar	709	17%	Löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraíðni, múraraiðni, pípulögnum, veggfóðrun. Einnig plast- og trefjasmíði.
Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar	643	16%	Félagsliðar, félagsmála- og tómsundaliðar, fóta- aðgerðafræðingar, heilbrigðisritarar, lyfjateknar, læknaritarar, leikskólaliðar, skólaliðar, stuðningsfulltrúar í grunnskólum, heilsunuddarar, sjúkraliðar, tanntæknar.
Hönnunar- og handverksgreinar	230	6%	Fatateknar, tækniteikun. Einnig námsbrautir fyrir löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í kjólasaumi, klæðskurði, gull- og silfursmíði, húsgagnabólstrun, skósmíði og söðlasmíði.

Matvæla-, veitinga- og ferða- þjónustugreinar	387	10%	Matartæknar, kjötskurðarmenn, slátrarar, leið- sögumenn, ferðaþjónustugreinar. Einnig löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn, matreiðslu og mjólkurfræði.
Málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinar	434	11%	Vélstjórnarréttindi A, B, C og D. Einnig námsbrautir fyrir löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í vélvirkjun, kæli- og frystivélavirkjun, blikksmíði, rennismíði, stálsmíði og netagerð.
Rafiðngreinar	515	13%	Hljóðtæknar, lýsingartæknar, rafeindavélfræðingar (mechatronics, er í þróun) og fleiri stéttir tækni- fólks. Einnig námsbrautir fyrir löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun.
Samgöngu-, farartækja- og flutningsgreinar	255	6%	Samgöngu- og flutningastarfsemi. Einnig náms- brautir fyrir löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun.
Sjávarútvegs- og siglingagreinar	127	3%	Skipstjórnarréttindi A, B, C, D og E. Einnig annað starfsnám á sviðum sjávarútvegs, t.d. fiskeldi og fiskvinnsla.
Skrifstofu- og verslunargreinar	104	3%	Þjónustugreinar, skrifstofumenn, verslunarmenn og annað starfsnám á þessu sviði (til dæmis rekstur fyrirtækja).
Snyrtigreinar	357	9%	Löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í snyrtifræði og hársnyrtiðn.
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar	212	5%	Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar ásamt net-, vef- og kvikmyndatækni. Einnig námsbrautir fyrir löggiltar iðngreinar til sveinsprófs í bókbandi, ljósmyndun, prentun og prentsmíði (grafískri miðlun).

## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðunum er skipt í tvo kafla. Í fyrri kaflanum er farið yfir þróun aðsóknar í fram-  
haldsskóla eftir tegund náms. Í þeim síðari er þróun aðsóknar í starfsnám greind nánar  
eftir starfsgreinaflokkum.

### Þróun aðsóknar í framhaldsskóla eftir tegund náms

Heildarfjöldi umsókna á tímabilinu fór úr 13.569 árið 2006 í 10.501 árið 2024. Almennt  
fór aðsókn jafnt og þétt minnkandi fyrir utan árin eftir hrun (2009 til 2011). Sennilega  
er það vegna þess að hópur þeirra sem ekki hafa sótt sér framhaldsskólamenntun fer  
minnkandi. Árgangar nemenda sem sóttu um í framhaldsskóla (15 ára) á tímabilinu fóru  
minnkandi á árunum 2006 til 2018 (úr 4.843 í 4.191) en hafa farið stækkandi síðan (alls

5.076 árið 2024) og skýrir fækkun í árgöngum því ekki heildarfækkun umsókna (Hagstofa Íslands, e.d.).

Þegar horft er á umsóknir um framhaldsskólanám sem lýkur á 3. þrepi á tímabilinu 2006 til 2024 eftir tegund náms (sjá mynd 1) kemur skýrt fram að meirihluti nemenda sækir um almennt bóknám eða starfsnám, eða 69% í upphafi tímabilsins og 89% við lok þess. Aðsókn í bóknám var nokkuð stöðug á tímabilinu fyrir utan einstaka toppa (2011, 2016 og 2023) og lægðir (2018 til 2021). Ljóst er að stærstur hluti umsókna um framhaldsskóla er um bóknám, eða um 46%–50% heildarumsókna á tímabilinu.


Aðsókn í starfsnám hreyfðist meira á tímabilinu, jókst 2008 til 2012, en minnkaði aftur áður en umsóknum fór aftur að fjölga árið 2019. Stærstan hluta tímabilsins, eða frá 2006 til 2019, voru um 30%–35% allra umsókna um starfsnám, en þetta hlutfall hækkaði upp í 40% árið 2020 og hefur haldist nálægt því síðan.

Umsóknir eru færri um bæði íþróttanám (til dæmis námsbrautir fyrir afreksíþróttafólk eða námsbrautir með áherslu á íþróttir) og listnám (til dæmis myndlist, tónlist eða kvikmyndanám), eða á bilinu 1%–7%. Umsóknum um listnám fækkar á tímabilinu, en umsóknum um íþróttanám fjölgar.

Athygli vekur að umsóknum um undirbúningsnám (til dæmis almennar brautir eða framhaldsskólabrautir) fækkar mikið á tímabilinu, eða úr 3.465 (25% allra umsókna) 2006 í 720 (8%) árið 2024. Hvað sem veldur því að nemendur verða ólíklegri til að raðast í undirbúningsnám er ljóst að þeir sem áður hefðu farið í undirbúningsnám eru að sækja í auknum mæli í annað nám.

## Mynd 1

Fjöldi umsókna í nám í framhaldsskóla sem lýkur á 3. hæfniprepi eftir tegund náms




Fjöldi umsókna um tiltekna tegund náms er mismunandi eftir því hvort um ræðir nemendur sem sækja um strax að loknum grunnskóla eða þá sem sækja um síðar. Þegar hlutfall umsókna eftir tegund náms er borið saman fyrir þann hóp sem sækir um strax eftir grunnskóla og þann sem sækir um þremur árum eftir útskrift úr grunnskóla eða seinna sést þetta skýrt (sjá mynd 2).

Nemendur sem sækja um strax eftir grunnskóla sækja aðallega um bóknám og þessi fjöldi hefur haldist mjög stöðugur, í kringum 3.000 umsóknir, á tímabilinu (um 60%–70% nemenda strax eftir grunnskóla). Lengst af voru aðeins um 500 umsóknir (11%–13%) um starfsnám en síðan 2019 hefur þeim fjölgað í um 1.000 (um 20%). Það er því ljóst að á þeim síðustu fjórum árum sem sýnd eru á myndinni hafa sífellt fleiri nemendur sótt um starfsnám strax að loknum grunnskóla.

Til samanburðar hefur hópurinn sem sækir um eftir þrjú ár frá útskrift úr grunnskóla eða seinna sótt frekar um starfsnám en bóknám, og sá munur hefur eingöngu aukist frá 2016. Það er athyglisvert að fækkun umsókna um starfsnám á tímabilinu 2013–2018 virðist vera vegna þess að eldri hópurinn sótti þá minna í starfsnám og meira í bóknám.

## Mynd 2

*Fjöldi umsókna um bóknám (bláar línur) og starfsnám (grænar línur) í framhaldsskóla sem lýkur á 3. hæfniprepi hjá nemendum sem sækja um strax eftir útskrift úr grunnskóla (heilar línur) og þeim sem sækja um þremur árum eftir útskrift úr grunnskóla eða seinna (brotnar línur).*



Af þessu má sjá að val á námi er háð aldri og sennilega ráða ólíkir áhrifaþættir för í námsvali ungmenna sem koma beint úr grunnskóla og þeirra sem af einhverjum ástæðum bíða með framhaldsskólanám eða koma aftur í framhaldsskóla. Það er þó athyglisvert

að sjá aukinn áhuga á starfsnámi hjá þeim sem koma beint úr grunnskóla á síðastliðnum árum, eða úr um 500 umsóknum á ári í tæplega 1.000. Umræða í fjölmiðlum um hátt höfnunarhlutfall í starfsmenntun endurspeglar þessa þróun, en hafa verður í huga að hátt höfnunarhlutfall getur einnig verið afleiðing aukins áhuga eldri hópsins á starfsnámi. Þau sem koma beint úr grunnskóla hafa forgang í skráningu í nám í framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og því ræður fjöldi nemenda á þessum aldri óneitanlega miklu um það hvort eldri nemendur komast að í námi.


Þróun aðsóknar í starfsnám eftir starfsgreinaflokkum

Þróun aðsóknar eftir starfsgreinaflokkum sýnir fjölbreytt mynstur aðsóknar, en gróflega má setja þau í þrjá flokka: (1) Aðsókn eykst yfir tímabilið (sjá mynd 3), (2) aðsókn helst nokkuð stöðug (sjá mynd 4) og (3) aðsókn minnkar (sjá mynd 5).

Ef fyrst eru skoðaðir starfsgreinaflokkar þar sem aðsókn eykst (sjá mynd 3) er ljóst að aukin aðsókn í starfsnám síðustu árin skýrist af aðsókn í bygginga- og mannvirkjagreinar fyrst og fremst. En einnig má sjá jafna fjölgun umsókna í rafiðngreinar og matvæla-, veitinga-, og ferðaþjónustugreinar. Athygli vekur hvernig aðsókn í bygginga- og mannvirkjagreinar dregst saman á árunum eftir hrun, eða úr nærri 700 umsóknum að meðaltali fyrir hrun í um 500. Fækkun hélt áfram og aðsókn fór minnst í 404 umsóknir árið 2014. Eftir það hefur umsóknum fjölgað jafnt og þétt og á síðustu fjórum árum hafa þær verið að meðaltali fjórðungur af öllum umsóknum um starfsnám. Fjölgun umsókna í rafiðngreinar hefur verið hóflegri, en þar má einnig greina jafna fjölgun frá 2017. Aukin umsvif í byggingargeiranum á síðastliðnum 10 árum eru líkleg ástæða fyrir fjölgun umsókna í þessum greinaflokkum.

### Mynd 3

*Fjöldi umsókna eftir árum í starfsgreinaflokkum þar sem umsóknum hefur fjölgað á tímabilinu. Aðeins er sýnd aðsókn í nám sem lýkur á 3. hæfniprepi.*




Fjölgun umsókna um matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar varð fyrst og fremst á fyrsta hluta tímabilsins, eða á árunum 2008 til 2010. Þessi fjölgun endurspeglar aukna hlutdeild ferðaþjónustu í hagkerfinu (Ferðamálastofa, e.d.). Ólíkt bygginga- og mannvirkjagreinunum virðist hrunið ekki hafa haft mikil áhrif á aðsókn, enda er ferðaþjónustan talin hafa gegnt lykilhlutverki í að endurreisa íslenskan efnahag eftir hrun. Ekki er hægt að greina skýr áhrif COVID-19-faraldursins í þessum gögnum, en kannski endurspeglar það hversu hratt ferðaþjónustan rétti úr kútnum eftir að faraldurinn var afstaðinn (Atvinnuvegaráðuneytið, 2022; Hagstofa Íslands, 2025).

Í nokkrum starfsgreinaflokkum varð ekki mikil breyting á aðsókn yfir tímabilið (sjá mynd 4). Þó eru nokkur atriði í hreyfingum á aðsókn í þessa greinaflokka sem vert er að skoða. Umsóknir í heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar hafa verið á milli 600 og 750 á ári á tímabilinu, en þeim hefur fækkað á síðastliðnum árum og verið með því lægsta sem gerist í þessum starfsgreinaflokki síðastliðin tvö ár. Ekki er ljóst af hverju þetta stafar, en það verður að teljast alvarlegt þegar horft er til þess að fjölmennustu starfsgreinarnar í þessum flokki eru félagsliðar, sjúkraliðar og leikskólaliðar og í þessum starfsgreinum hefur verið rætt um skort á fólki síðastliðin ár. Á móti kemur að ef horft er til síðustu þriggja áratuga hefur nám á þessu sviði í auknum mæli færst upp á háskólastig og nýlegt dæmi er heilbrigðisgagnafræði (Félag heilbrigðisgagnafræðinga, 2019).

#### Mynd 4

*Fjöldi umsókna eftir árum í starfsgreinaflokkum þar sem fjöldi umsókna hefur haldist stöðugur á tímabilinu. Aðeins er sýnd aðsókn í nám sem lýkur á 3. hæfniprepi.*




Aðsókn í málmtækni-, vélstjórnar- og framleiðslugreinar jókst skarpt á árunum 2008 til 2009, úr um 283 umsóknum á ári upp í 519, en hefur eftir það haldist nokkuð stöðug eða um 400 til 500 umsóknir á ári. Það veur þó athygli að á síðasta ári voru umsóknirnar ekki nema 359. Aðsókn í samgöngu-, farartækja- og flutningsgreinar jókst lítillega á árunum 2008 til 2012 en hefur haldist nokkuð stöðug eftir að hafa minnkað 2013. Aðsókn í sjávarútvegs- og siglingagreinar hefur aldrei verið mikil, enda fáar námsleiðir þar undir á 3. hæfniprepi, aðallega skipstjórn til A-réttinda, en einnig fiskvinnsla. Tímabundin aukning í einhverri grein eða námsleið býr því til toppa. Til dæmis eru topparnir árin 2016 og 2023 vegna náms í fiskeldi sem skráð var í gagnagrunninn þessi ár. Fyrir 2013 er aðsókn í þennan starfsgreinaflokk fyrst og fremst vegna umsókna um skipstjórn, en þeim fækkaði upp úr 2010.

Í nokkrum starfsgreinaflokkum dró úr umsóknum á tímabilinu (sjá mynd 5). Í hönnunar- og handverksgreinum sóttu að meðaltali 330 nemendur um nám í þessu greinum í upphafi tímabilsins en í lok þess var meðaltalið um 160. Þessi greinaflokkur er samsettur úr mörgum frekar fámennum greinum en fækkunin er í þeim öllum og má sjá það sérstaklega í fatatækni, klæðskurði, kjólasaumi og tækniteiknun. Nám í skrifstofu- og verslunargreinum hefur ekki verið fjölmennt en ljóst er að upp úr 2015 dregur mjög úr aðsókn í þessar greinar, líklega vegna þess að ekki er boðið upp á starfsnám á 3. hæfniprepi í þessum greinum eftir það. Á síðustu fjórum árum hefur verið einhver aðsókn í verslunarnám en engin í aðrar námsbrautir sem fyrir þann tíma flokkuðust í þennan greinaflokk. Líkleg ástæða er að þetta nám hafi mikið til færst yfir í bóknám til stúdentsprófs. Algengt er í dag að framhaldsskólar bjóði upp á viðskiptabrautir eða viðskipta- og hagfræðibrautir til stúdentsprófs og það nám er ekki flokkað sem starfsnám.

## Mynd 5

*Fjöldi umsókna eftir árum í starfsgreinaflokkum þar sem fjöldi umsókna hefur dregist saman á tímabilinu. Aðeins er sýnd aðsókn í nám sem lýkur á 3. hæfniprepi.*



Aðsókn í snyrtigreinar hefur dregist saman á tímabilinu, var að meðaltali 460 umsóknir á ári fram til 2015 en um 260 að meðaltali eftir það. Þegar nánar er skoðað kemur á daginn að þessi samdráttur í umsóknum er aðallega vegna fækkunar í hársnyrtiið, en aðsókn í snyrtifræði virðist vera nokkuð jöfn á tímabilinu. Ekki er augljóst af hverju dregið hefur úr aðsókn í hársnyrtiið en nokkrir hlutir gætu hafa haft áhrif. Til dæmis var Iðnskólinn í Hafnarfirði felldur inn í Tækniskólann árið 2015 og hársnyrtibrautirnar sameinaðar svo að plássum í hársnyrtinámi á höfuðborgarsvæðinu fækkaði. Að auki var lengi erfitt að komast á samning í hársnyrtiið, sem varð til þess að nemar gátu ekki útskrifast á réttum tíma eða hurfu frá námi. Mögulega hafa sögur um hversu erfitt væri að komast á samning haft áhrif á aðsókn. Nú eru skólar ábyrgir fyrir því að koma nemum á samning í iðngreinum (reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021) og það gæti haft áhrif á þróun aðsóknar. Einnig ber að nefna að nokkrir litlir einkaskólar hafa starfað á tímabilinu í snyrtigreinum og starfar einn þeirra, Háarakademían, enn. Umsóknir í þá skóla eru ekki inni í þessum tölum en ættu ekki að hafa áhrif á heildarmyndina.

Aðsókn í upplýsinga- og fjölmiðlagreinar hefur einnig dregist saman á tímabilinu, úr um 300 umsóknum á ári fram til 2015 í um 120 á ári eftir það. Aðsókn hefur dregist saman í flestum starfsgreinum í þessum flokki en gróflega má flokka þær annars vegar í starfsgreinar sem ekki leiða til réttinda eða vel skilgreindra starfa og hins vegar löggiltar iðngreinar. Í fyrri flokkinn falla bókasafnstækni, margmiðlun og fjölmiðlataekni, en ekki er lengur boðið upp á nám í bókasafns- og fjölmiðlataekni á framhaldsskólastigi og útskýrir það sennilega fækkunina. Eins er hugtakið margmiðlun er ekki lengur notað. Í síðari flokknum eru löggiltar iðngreinar (svo sem bókband, ljósmyndun og grafísk miðlun) en nám í þeim er enn í boði. Dregið hefur töluvert úr aðsókn í þessar greinar, sem sést best á því að umsóknir um grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina (undanfari sérhæfingar í löggiltar iðngreinar á þessu sviði) voru um 180 að meðaltali fram til 2015 en aðeins 80 eftir það. Nokkrar ástæður eru líklegar, svo sem framþróun í upplýsingatækni og að tengt nám sem fer fram í Listaháskóla Íslands dragi frekar til sín nemendur eftir stúdentspróf sem ekki voru tilbúnir að velja þetta nám í framhaldsskóla. Einnig hefur starfsvettvangur greinanna breyst mikið, til dæmis hefur styr staðið um löggildingu ljósmyndunar og dregið hefur jafnt og þétt úr prentun bóka hér innanlands þannig að aðeins að meðaltali 16%–17% eru prentuð á Íslandi (Alþýðusamband Íslands, 2023; Samtök iðnaðarins, 2021b). Óneitanlega hlýtur það að hafa áhrif á atvinnuhorfur þeirra sem íhuga þetta nám.

Á heildina litið er ljóst að aðsókn í starfsnám er mismikil eftir greinaflokkum og í þróun aðsóknar má sjá mismunandi áhrif stöðu í atvinnulífinu, utanaðkomandi áhrifaþátta í samfélaginu og þróunar menntakerfisins.

## UMRÆÐUR

Markmið greinarinnar var að skoða þróun aðsóknar í starfsnám í framhaldsskóla síðustu tvo áratugina, eftir flokkum starfsgreina, og athuga hvort hægt væri að greina annaðhvort almenna eða sértæka þætti sem hafa haft áhrif á aðsókn.

Svo hægt sé að skoða aðsókn í starfsnám og ræða hvernig og hvort hægt er að efla það er mikilvægt að það sé skýrt til hvers er verið að vísa. Hér var gengið út frá skil-

greiningu Gestis Guðmundssonar (1993), að starfsnám miði beint að undirbúningi fyrir ákveðin störf á vinnumarkaði, óháð því hvort námið leiðir til formlegra réttinda eða hvort það er verklegt eða bóklegt. Til að skilgreina nánar hvaða námsbrautir tilheyra starfsnámi var kannað hvernig starfsnám er skilgreint og flokkað í aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012), ISCED-flokkunarkerfinu (Hagstofa Íslands, 2008) og stjórnáslu starfsmenntunar (reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009). Valið var að nota skilgreiningar á starfsgreinaráðum, bæði til að ákvarða hvaða námsbrautir teljast vera starfsnám og flokka þær saman. Þær skilgreining voru taldar ná best utan um almennan skilning á því hvað telst vera starfsmenntun á Íslandi.

Stærstur hluti umsókna um framhaldsskóla árin 2006 til 2024 var um bóknám og var nokkuð stöðugur á tímabilinu. Fjöldi umsókna í starfsnám var breytilegri, óx í upphafi tímabilsins, minnkaði um miðbik tímabilsins, en hefur aukist aftur eftir 2018. Athygli vakti að umsóknum um undirbúningsnám fækkaði mikið á tímabilinu og má ætla að einhver hluti þeirra nemenda sem áður hefði verið beint í undirbúningsnám fari nú í starfsnám. Ljóst er þó að aðsókn í starfsnám hefur aukist, og sérstaklega strax eftir grunnskóla, þó svo að meirihlutinn velji enn bóknám. Nemendur sem sækja um nám í framhaldsskóla þremur árum eftir útskrift úr grunnskóla eða seinna hafa alltaf frekar valið starfsnám, en þó síður um miðbik tímabilsins þar sem umsóknum þessa hóps um starfsnám fækkaði. Þetta gefur til kynna að forsendur námsvals þeirra sem koma beint úr grunnskóla og þeirra sem snúa aftur í framhaldsskóla eftir hlé eða annað nám séu ólíkar og í aðgerðum til að efla starfsnám verði að taka mið af því. Mikilvægt er að greina síðan í hvaða starfsgreinar nemendur sækja beint úr grunnskóla, en sú greining var of umfangsmikil fyrir þessa grein. Ekki má heldur gleyma að sá hópur sem velur starfsnám síðar er mikilvægur og þarf að skoða sérstaklega þegar leitað er leiða til að fjölga nemendum í starfsnámi.

Rannsóknarspurningarnar sneru að þróun aðsóknar í ólíka greinaflokka starfsnáms á tímabilinu 2006 til 2024, einkennum þessarar þróunar og hvort hægt væri að greina þætti sem hefðu haft áhrif á þessa þróun, bæði almenna og sértæka. Niðurstöðurnar sýna í grófum dráttum öll þau mynstur þróunar sem hugsast getur: (1) aðsókn eykst, (2) aðsókn stendur í stað og (3) aðsókn minnkar yfir tímabilið.

Í þeim þremur starfsgreinaflokkum þar sem aðsókn hefur aukist á tímabilinu, og sérstaklega undanfarin ár, má greina áhrif uppgangs í atvinnulífínu. Áhrif atvinnulífsins og eftirspurnar eftir starfsfólki má því sjá í aðsókn í þessa greinaflokka. Í einhverjum tilvikum kemur það sennilega til vegna þess að fólk fær störf á þessum vettvangi og leitar sér svo menntunar, en fjölgun umsókna nemenda beint úr grunnskóla sýnir líka að umræða um eftirspurn og möguleika bæði á störfum og samningsplássum hefur að öllum líkindum áhrif. Mikilvægt er að skoða nánar forsendur námsvals þessara nemenda til að hægt sé að álykta hvort og þá hvernig mætti helst auka aðsókn þessa hóps í aðrar starfsgreinar.

Athygli vekur að aukna aðsókn má helst greina í starfsgreinaflokkum þar sem karlar hafa hingað til verið í meirihluta (rafiðngreinar og bygginga- og mannvirkjagreinar) en minnkandi aðsókn sást í greinar þar sem konur hafa verið í meirihluta (snyrtigreinar og heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar). Það er ekki spurning að kynjahlutfall og staðalímyndir starfsgreina hafa áhrif á aðsókn (sjá til dæmis Guðbjörgu T. Vilhjálmssdóttur og Guðmund B. Arnkelsson, 2005; UNESCO, 2020), en greina þyrfti sérstaklega hvernig þróun aðsóknar í starfsnám hefur verið á síðustu árum út frá kynjasjónarmiðum.

Í þeim starfsgreinaflokkum þar sem aðsókn hélst nokkuð stöðug yfir tímabilið mátti þó greina hreyfingar sem þyrfti að skoða nánar. Til dæmis hefur umsóknum í heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar fækkað síðustu ár og ekki er ljóst hvort um ræðir minni áhuga eða tilfærslu náms upp á háskólastig. Einnig má sjá tímabundin áhrif þegar nám er í boði í afmarkaðan tíma. Þannig má greina áhrif á aðsókn vegna kerfislægra þátta í menntakerfinu frekar en einhvers sem kemur til vegna breytinga eða áhrifa sem tengjast atvinnugreininni sjálfri.

Í starfsgreinaflokkum þar sem aðsókn hafði minnkað mátti einnig greina kerfislæg áhrif, eins og að námsbrautir færðust úr því að teljast starfsnám yfir í bóknám (til dæmis verslunargreinar). En einnig mátti greina áhrif sem líklega koma til fyrir samspil stöðu atvinnulífs og skólasamfélagsins, eins og í bæði hársnyrtiiðn og upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Þar má greina áhrif þróunar náms og atvinnugreinar, sem getur haft áhrif á til dæmis framboð á samningsplássum (hársnyrtiiðn) eða atvinnumöguleika (grafísk miðlun og bókbönd). Það má þó ætla að þegar framhaldsskólar voru gerðir ábyrgir fyrir vinnustaðanámi árið 2021 hafi áhrif skorts á samningsplássum mildast, þar sem það varð ólíklegra að nemendur hyrfu frá námi vegna þessa.

Þannig var hægt að sjá ólík mynstur aðsóknar í starfsgreinaflokkum, en einnig mátti sjá sömu þróun (til dæmis fækkun umsókna) sem líklega er vegna ólíkra áhrifaþátta. Á heildina sýnir þessi greining að aðsókn í starfsnám á framhaldsskólastigi stjórnast af flóknu samspili ólíkra þátta, bæði í atvinnulífinu og skólakerfinu. Staðan í atvinnulífinu og eftirspurn eftir starfsfólki skiptir miklu máli, nefna má sem dæmi breytingar í prentiðnaði og uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Íslandi, og einnig má greina áhrif efnahagshrunsins í aðsóknartölum ákveðinna greina.

Þróun námsgreina og námstækifæri bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi skipta líka máli. Aukinn fjölbreytileiki í bóknámsbrautum í framhaldsskólum (sjá Maríu Jónasdóttur o.fl., 2025), sem kom til vegna breytinga á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012), er einnig líklegur áhrifaþáttur. Fjölbreyttari bóknámsbrautir keppa um athygli og áhuga nemenda. Aukið námsframboð á háskólastigi getur einnig haft áhrif, bæði með því að sérhæft nám á framhaldsskólastigi er flutt upp á háskólastig, en einnig með því að háskólar fara að bjóða upp á nám sem sérstaklega er ætlað nemendum sem lokið hafa tilteknu starfsnámi. Í fyrra tilvikinu ætti umsóknum að fækka í starfsnám á framhaldsskólastiginu en frekar að fjölga í því síðara.

Í niðurstöðum má greina hreyfingar á aðsókn upp úr 2015, sérstaklega í greinaflokkum þar sem aðsókn hefur breyst yfir tímabilið, sem líklega má rekja til fyrrgreindra breytinga á umgjörð framhaldsskólans. Þarna fengu skólarnir aukið vald yfir námsframboði og uppbyggingu námsbrauta, og má leiða líkur að því að þessi sveigjanleiki hafi gert námsframboð í heildina næmara fyrir ýmsum áhrifum, bæði í atvinnulífinu og menntakerfinu.

Skoðun á þróun gefur til kynna að hægt sé að flokka áhrifaþætti í þrennt: (1) Breytingar á atvinnugrein (sértæk áhrif á starfsgrein) eða vinnumarkaði (almenn áhrif, til dæmis efnahagshrun eða COVID-19). (2) Samfélagsleg umræða um starfsnám og atvinnumöguleika, til dæmis um eftirspurn eftir fólki eða skort á plássum í vinnustaðanámi. Sú umræða gæti bæði tengst einstökum greinum eða fjallað almennt um starfsnám. (3) Áhrifaþættir

tengdir skipulagi menntakerfisins. Hér má nefna almenna þætti, svo sem bóknámsrek, laga- og reglugerðarbreytingar á umgjörð framhaldsskólans og stækkun háskólastigsins. En einnig geta þetta verið sértækir þættir sem tengjast þróun námsgreinarinnar, svo sem sameiningu skóla og því þegar nýtt starfsnám er sett á fót vegna þróunar atvinnulífs eða nær ekki fótfestu og hættir.

Taka þarf fram að ýmsar takmarkanir eru á þeirri greiningu sem hér hefur verið gerð og þeim mælikvarða sem er notaður. Starfsnám er ekki bara fjölbreytt í heild, heldur geta einstaka starfsgreinaflokkar verið mjög ólíkir innbyrðis. Innan þeirra gætu því verið ólík aðsóknarmynstur sem ekki sjást hér. Greiningin tekur bara til fjölda umsókna um nám en segir ekkert til um hversu margir skrást í námið eða brautskrást á endanum. Því er hér aðeins um að ræða ákveðna vísbendingu um áhuga á starfsnámi á tilteknum tíma. Eins getur sá áhugi sem verður til þess að nemandi sækir um nám komið til af ólíkum ástæðum og mikilvægt er að skoða forsendur námsvals nemenda almennt og í starfsnámi sérstaklega. Einnig verður að minna á að gögnin eru annmörkum háð, eins og lýst var í kafla um aðferð. Greining á þróun aðsóknar í starfsgreinaflokkum var því fyrst og fremst ætluð til að draga upp heildarmynd og gefa gróflega til kynna hvaða áhrifaþætti mætti greina.

Eins og getið var í upphafi hefur það lengi verið vilji íslenskra menntayfirvalda að efla starfsnám á framhaldsskólastigi. Spurt er í titli greinarinnar hvort hægt sé að efla starfsnám og er svarið við spurningunni „já, mögulega“, en með fyrirvara um að nauðsynlegt sé að huga að því hvað átt er við með starfsnámi og horfa verði til þeirra áhrifaþátta sem hér hafa verið greindir. Það er ljóst að í öllum áætlunum um að efla starfsmenntun og fjölga þeim sem velja starfsnám í framhaldsskóla verður að taka tillit til þess hversu fjölbreytt starfsnám er innbyrðis. Ytri þættir tengdir atvinnulífinu geta vegið þungt í að skapa jákvæðar eða neikvæðar aðstæður fyrir ólíkar starfsgreinar. Það er spurning hvort aðgerðir til að fjölga nemendum í starfsnámi þurfi að miða sérstaklega að tilteknum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum, og þá tilteknum nemendahópum, til að ná árangri. Aukinn áhugi yngri hóps nemenda á starfsnámi á síðustu árum er mjög jákvæður, en sá áhugi er afmarkaður við tilteknar greinar og virðist nátengdur stöðu atvinnulífsins. Ekki er víst að þessi áhugi myndi færast yfir á aðrar starfsgreinar ef til dæmis drægi úr umsvifum byggingagreina. Eins geta breytingar á menntakerfinu haft ófyrirséðar afleiðingar og ólíkir þættir unnið saman að því að letja nemendur til starfsnáms. Bóknámsáhersla, aukin fjölbreytni og fjöldi bóknámsbrauta og stækkun háskólastigsins skiptir einnig máli og mætti því spyrja hvort einhver hluti starfsnáms ætti heima á háskólastigi.

Það er ljóst að ekki er einfalt að efla starfsmenntun, hvorki þegar horft er til allra þeirra þátta sem hér hafa verið nefndir né þegar tekið er tillit til þess bóknámsreks sem hefur einkennt menntakerfið á Íslandi undanfarna áratugi (Jón Torfi Jónasson, 2003, 2004). Mikilvægt er að menntayfirvöld setji ekki fram óljós og almenn fyrirheit um að efla starfsnám heldur leggi áherslu á raunhæfa nálgun í þessum málaflokki byggða á bæði heildstæðri sýn og vitund um flækjustig kerfisins og fjölbreytni starfsgreina.

## HEIMILDIR

- Aarkrog, V. (2020). The standing and status of vocational education and training in Denmark. *Journal of Vocational Education & Training*, 72(2), 170–188. <https://doi.org/10.1080/13636820.2020.1717586>
- Alþýðusamband Íslands. (2023, 19. desember). *83,3% bókatitla prentaðir erlendis*. Vinnan. <https://vinnan.is/833-bokatitla-prentadir-erlendis/>
- Atvinnuvegaráðuneytið. (2022, 4. janúar). *Staða íslenskrar ferðapjónustu þokkaleg í árslok 2021*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/01/04/Stada-islenskrar-ferdathjonustu-thokkaleg-i-arslok-2021-Vidspyrnuadgerdir-nema-31-ma.-kr.-og-hafa-skipt-skopum-/>
- Billett, S. (2014). The standing of vocational education: Sources of its societal esteem and implications for its enactment. *Journal of Vocational Education & Training*, 66(1), 1–21. <https://doi.org/10.1080/13636820.2013.867525>
- Cedefop. (2014). *Attractiveness of initial vocational education and training: Identifying what matters*. Publications Office of the European Union. <https://www.cedefop.europa.eu/en/publications/5539>
- Elsa Eiríksdóttir. (2022). Áskoranir starfsmenntunar: Aðgengi starfsmenntanema að háskólanámi. *Sérřit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar, til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.79>
- Elsa Eiríksdóttir. (2023). Choosing vocational education: Reasons and rationale of recently graduated journeymen in Iceland. Í L. Herrera, M. Teräs, P. Gougoulakis og J. Kontio (ritstjórar), *Learning teaching and policy making in VET* (bls. 225–257). Atlas Förlag.
- Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2018). Þversagnir og kerfisvillur? Kortlagning á ólíkri stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi. *Sérřit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.7>
- Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson. (2023). Starfsnám eða bóknám: Aðsókn nemenda og þróun framhaldsskólastigsins. *Skólaþræðir – Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2023/07/03/starfsnam-eda-boknam/>
- Ferðamálastofa. (e.d.). *Ferðapjónusta í tölum*. <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/ferdtjonusta-i-tolum>
- Félag heilbrigðisgagnafræðinga. (2019, 27. febrúar). *Heilbrigðisgagnafræði – Nýtt fagháskólanám við HÍ*. <https://www.hgf.is/frettir/stok-frett/2019/02/27/Heilbrigdisgagnafrædi/>
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Háskólaútgáfan.
- Gestur Guðmundsson. (1993). *Þróun starfsmenntunar á framhaldsskólastigi*. Menntamálaráðuneytið; Sammennt.
- Guðbjörg T. Vilhjálmssdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. *Uppeldi og menntun*, 14(2), 57–69. <https://timarit.is/gegnir/991002440579706886>
- Gylfi Magnússon. (2023, 18. maí). *Bókvit, skólar og húsnæði þeirra*. Heimildin. <https://heimildin.is/grein/17823/bokvit-skolar-og-husnaedi-theirra/>

- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2025*. Talnagrunnur. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout2/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout2/)
- Hagstofa Íslands. (2008). *ÍSNAÐ: Íslensk náms- og menntunarflokkun*.
- Hagstofa Íslands. (2018, 9. apríl). *Nýnemum fækkar í starfsnámi á framhaldsskólastigi*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolestigi-1997-2016/>
- Hagstofa Íslands. (2024). *Framhaldsskólastig – Talnaefni*. <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/framhaldsskolastig/>
- Hagstofa Íslands. (2025, 12. mars). *Hluttur ferðapjónustu í landsframleiðslu var 8,7% árið 2024*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/hluti-ferdathjonustu-i-landsframleidslu-2024/>
- Harwood, J. (2010). Understanding academic drift: On the institutional dynamics of higher technical and professional education. *Minerva*, 48, 413–427. <https://doi.org/10.1007/s11024-010-9156-9>
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Starfsnám*. [https://hi.is/felagsvisindasvid\\_stjornmalafraedideild/starfsnam](https://hi.is/felagsvisindasvid_stjornmalafraedideild/starfsnam)
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.). *Vettvangsnám*. <https://www.unak.is/is/haskolinn/fraedavid-og-deildir/hug-og-felagsvisindasvid/kennaradeild/vettvangsnam>
- Háskólinn í Reykjavík. (e.d.). *Starfsnám*. <https://www.ru.is/namid/val-a-nami/starfsnam>
- Jón Agnar Ólason. (2021, 20. júní). *Fimmfalt fleiri útskrifast úr háskóla en iðnnámi*. Ríkisútvarpið. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-06-20-fimmfalt-fleiri-utskrifastur-haskola-en-idnnami>
- Jón Torfi Jónasson. (1992). Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. Í *Menntun og atvinnulíf* (bls. 54–83). Sammennt. <https://hdl.handle.net/1946/14051>
- Jón Torfi Jónasson. (1995). Baráttan á milli bóknáms og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 277–285). Félagsvísindastofnun HÍ; Háskólaútgáfan. <https://uni.hi.is/jtj/files/2020/03/Bar%C3%A1ttan-milli-b%C3%B3kn%C3%A1ms-og-starfsmenntunar-%C3%A1-framhaldssk%C3%B3lastigi.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (2003). Does the state expand schooling? A study based on five Nordic countries. *Comparative Education Review*, 47(2), 160–183. <https://doi.org/10.1086/376541>
- Jón Torfi Jónasson. (2004). What determines the expansion of higher education? Credentialism, academic drift and the growth of education. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V, Viðskipta- og hagfræðideild* (bls. 275–290). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir. (2016). Iceland: Educational structure and development. Í T. Sprague (ritstjóri), *Education in non-EU countries in Western and Southern Europe* (bls. 11–36). Bloomsbury. <https://doi.org/10.5040/9781474243230.ch-001>
- Jørgensen, C. H. (2022). Social inclusion and equality in access: Comparing vocational education in Sweden and Denmark. Í A. Rasmussen og M. Dovemark (ritstjórar),

- Governance and choice of upper secondary education in the Nordic countries* (bls. 39–56). Springer. [https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4\\_3](https://doi.org/10.1007/978-3-031-08049-4_3)
- Lasonen, J. og Young, M. (ritstjórar). (1998). *Strategies for achieving parity of esteem in European upper secondary education*. Institute for Educational Research, University of Jyväskylä.
- Lilja Alfreðsdóttir. (2020). *Stórsókn í menntamálum í verki*. Mennta- og barnamálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-barnamalaraduneytid/fyrri-radherrar/stok-raeda-fyrrum-radherra/2020/06/23/Storsokn-i-menntamalum-i-verki/>
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.
- María Jónasdóttir, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2025). Policy confluences, curricular changes and access to academic knowledge: Mapping the structure and content of the Icelandic upper secondary academic curriculum. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*. <https://doi.org/10.1080/20020317.2025.2507986>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022a). *Skýrsla starfshóps um innritun í starfsnám á haustönn 2022: Tillögur um aðgerðir*. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Fretta-tengt---myndir-og-skrar/MRN/Sk%c3%bdrsla%20starfsh%c3%b3ps%20um%20innritun%20c3%ad%20starfsn%c3%a1m%20c3%a1%20haust%c3%b6nn.pdf>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022b, 8. nóvember). *Aðgerðir til að fjölga nemum í starfsnámi*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/11/08/Adgerdir-til-ad-fjolga-nemum-i-starfsnami/>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023). *Greinargerð um húsnæðisþörf í framhaldsskólum 2023–2033*. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/greinargerd-husnaedistharfir-framhaldsskola-MRN-020323.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *OECDreview: Skills beyond school. National background report for Iceland*. [https://menntavisindastofnun.hi.is/files/2022-03/OECDReview\\_SkillsBeyondSchool\\_Iceland\\_2013.pdf](https://menntavisindastofnun.hi.is/files/2022-03/OECDReview_SkillsBeyondSchool_Iceland_2013.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/hvitbik\\_umbætur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/hvitbik_umbætur_i_menntun.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Aðgerðaráætlun: Starfsmenntun*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/hvitbokargogn/s2.-adgerdaraetlun-um-starfsmenntun.pdf>
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.-a). *Framhaldsskólar: Þjónusta*. <https://vef-safn.is/is/20250107184659/https://mms.is/framhaldsskolar-thjonusta>
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. (e.d.-b). *Staðfestar námsbrautalýsingar*. <https://mms.is/stadfestar-namsbrautalysingar>
- Morphew, C. C. (2000). Institutional diversity, program acquisition and faculty members: Examining academic drift at a new level. *Higher Education Policy*, 13(1), 55–77. [https://doi.org/10.1016/S0952-8733\(99\)00028-8](https://doi.org/10.1016/S0952-8733(99)00028-8)

- Nylund, M., Rosvall, P.-Å., Elsa Eiríksdóttir, Holm, A.-S., Isopahkala-Bouret, U., Niemi, A.-M. og Guðrún Ragnarsdóttir. (2018). The academic-vocational divide in three Nordic countries: Implications for social class and gender. *Education Inquiry*, 9(1), 97–121. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1424490>
- OECD. (1987). *Skýrsla um menntastefnu á Íslandi*. Menntamálaráðuneytið.
- OECD. (2023). *Spotlight on vocational education and training: Findings from Education at a glance 2023*. <https://doi.org/10.1787/acff263d-en>
- Reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.
- Reglugerð um skipan og störf starfsgreinaráða nr. 711/2009.
- Reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021.
- Ríkisendurskoðun. (2017). *Starfsmenntun á framhaldsskólastigi: Skipulag og stjórnýsla*. [https://menntavisindastofnun.hi.is/files/2022-02/Rikisendurskodun\\_Starfsmenntun\\_a\\_framhaldsskolastigi\\_2017.pdf](https://menntavisindastofnun.hi.is/files/2022-02/Rikisendurskodun_Starfsmenntun_a_framhaldsskolastigi_2017.pdf)
- Samtök iðnaðarins. (2021a, 1. júlí). *Bregðast verður við auknum áhuga á iðn- og starfsmenntun*. <https://www.si.is/frettasafn/bregdast-verdur-vid-auknum-ahuga-a-idn-og-starfsmenntun>
- Samtök iðnaðarins. (2021b, 21. desember). *Færri bókatitlar prentaðir hér á landi í ár*. <https://www.si.is/frettasafn/faerri-bokatitlar-prentadir-her-a-landi-i-ar>
- Serafini, M. og Soares Marques, M. (2025). *What is new in IVET? Key pointers from statistics*. Cedefop. <https://www.cedefop.europa.eu/en/data-insights/what-new-ivet-key-pointers-statistics>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Menntastefna til ársins 2030: Framúrskarandi menntun alla ævi*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/>
- Stjórnarráð Íslands. (2015). *Númer námsbrautalýsinga framhaldsskóla*. [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/namsbrauta\\_\\_utgafunumer\\_250815.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/namsbrauta__utgafunumer_250815.pdf)
- Stjórnarráð Íslands. (2017, 30. nóvember). *Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2017/11/30/Sattmali-Framsoknarflokks-Sjalfstaedisflokks-og-Vinstrihreyfingarinnar-graens-frambods-um-rikisstjornarsamstarf-og-eflingu-Althingis/>
- Stjórnarráð Íslands. (2021, 28. nóvember). *Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf 2021*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2021/11/28/Sattmali-um-rikisstjornarsamstarf/>
- Stjórnarráð Íslands. (2024). *Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>
- UNESCO. (2020). *Boosting gender equality in science and technology: A challenge for TVET programmes and careers*. [https://unevoc.unesco.org/pub/boosting\\_gender\\_equality\\_in\\_science\\_and\\_technology.pdf](https://unevoc.unesco.org/pub/boosting_gender_equality_in_science_and_technology.pdf)
- Pingskjal nr. 310/2020–2021. Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0310.html>
- Pingskjal nr. 898/2020–2021. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (aðgangsskilyrði). <https://www.althingi.is/altext/151/s/0898.html>

Þorvarður Pálsson. (2021, 13. maí). Aukin aðsókn í iðnnám af rakstur kynningarstarfs. *Fréttablaðið*, 21(93), bls. 1. [https://timarit.is/page/7486023?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/Aukin%20a%C3%B0s%C3%B3kn%20%C3%AD%20i%C3%B0nn%C3%A1m%20afrakstur%20kynningarstarfs.%20\(13.05.2021\).%20%C3%9Eorvar%C3%B0ur%20P%C3%A1lsson%E2%80%A6](https://timarit.is/page/7486023?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/Aukin%20a%C3%B0s%C3%B3kn%20%C3%AD%20i%C3%B0nn%C3%A1m%20afrakstur%20kynningarstarfs.%20(13.05.2021).%20%C3%9Eorvar%C3%B0ur%20P%C3%A1lsson%E2%80%A6)

Greinin barst tímaritinu 24. júní 2025 og var samþykkt til birtingar 8. október 2025.

## UM HÖFUNDINN

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) er prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1999 og meistara- og doktorsprófi í verkfræðilegri sálfræði frá Georgia Institute of Technology 2007 og 2011. Rannsóknir hennar hafa snúið að verk- og starfsmenntun, framhaldsskólastiginu, hugrænni námssálarfræði, þróun kunnáttu og yfirfærslu þekkingar. <https://orcid.org/0000-0001-8606-4256>

# CAN INTEREST IN VOCATIONAL EDUCATION BE STIMULATED? APPLICATIONS TO VOCATIONAL EDUCATION PROGRAMS AT UPPER SECONDARY LEVEL 2006–2024

## ABSTRACT

This article examines the development of application patterns in vocational education and training (VET) at the upper secondary level in Iceland between 2006 and 2024. Despite long-standing policy goals to strengthen VET and increase participation, the proportion of students enrolling in vocational programmes has remained relatively low compared to academic programmes and in international comparison. While public discourse often frames vocational education as a unified concept, this paper challenges that assumption by analysing enrolment trends across different occupational fields and sectors, using application data from the national upper secondary school admission system and classifications provided by Icelandic sectoral councils.

The study is based on a comprehensive dataset encompassing all applications to Icelandic upper secondary schools from 2006 to 2024, categorized by programme type, occupational field, and applicant characteristics. By linking application records to recognized vocational fields, the analysis distinguishes general trends in vocational education from field-specific developments and identifies which areas have seen growth, stagnation, or decline in student interest.

Findings reveal a complex and uneven pattern. Although the overall share of vocational applications increased slightly in recent years—rising from around 30–35% of all applica-

tions between 2006 and 2019 to about 40% from 2020 onwards—this change is largely driven by increased demand in a few specific sectors. The building and construction trades, for example, saw a notable rebound in applications after a post-financial-crisis slump, probably reflecting economic recovery and labour market needs. Similarly, modest growth occurred in electrical and culinary arts and hospitality programmes.

Conversely, other sectors experienced declining interest. Applications to information and media technology programmes, for instance, dropped significantly after 2015. The same applies to beauty-related fields such as hairdressing, as well as printing and graphical design. In some cases, this decline may be due to institutional changes, reduced availability of programmes, or perceptions of limited career prospects. In other cases, vocational education has been absorbed into academic programmes, complicating traditional distinctions between educational pathways.

Notably, the study highlights a demographic split in VET applications. Young people applying directly after compulsory education are more likely to choose academic programmes, although their share of vocational applications has increased modestly in recent years. Older applicants, those applying three years or more after lower secondary graduation, are disproportionately represented in vocational applications. This suggests differing motivational factors and life circumstances between student groups, which policymakers must consider in VET planning.

The article further discusses conceptual challenges in defining and measuring VET. National and international classifications (e.g., ISCED codes) do not always align with public or institutional perceptions. Some programmes that are vocational in content are not classified as such, and vice versa. Moreover, while policy documents often refer to vocational education as a coherent domain, the data show that it encompasses a highly diverse set of fields with different labour market connections and dynamics within the education system.

By disaggregating data by occupational sector, the article demonstrates that there is no single trajectory for vocational education. Efforts to “strengthen VET” must therefore be sensitive to these internal differences. Even if recent increases in applications by young people are a positive development, this is mainly due to a growth in a few sectors which seem mostly driven by labour market conditions. There is no reason to believe young people would increasingly apply for VET programmes in other sectors if the labour market conditions in these particular fields were to change. Therefore, treating VET as a monolithic category can obscure challenges and opportunities within individual fields. Also, efforts to stimulate applications to VET must take the conditions for different sectors and fields into account.

In conclusion, the article calls for more nuanced policy approaches that address the specific conditions of different vocational sectors. Rather than aiming for general expansion in VET participation, targeted investments in infrastructure, programme development, and image-building in key fields may yield better results. Importantly, improving the social status and perceived value of vocational education remains a central concern—especially among younger students, for whom academic pathways are still seen as the default and more prestigious choice. Understanding the heterogeneity within vocational

education is essential for designing policies that are not only symbolically supportive but also practically effective.

Keywords: vocational education and training, Upper secondary education, application patterns.

## ABOUT THE AUTHOR

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) is a professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a BA degree in psychology at the University of Iceland in 1999 and a master's and a PhD in engineering psychology from Georgia Institute of Technology in 2007 and 2011, respectively. Her research interests include vocational education and training, upper secondary education, cognitive views of learning, skill acquisition, and transfer of learning. <https://orcid.org/0000-0001-8606-4256>

# FRÁ TEIKNINGU TIL SJÓNLISTA: PRÓUN NÁMSGREINARINNAR SJÓNLISTA Í SKYLDUNÁMI Á ÍSLANDI

Rannsóknin miðar að því að skoða þróun námsgreinarinnar sjónlista í skyldunámi barna á Íslandi frá fræðslulögunum 1907 með það að markmiði að auka yfirsýn, efla þekkingu og þróun í þágu stefnumótunar og umbóta, auka sýnileika greinarinnar og skerpa framtíðarsýn. Rannsóknaraðferðin fólst í innihaldsgreiningu tengdra skjala og rýni laga um menntun, reglugerða, námskráa og opinberra skýrslna. Leitast var við að athuga hvað þessi gögn segja um sjónlistakennslu á mismunandi tímum og gera grein fyrir sögulegri þróun hennar. Gögn voru kóðuð og þemagreind og sýndu niðurstöðurnar sjö efnisþætti sem voru: vægi, markmið, kennsluáðferðir, námsmatsaðferðir, aðstaða, tímafjöldi og samþætting. Rannsóknin sýnir að sjónlistir hafa verið mikilvægur þáttur í alþýðumenntun á Íslandi í gegnum tíðina þar sem greinin hefur verið hluti af námskrá skyldunáms frá því árið 1929. Hins vegar er ljóst að áherslur hafa tekið miklum breytingum á rúmum hundruð árum.

Efnisorð: sjónlistakennsla, aðalnámskrá, námskrárþróun, saga

## INNGANGUR

Skólaskylda á Íslandi hófst með fyrstu fræðslulögunum (lög um fræðslu barna nr. 57/1907) og var skólaskylda þá fjögur ár, eða fyrir tíu til fjórtán ára nemendur. Síðan þá hefur skólaskylda lengst í tíu ár og hún gildir um nemendur á aldrinum sex til sextán ára (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Mörg heiti hafa verið notuð á námsgreinina sjónlistir á þessum tíma. Í fyrstu voru t.d. notuð heitin myndaskript, dráttarlist og teikning (Fræðslumálastjórnin, 1929; Heimir Þorleifsson, 1975; reglugjörð fyrir Barnaskólann á Ísafirði nr. 134/1877) en í dag heitir námsgreinin sjónlistir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Í þessari rannsókn er hugtakið sjónlistir notað um greininna í almennri umfjöllun en önnur heiti notuð þegar við á.

Árið 1929 varð námsgreinin teikning hluti af skyldunámi barna með námskrá fyrir barnaskóla (Fræðslumálastjórnin, 1929) en einhver slík kennsla átt sér þó stað fyrir þann tíma. Ríkari hefð var fyrir teiknikennslu en öðrum verklegum greinum, sem yfirleitt áttu

erfitt uppdráttar (Ólafur Rastrick, 2008). Hér á landi færðu ýmsir talsmenn verklegrar kennslu rök fyrir mikilvægi þessara greina í alþýðumenntun. Þar ber helst að nefna Jón Þórarinsson (1891), Guðmund Finnbogason (1903) og Halldóru Bjarnadóttur (1919). Guðmundur fjallaði einnig um mikilvægi teiknikennslu í riti sínu *Lýðmentun* (1903) og benti á að með slíkri kennslu næðist tenging við náttúruna sem skapaði jafnvægi milli hugar og handar.

Við upphaf 20. aldar var teikning orðin hluti af alþýðumenntun víða í Evrópu (Efland, 1983) og íslenskir kennarar sem ferðuðust til Norðurlanda tóku með sér ýmsar hugmyndir þaðan sem höfðu áhrif á þróun hér á landi (Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, 2015). Hugmyndirnar má rekja til frumkvöðla mynd- og handmennta í alþýðumenntun. Þar ber helst að nefna Johann Heinrich Pestalozzi (1894) sem fjallaði um uppeldislegt gildi teikunar í bók sinni sem var fyrst gefin út 1801. Pestalozzi var þeirrar skoðunar að finna ætti teikningu stað jafnfætis öðrum grunnþáttum menntunar (Ashwin, 1980). Hugmyndir Pestalozzi byggjast að einhverju leyti á skrifum Rousseau sem fjallaði um teikningu í bók sinni *Emile* (1763/1921). Einn lærisveina Pestalozzi, Friedrich Fröbel, nýtti hugmyndir Pestalozzi í starfi sínu með ungum börnum og þróaði hagnýtar leiðir byggðar á hugmyndafræði hans (Barnard, 1906; Jón Þórarinsson, 1891).

Reynslunám í anda Dewey hefur verið ríkjandi aðferð í íslensku skólakerfi og er meðal annars sótt í hugmyndir Fröbels um að nám fari fram með gjörðum og þátttöku (Goldblatt, 2006). Bruner hefur stundum verið stillt upp sem andstæðingi Dewey með áherslu sinni á að nemendur læri hvað best ef þeir nálgast greinina á sama hátt og fræðimenn nálgast rannsóknir (Takaya, 2013). Dewey (1934) lagði hins vegar áherslu á hlutdeild fagurfræði í verklegu námi. Hugmyndir Bruner öðluðust fótfestu í kjölfar þess að Sovétríkin skutu upp fyrsta gervitunglinu, Spútnik I, árið 1957. Þá vildu stjórnmöld í Bandaríkjunum leggja aukna áherslu á stærðfræði og náttúruvísindi til þess að ná auknum árangri í menntakerfinu. Listir fengu ekki sama stuðning og því var það undir listgreinakennurum komið að þróa nýja fagmiðaða námskrá byggða á því að efla sköpun og dýpka skilning á listum (Eisner, 2002). Þannig þróaðist DBAE (e. discipline based art education) sem hefur verið leiðandi í stefnumótun námskráa í listum. DBAE byggist á jafnvægi milli sköpunar annars vegar og listasögu og fagurfræði hins vegar (Eisner, 2002).

Í rannsókninni sem hér er kynnt er leitast við að lýsa þróun námsgreinarinnar sjónlista í skyldunámi á Íslandi með því að skoða hvernig vægi greinarinnar hefur verið skilgreint í námskrám á ólíkum tímum, hver markmið námsgreinarinnar hafa verið og hvernig þau hafa breyst, hvaða kennsluáðferðir og námsmatsaðferðir hafa verið ríkjandi, hvernig aðstaða og tímafjöldi hafa tekið breytingum og á hvaða hátt og að hve miklu leyti samþætting sjónlista við aðrar námsgreinar hefur verið útfærð. Jafnframt er skoðað hvaða sögulegu og stefnumótandi þættir skýra þessar breytingar

## RANNSÓKNIR Á SJÓNLISTAKENNSLU Á ÍSLANDI

Nokkrar rannsóknir hafa sérstaklega verið gerðar á sjónlistakennslu á Íslandi en færri á hugmyndafræðilegri þróun sjónlista og hvernig hún birtist í námskrám. Eitthvað hefur þó verið ritað um hugmyndafræðilega þróun list- og verkgreina þar sem greinarnar voru

um tíma á samtengdu sviði í aðalnámskrám. Greinarnar eru þó ólíkar í eðli sínu, eins og Brynjar Ólafsson (2009) bendir á. Brynjar fjallar enn fremur um þann vandiþingpunkt í námskrárþróun list- og verkgreina þegar listir voru í fyrsta skipti greindar frá verkgreinum í aðalnámskránni 1999. Það má því stundum sjá umfjöllun um þróun sjónlista í heildar-rannsóknnum á list- og verkgreinum. Sums staðar er fjallað um ákveðna þætti greinasviðsins án þess að aðgreina námsgreinarnar sérstaklega en einnig má finna umfjöllun um þróun greinasviðsins, svo sem í samanburðarrannsókn Autio o.fl. (2015) á þróun námskráa á Íslandi, í Finnlandi og Eistlandi.

Doktorsverkefni Guðrúnar Helgadóttur (1997) sneri alfarið að viðhorfum kennara til námskrár mynd- og handmennta. Þar kemur fram að greinarnar eru jaðarnámssvið í íslensku menntaumhverfi og talsmenn þeirra eiga því lítinn hlut í þróun almennrar menntastefnu. Guðrún bendir einnig á að greinasviðið hafi átt erfitt uppdráttar og verið tengt hugmyndinni um nemendur sem þrífust verr en aðrir í bóknámi. Þá fjallar hún um duldu námskrána og nefnir sérstaklega fyrir mæli aðalnámskrár um aðstöðu og efnivið þar sem þau endurspeglar gildi námsgreinanna.

List- og menningarfræðsla var viðfangsefni umfangsmikillar rannsóknar á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Bamford, 2011). Þar er fjallað um námskrár list- og verkgreina og í ljós kemur að skilgreiningu vanti í aðalnámskrám á því hvaða listform teljist til lista og að greina þurfi á milli þess sem telst menntun í listum og menntun í gegnum listir. Í rannsókn á starfsháttum skóla við upphaf 21. aldar var fjallað um list- og verkgreinar (Gerður G. Óskarsdóttir o.fl., 2014). Niðurstöður gáfu til kynna að nokkuð langt væri á milli almennrar stefnumótunar og markmiða list- og verkgreina í aðalnámskrá. Viðmælendum þóttu markmiðin of háfleyg og víðfeðm og tíminn til umráða takmarkaður. Aðeins um helmingur þeirra list- og verkgreinakennara sem talað var við byggði kennslu sína á aðalnámskránni. Í úttekt á listgreinakennslu á Norðurlöndum fjallaði Rósa Kristín Júlíusdóttir (2008) um þágildandi námskrá myndmennta. Hún komst að því að íslenska námskráin legði áherslu á námsferli myndmennta og á jafnvægi milli þess að skapa annars vegar og greina hins vegar.

Finna má yfirlit um íslenskar námskrár í skýrslum um norræna listgreinakennslu, svo sem í samantekt Pasca (2013) og skýrslu Evrópusambandsins (European Union, 2012) þar sem list- og menningarkennsla um allá Evrópu er borin saman. Fram kemur að íslenska námskráin leggur áherslu á samþættingu líkt og aðrar evrópskar námskrár, en eingöngu á Íslandi, Kýpur og í Rúmeníu fái öll aldursstig svipaðan tíma í viðmiðunarstundaskrá. Á hinn bóginn sé Ísland eitt af fáum löndum þar sem listgreinar eru val fyrir eldri nemendur. Rannveig Björk Þorkelsdóttir og Ása Helga Ragnarsdóttir (2016) benda í nýlegri grein á hlutdeild listgreina í námskrá hér á landi, að námskráin tryggi ekki jafnræði í listkennslu þar sem hver skóli geti úthlutað tímum til listgreina eftir geðþótta.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á afmörkuðum þáttum sjónlistakennslu. Guðrún Helgadóttir (2003) beindi rannsókn sinni að hinu flókna ferli námsmats í myndlist, en hún einskorðaði rannsókn sína þó ekki við skyldunám heldur myndlistarnám almennt. Sigríður Ólafsdóttir o.fl. (2018) rannsökuðu sérstaklega sjónarmið myndmenntakennara varðandi stafræna sköpun en aðalnámskrá tekur ekkert fram um stafræna miðla í sjónlistakennslu. Svanborg R. Jónsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir (2021) greindu frá niðurstöðum

starfendarannsóknna list- og verkgreinakennara, þar sem kom í ljós að algengt væri að kennarar ættu erfitt með að finna jafnvægi milli skapandi skólastarfs og færnimiðaðrar kennslu.

Rannsóknir á sjónlistakennslu á Íslandi hafa hingað til beinst að sjónarmiðum kennara, útfærslum á vettvangi og aðstöðu til kennslu. Áður en skyggst verður inn í þróun hugmynda um námsgreinina er ekki úr vegi að líta til þess hvernig nafngiftir námsgreinarinnar hafa þróast í gegnum tíðina.

## Þróun nafngiftar námsgreinarinnar

Ekki er unnt að líta fram hjá því hvað margvíslegar nafngiftir greinarinnar endurspeгла, en heiti hennar hefur tekið töluverðum breytingum frá því að hún var fyrst lögfest með námsskrá fyrir barnaskóla árið 1929 (Fræðslumálastjórnin, 1929). Þá bar greinin ýmist heitið teikning eða teiknun. Áður var hún kennd undir heitinu myndaskript við Reykjavíkurskóla veturinn 1847–1848 (Heimir Þorleifsson, 1975) og dráttarlist í reglugjörð fyrir Barnaskólann á Ísafirði nr. 134/1877, sjá töflu 1.

Frá 1929 fram að útgáfu aðalnámskrár grunnskóla 1977 (Menntamálaráðuneytið, 1977) var greinin sjálfstæð námsgrein, ekki flokkuð með öðrum greinum. Frá 1977 fram að núverandi aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2013) hefur greinin verið hluti af greinasviði, með greinum eins og textílmennt, hönnun og smíði, tónlist, heimilisfræði og dansi og leiklist (Menntamálaráðuneytið, 1977, 1989, 1999b; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Greinasviðið hefur borið ólík heiti. Frá 1977 (Menntamálaráðuneytið, 1977) hét greinasviðið mynd- og handmennt en árið 1999 (Menntamálaráðuneytið, 1999b) breyttist heitið í list- og verkgreinar. Þar var myndlist (mynd- og handmennt) skilgreind sem listgrein og þá flokkuð með tónmennt, leikrænni tjáningu, dansi og textílmennt fram að núgildandi námskrá þar sem sjónlistir eru undir hatti list- og verkgreina.

### Tafla 1

#### *Þróun nafngiftar námsgreinarinnar frá 1847 til 2013*

Ártal	Heiti	Greinasvið	Heimild
1847	Myndaskript	Á ekki við	Saga Reykjavíkurskólal: Nám og nemendur (1975)
1877	Dráttarlist/dráttarlist	Á ekki við	Almanak hins íslenska þjóðvinafélags (1877)
1880	Uppdráttarlist	Á ekki við	Andvari (1881) (vísað til greinarinnar í alþýðuskólum í Svíþjóð)
1929	Teikning	Samþætt átthagafræði hjá 8 til 10 ára nemendum	Námsskrá fyrir barnaskóla frá 1929
1946	Teikning	Á ekki við	Lög um fræðslu barna nr. 34/1946

1948	Teiknun	Á ekki við	Drög að námsskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla frá 1948
1960	Teiknun	Sambætt áttahagafræði hjá 7 til 8 ára nemendum	Námsskrá fyrir nemendur á fræðslu-skyldualdri frá 1960
1977	Teiknun	Mynd- og handmennt	Aðalnámskrá grunnskóla frá 1977
1989	Myndmennt	Mynd- og handmennt	Aðalnámskrá grunnskóla frá 1989
1999	Myndlist	Listgreinar	Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999
2007	Myndmennt	Listgreinar	Aðalnámskrá grunnskóla frá 2007
2013	Sjónlistir	List- og verkgreinar	Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013

Í Danmörku hefur teikning verið kennd frá því um 1899 en greinin hefur borið heitin *tegning* (ísl. teikning) og *formning* (ísl. mótun) (Bamford og Qvortrup, 2006; lov om forskellige forhold vedrørende folkeskolen nr. 898/2024). Í Noregi varð *tegning* (ísl. teikning) námsgrein árið 1889 og voru fögin þá þrjú, teikning, textíll og sløjð. Árið 1960 voru greinarnar sameinaðar undir heitinu *formning* en 1997 var heitinu breytt í *kunst og håndverk* (Digranes, 2009). Í Svíþjóð ber greinin heitið *bild* (ísl. mynd) en hét *ritning* eða *teckning* (ísl. teikning) (Åsén, 2006; Karlsson Häikiö, 2022) frá því að hún varð hluti af námskrá rétt fyrir 1880 (Landahl, 2018).

## AÐFERÐAFRÆÐI

Markmið rannsóknarinnar var að skoða þróun námsgreinarinnar sjónlista í skyldunámi barna á Íslandi frá fyrstu fræðslulögunum, sem sett voru árið 1907, með því að greina innihald aðalnámskráa skyldunáms í sjónlistum. Stuðst var við aðferðafræði innihaldsgreiningar en hún er fjölbreytt megindleg og eigindleg rannsóknaraðferð til að greina skráð samskipti og er leið til þess að greina efni sem dreift er yfir langt tímabil og gefur kost á því að svara spurningum sem erfitt er að svara á annan hátt, svo sem spurningum um sögulega þróun, þegar annars konar gögn liggja ekki fyrir (Guðmundur Oddsson, 2021; Krippendorff, 2018). Að greina og skilja skjöl getur verið mikilvægur þáttur í því að skilja samfélagið (Asdal og Reinertsen, 2022). Því á aðferðin vel við í þessari rannsókn.

Gögnum var safnað með því að rýna í lög, reglugerðir, aðalnámskrár og opinberar skýrslur sem teljast frumgögn (Cohen o.fl., 2018). Almennir hlutar textanna voru greindir og þeir hlutar er vörðuðu sjónlistir eða sneru að list- og verkgreinakennslu. Eldri námskrár voru greindar í heild sinni þar sem þær voru stuttar og þeim ekki skipt eftir greinum. Að lokinni afmörkun gagna sem átti að greina voru þau lesin yfir án tillits til kóða. Við úrvinnslu gagna var aðleiðslukóðun síðan beitt til þess að greina efnisþætti í textanum sjálfum (Guðmundur Oddsson, 2021; Neuendorf, 2017). Þegar við fyrsta lestur gagnanna komu ákveðnir þættir fram. Sumir þeirra voru augljósir í öllum gögnum en aðrir voru, við fyrstu sýn, augljósari í hluta skjalanna. Þessir þættir voru settir upp sem upphafskóðar. Í ljósi þeirra voru gögnin greind á ný til þess að sjá hvort hægt væri að greina þá í öðrum skjölum. Í fyrstu var stuðst við kóðun augljóss innihalds, sýnilegs efnis sem kemur skýrt

fram. Þegar leið á greininguna var notuð kóðun dulins innihalds þar sem undirliggjandi og óbein merking innihaldsins var dregin fram (Neuendorf, 2017). Þetta ferli var endurtekið nokkrum sinnum þar til ákveðnir efnisþættir komu fram sem þemu.

## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður gagnagreiningar sýndu sjö þemu sem voru: vægi, markmið, kennsluaðferðir, námsmat, aðstaða, tímafjöldi, og samþætting. Í nýjustu aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, 2013) mátti greina alla efnisþættina en færri komu fram í eldri námskrám. Niðurstöður voru settar fram í þáttum en ekki í tímaröð þrátt fyrir að um söguleg gögn væri að ræða en það var gert til þess að fylgja aðferðafræðinni. Hér eftir verður til einföldunar eingöngu vísað til höfunda námskráa þegar þeirra er fyrst getið.

### Vægi

Hugmyndafræði námsgreinarinnar eru gerð mismikil skil í textum námskráa. Í drögum að námskrám í teiknun og skólaíþróttum fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla frá 1950 (Fræðslumálastjórnin, 1950) er talsvert fjallað um teikniþroska og þroskagildi greinarinnar. Vísað er til uppeldisfræðinga sem telja tjáningu barna í línunum og litum stuðla að námi og þroska. Talið er að teikning sé mikilvæg leið til þess að læra að skilja umheiminn. Hvergi er þó vísað til heimilda fremur en í öðrum námskrám. Í námskrá fyrir nemendur á fræðsluskuldaldri frá 1960 (Menntamálaráðuneytið, 1960) er fjallað um teikniþroska og höfuðfætlur, en að öðru leyti er ekki fjallað um mikilvægi greinarinnar.

Í lögum um grunnskóla 1974 (lög um grunnskóla nr. 63/1974) voru fyrst sett ákvæði um að huga skyldi að þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, meðal annars með kennslu í sjónlistum. Áþekk ákvæði fylgdu næstu lögum þar sem kveðið var á um að í skólasterfi skyldi huga að sköpun og listrænni tjáningu. Einnig var áréttað að jafnvægi skyldi vera milli verklegs og bóklegs náms. Í nýrri lögum var einnig vísað til nýsköpunar- og frumkvöðlanáms (lög um grunnskóla nr. 49/1991; lög um grunnskóla nr. 66/1995; lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1977 (Menntamálaráðuneytið, 1977) komu fram áhyggjur af þróun verknáms vegna aukinnar vélvæðingar. Veigamesta markmið grunnskólans væri undirbúningur fyrir störf í þjóðfélaginu og verknám talið góður grundvöllur fyrir flestar greinar þjóðfélagsins. Því væru verklegar námsgreinar mikilvægar. Sama sjónarmið kom fram í aðalnámskrá 1989 (Menntamálaráðuneytið, 1989). Þar var vísað í fyrsta sinn til lagaákvæðis (lög um grunnskóla nr. 63/1974) í umfjöllun um myndmenntakennslu. Tekið var fram að í ritinu væri námsgreinum gert jafnhátt undir höfði og þeim raðað eftir stafrófsröð.

Með aðalnámskrá grunnskóla árið 1999 (Menntamálaráðuneytið, 1999b) var innleitt nýtt sameiginlegt greinasvið fyrir listgreinar. Þar var ítarlegar en áður fjallað um mikilvægi listgreina, svipað og umfjöllunin um teiknun í drögum að námskrá frá 1950. Bent var á hvernig listir hefðu fylgt mannum frá örófi alda og væru einn af hornsteinum

samfélagsins. Listir voru sagðar stuðla að alhliða þroska, efla sköpunargáfu, sjálfsmynd og skilning, veita tækifæri til persónulegs tjáningarmáta, þjálfna hæfni til þátttöku í menningu samfélagsins, þær væru áhrifavaldur og mikilvæg atvinnugrein, kveikja hugmynda og nýsköpunar og mótuðu og endurspegluðu sjálfsmynd og gildismat samfélagsins. Einnig var í fyrsta sinn fjallað um kröfur um árangur í myndlist til þess að geta sótt listnámsbraut á framhaldsskólastigi. Litlar breytingar urðu í næstu aðalnámskrá (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Í núgildandi aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) eru settir fram svokallaðir grunnþættir menntunar og er einn þeirra sköpun. Þar er fjallað um meðfædda sköpunarþrá barna og mikilvægi þess að virkja ímyndunaraflið. Vert er að taka fram að þarna er átt við sköpun í öllu námi nemenda og að sköpun eigi að tengjast öllu skólastarfi. Ekki er fjallað um sjónlistir sérstaklega, eða list- og verkgreinar. Í fyrsta sinn er bent á að þrátt fyrir að list- og verkgreinar séu í sama kafla sé margt ólíkt með greinunum. Lítið nýtt kemur fram í þeirri umfjöllun, en vísað er til eðlislegrar löngunar mannsins til að tjá sig, þar með talið á myndrænan hátt, fjallað er um mikilvægi verkmenningar, tengingu greinanna við atvinnulífið og að jafnvægi skuli vera á milli bóklegs og verklegs náms. Í sameiginlegum upphafskafla um listgreinar er fjallað um menntagildi þeirra og þær sagðar veita nemendum tækifæri til þess að ígrunda eigin tilveru og veruleika og vinna á listrænan hátt með ýmis gildi, hugtök og hugmyndir sem þá snerta. Í aðdraganda umfjöllunar um markmið sjónlista eru sjónlistir sagðar gefa nemendum tækifæri til þess að læra og tjá sig án orða.

## Markmið

Námsskrá fyrir barnaskóla frá 1929 (Fræðslumálastjórnin, 1929) var byggð á fræðslulögum frá 1926 (lög um fræðslu barna nr. 40/1926). Þar var áhersla lögð á fyrir fram ákveðin verkefni, svo sem að nemendur teiknuðu eftir fyrirmyndum, lærðu að skyggja og lita og gerðu flatarteikningar og rúmteikningar. Í drögum að námsskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla (Fræðslumálastjórnin, 1948) var ekki tekið fram hvað skyldi kennt í teiknun. Tveimur árum síðar voru gefin út drög að námsskrá um teiknun og skólaþróttir fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla (Fræðslumálastjórnin, 1950). Þar var teikninámið sett þannig upp að námsþáttum var raðað eftir aldri nemenda og fyrir hvern aldur voru fyrir fram ákvörðuð verkefni með nákvæmum listum yfir efnivið. Við bættust tilmæli um að skoða vel valdar myndir og listaverk. Einnig var kafli um mótun þrívíðra hluta en í fyrri námskrá voru einungis tilmæli um tvívíð verkefni. Þrátt fyrir að um drög væri að ræða var ný námsskrá ekki gefin út fyrr en tíu árum seinna.

Námsskránni frá 1960 svipaði til fyrri námskráa. Enn voru sett fram fastmótuð tilmæli um kennsluaðferðir og viðfangsefni nemenda. Lögð var áhersla á notkun fyrirmynda hjá eldri nemendum og áttu skólar að eiga gott safn af vönduðum fyrirmyndum. Yngri nemendur áttu þó að velja sér viðfangsefni og var varað við því að endurgera verk annarra því að auðga skyldi hugmyndaflug. Því mátti greina ákveðna stefnubreytingu frá dráttmyndunum sem einkenndu námsskrána frá 1929.

Tvær nýjar áherslur komu fram í námsskránni 1960 sem mátti einnig sjá í seinni námsskrám, það er áhersla á samvinnu og mikilvægi þess að eiga samtöl um list og kynna

listiðnað fyrir nemendum. Nemendur skyldu vinna saman að sameiginlegum verkefnum og ræða um myndlist. Áherslan var því ekki eingöngu á að skapa list, heldur einnig að njóta lista og greina list eftir aðra. Sú áhersla átti eftir að færast í aukana fram að núgildandi námskrá.

Í nýjum námskrám (Menntamálaráðuneytið, 1976, 1977) varð teiknun hluti af nýju greinasviði sem hét mynd- og handmennt. Sett voru fram sameiginleg markmið en hverri grein voru þó sérstaklega gerð skil. Í almennum hluta var hlutverki greinasviðsins lýst í tengslum við þroska nemenda í nútímaþjóðfélagi. Áhersla var lögð á eflingu sköpunargáfu með auknu frelsi og á eðlislæga þörf nemenda fyrir að uppgötva. Í takt við þessa áherslubreytingu hurfu flest markmið sem tengdust fyrir fram ákveðnum viðfangsefnum; kennurum bæri að semja námsáætlanir og skilgreina verkefni. Skilgreind viðfangsefni, að undanskilinni brúðugerð, koma ekki aftur fyrir í námskrám.

Breyttar áherslur komu með nýrri námskrá árið 1989. Þar voru markmið fyrst skilgreind eftir aldursbili nemenda í stað námsára. Nemendum var skipt á þrjú stig, 7 til 8 ára, 9 til 12 ára og 13 til 15 ára. Slík skipting hefur haldið sér fram að núgildandi námskrá en árið 1991 bættist við hópur sex ára nemenda (Stjórnarráð Íslands, 1991). Í námskránni var áfram lögð áhersla á skapandi tilraunastarf en auk þess var fjallað um mikilvægi áhugahvatar nemenda og að þeir myndu fyrir eigin getu.

Árið 1999 var gefin út námskrá sem var nokkuð ólík öðrum að uppbyggingu. Þar voru markmið skilgreind ítarlegar en áður og í stað almennra markmiða er tengdust helstu þáttum sjónlista voru sett fram nákvæm undirmarkmið. Markmiðunum var skipt í þrepamarkmið fyrir hvert ár, áfangamarkmið fyrir hvert aldursstig og lokamarkmið við lok grunnskóla. Innan þessara markmiða voru þrjár flokkar: lögmál og aðferðir, sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni. Undir hverjum flokki var markmiðunum síðan skipt eftir færniþáttunum sköpun, túlkun og tjáningu og skynjun, greiningu og mati. Fram komu ný markmið er tengdust myndrænni tölvuvinnslu. Námskráin 2007 var óbreytt en þrepamarkmiðin voru sett fram sem viðauki.

Greinasvið núgildandi aðalnámskrár grunnskóla voru gefin út árið 2013 með breyttri uppsetningu markmiða. Sameiginleg markmið fyrir list- og verkgreinar voru sett fram undir heitinu menningarlæsi. Markmið sjónlista eru sett fram á þremur aldursbilum í almennum texta. Þau eru einfölduð og komast fyrir á rúmlega einni síðu í stað nítján áður. Þrátt fyrir að framsetning hafi verið einfölduð og markmiðin séu orðin færri taka þau til margra þátta, sérstaklega á efsta aldursstigi. Haustið 2024 komu út endurskoðuð hæfniviðmið sem eru flokkuð í ellefu flokka og eitt markmið er fyrir hvert aldursstig. Auk þess var orðalagi breytt á stöku stað og eitt markmið fellt burt. Þá voru sameiginleg menningarlæsismarkmið lögð af (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2024).

## Kennsluaðferðir

Fyrst var fjallað um kennsluaðferðir í námsskrá árið 1948. Lögð var áhersla á að miða námskröfur við þroska nemenda og gera ráð fyrir frávikum. Verklegra kennslu átti að auka ef hægt væri. Þessi áhersla kom fram í námsskránni 1960 ásamt umfjöllun um teikniþroska nemenda. Varað var við því að leiðrétta yngri nemendur til að draga ekki úr sjálfs- trausti þeirra.

Árið 1977 var fyrst fjallað um kennslu nemenda með sérþarfir og nemenda á sjúkrahúsum. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að þeir fengu kennslu í teiknun út frá eigin forsendum og getu, virða átti persónulegt tjáningarform þeirra og forðast að vinna eftir forskrift. Mynd- og handmenntanám var talið ómetanlegt fyrir geðheilsuna og geta nýst sem endurhæfingarmeðferð fyrir nemendur.

Í þeirri námskrá var fyrst fjallað um námsáætlanir og markmiðasetningu. Lögð var áhersla á undirbúning kennslustunda og að byrja á samræðum. Kennarinn skyldi ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda og samstarf og hópavinna var talin mikilvæg til að efla félagsþroska nemenda, skipulagshæfni, hjálpssemi og tillitssemi. Með nýrri aðalnámskrá árið 1989 komu fram svipaðar áherslur en við bættist áhersla á fjölbreytta kennslu og að nemendur lærðu að nýta gagnaöflunaraðferðir.

Í aðalnámskrá grunnskóla 1999 var áfram lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti til að stuðla að auknum jöfnuði nemenda. Ekki var fjallað um sérþarfir nemenda líkt og áður en kennsluaðferðir mættu ekki mismuna nemendum. Kennsluna ætti að byggja á markmiðum námskrárinnar og gerð var krafa um mótun skólanámskrár. Nýta skyldi upp-lysingatæknina við gagnaöflun. Engu var bætt við í námskránni 2007.

Í núgildandi námskrá er eingöngu fjallað um kennsluaðferðir í tengslum við sjónlistir eða list- og verkgreinar í almennum hluta hennar. Áfram segir að forðast beri mismunun nemenda og huga að einstaklingsmiðun. Nám skuli byggja á vandaðri kennslu, fjölbreyttum kennsluaðferðum og leikur og umræður eru taldar heppilegar námsleiðir. Áhersla er lögð á góðan starfsanda og vinnufrið.

## Námsmat

Lengst af var ekki fjallað um námsmat í sjónlistum í námskrám en það var nefnt í tvennum lögum um menntun barna (lög um fræðslu barna nr. 40/1926; lög um fræðslu barna nr. 94/1936) þar sem tekið var fram að nemendur ættu að geta gert einfaldar dráttmyndir til að standast barnapróf. Fyrsta ítarlega umfjöllunin um námsmat birtist í nefndarálitni myndíðanefndar árið 1973 (Menntamálaráðuneytið, 1973).

Fyrst var fjallað um námsmat í tengslum við mynd- og handmennt í aðalnámskrá 1977. Matið átti að byggjast á markmiðum og möguleikum nemenda til að uppfylla þau, verkum nemenda, hæfni, sjálfstæði, þrautseigju og vinnubrögðum. Þessar áherslur eru áþekkar áherslum núgildandi aðalnámskrár á lykilhæfni sem metin er þvert á greinar. Mælt var með símati og að nemendur vissu hvar þeir stæðu og helst átti að nota umsagnir.

Í aðalnámskrá grunnskóla 1989 urðu fáar breytingar. Áfram var lögð áhersla á að miða námsmat við markmið greinarinnar, möguleika nemenda til að ná markmiðum og vinnubrögð. Námsmat skyldi vera leiðbeinandi til að skipuleggja áframhaldandi nám og mælt var með umsögnum.

Talsvert var fjallað um námsmat í myndlist í aðalnámskrá grunnskóla 1999. Matið skyldi byggja á markmiðum greinarinnar sem nú voru ítarlegri en áður og skipt í þrjá flokka sem skyldi meta hvern fyrir sig: lögmál og aðferðir, sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni. Áfram var fjallað um símat en auk þess var, í fyrsta sinn, fjallað um sjálfsmat. Meta skyldi lokaverk nemenda og framfarir, frumkvæði, vinnulag og vinnuferli. Matið yrði byggt á mætingu, dagbók kennarans, skriflegum verkefnum, vinnubókum, rissbókum, hefðbundnum prófum, umræðum og viðtölum við nemendur.

Með aðalnámskrá grunnskóla 2007 var sameiginlegt námsmat í list- og verkgreinum kynnt til sögunnar. Námsmat á greinasviðinu var talið vandmeðfarið og skyldi vera fjölbreytt. Nemendur þyrftu að þekkja markmið og hvernig mati yrði háttað. Áhersla var lögð á að veita nemendum hvatningu jafnóðum og vitneskju um eigin árangur. Sjálfsmat var áfram talið mikilvægt til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til lista og hvetja nemendur til virkrar þátttöku.

Í núgildandi aðalnámskrá grunnskóla er ekki sérstaklega fjallað um námsmat í list- og verkgreinum, heldur er gert ráð fyrir því að ein sameiginleg útskriftareinkunn sé gefin fyrir allar listgreinarnar. Í umfjöllun um námsmat í almennum hluta námskrárinnar er lögð áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir og símat. Í þessari námskrá kom fram nýtt námsmat með þremur bókstöfum byggt á getustigum sem og hugtakið lykilhæfni sem vísaði til almennrar færni nemenda, þvert á námsgreinar.

## Kennsluaðstaða

Í námsskránni 1960 var í fyrsta sinn fjallað um nauðsynlega aðstöðu til kennslu fagsins. Stofan skyldi vera björt og rúmgóð en upptalning á búnaði var ekki löng. Í lögum um grunnskóla frá 1974 (lög um grunnskóla nr. 63/1974) kom fyrst fram ákvæði um skólahúsnæði fyrir verklega kennslu en í 25. gr. laganna var vísað til þess að verkleg kennsla gæti verið í öðru húsnæði.

Í nýrri námskrá 1977 var þess eingöngu getið að aðstaða til teiknikennslu skyldi vera fullnægjandi. Vísað var til reglugerðar frá 1969 (reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969) og nefndarálits myndiðanefndar (Menntamálaráðuneytið, 1973) um nauðsynlegan alhliða búnað til mynd- og handmenntakennslu. Myndiðanefndin gerði tillögu um sameiginlegt húsnæði sem myndi rúma 60 nemendur. Lýsingar á aðstöðu voru nákvæmar. Teiknistofa átti að vera vel útbúin, björt og vel loftræst. Sér herbergi skyldi vera fyrir kennara. Auk þess skyldi vera kennslustofa fyrir leirmótun og gerð þrívíðra mynda, kennslustofa fyrir ljósmyndavinnu, stofa fyrir þrykk og sameiginleg aðstaða fyrir fönður.

Í umfjöllun aðalnámskrár grunnskóla 1989 um aðstöðu höfðu tillögur myndiðanefndar ekki náð fótfestu. Í almennum hluta hennar var þó vísað til þess að kennslustofur skyldu vera rúmgóðar, bjartar og vel loftræstar. Námsgögn skyldu vera við hæfi, tæki vönduð og efnisnotkun margvísleg. Áhersla var lögð á að sveigjanleg vinnurými byðu upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir, í takt við áherslur námskrárinnar. Samkvæmt 24. gr. laga um grunnskóla frá 1991 átti skólahúsnæði að fullnægja þörfum grunnskóla og búa þyrfti öllum kennslugreinum viðeigandi aðstöðu. Svipað ákvæði kom fram í lögum um grunnskóla frá 1995 (lög um grunnskóla nr. 66/1995).

Aðalnámskrá grunnskóla 1999 fjallaði ekki um aðstöðu til myndlistakennslu en í almennum hluta hennar var tekið fram að skólahúsnæði skyldi vera miðað við þarfir og líðan nemenda og námsumhverfi skyldi vera hvetjandi í viðeigandi húsnæði. Fjallað var um öryggi nemenda í tengslum við húsnæði og tækjakost. Þá var fjallað um námsgögn sem mikilvægan stuðning við uppfyllingu markmiða aðalnámskrárinnar og skildu gögnin vera fjölbreytt, vönduð, aðlaðandi, skýr og höfða til nemenda. Mælt var með að nýta margmiðlunargögn. Engar breytingar frá þessu voru í námskránni frá 2006 og 2007 (Menntamálaráðuneytið, 2006, 2007). Lög um grunnskóla frá 2008 (lög um grunnskóla

nr. 91/2008) eru áþekkt fyrri lögum en þar er einnig vísað til réttar nemenda til kennslu við hæfi.

Aðalnámskrá grunnskóla sem nú er í gildi fjallaði ekki, frekar en forveri hennar, um aðstöðu til sjónlistakennslu. Í almenna hlutanum er svipuð umfjöllun um námsgögn og í fyrri námskrá en nú skuli taka mið af framþróun á sviði menntunar- og kennslufræði. Áfram er lögð áhersla á nýtingu margmiðlunargagna.

## Fjöldi kennslustunda

Í lögum og reglugerðum fram að námskrá fyrir barnaskóla frá 1929 var ekki tiltekinn tímafjöldi ætlaður hverri grein. Aðeins var vísað til þess sem nemendur þyrftu að kunna til að uppfylla fullnaðarpróf við 14 ára aldur (lög um fræðslu barna nr. 57/1907; lög um fræðslu barna nr. 40/1926). Þá var ekki sett fram viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla 1989. Í töflu 2 má sjá samanburð á viðmiðunarstundaskrá ein og þær birtust í lögum, reglugerðum og námskrám frá árunum 1929 til 2011. Óvíst er hvort viðmiðunarstundaskráin endurspeglar tímafjölda námsgreinarinnar í einstaka skólum þar sem heimilt var að skipta tímanum á annan hátt innan greinasviðsins.

### Tafla 2

*Hlutfall sjónlista í viðmiðunarstundaskrá frá 1929 til 2011 miðað við aldur nemenda*

Ártal	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára	13 ára	14 ára	15 ára
1929			0%	0%	0%	6,67%	6,67%	6,67%	6,67%	
1948		ótilgreint	0%	0%	6,67%	5,71%	5,71%	ótilgreint		
1960		0%	0%	0%	6,77%	6,35%	6,06%	5,63%	5,41%	
1976		0%	0%	4%	3,22%	3,03%	2,85%	2,7%	2,7%	0%
1979		3,63%	3,63%	4,61%	4,14%	3,75%	3,5%	4,4%	4,4%	0%
1984		3,79%	3,79%	5,77%	5,17%	5,17%	4,41%	4,27%	4,27%	0%
1991	4,1%	4,1%	4,1%	4,9%	4,6%	4,16%	3,92%	3,81%	3,81%	0%
1999	4,44%	4,44%	4,44%	4,44%	3,81%	3,81%	3,81%	3,62%	0%	0%
2006	4,44%	4,44%	4,44%	4,44%	3,81%	3,81%	3,81%	3,62%	0%	0%
2011	3,13%	3,13%	3,13%	3,13%	3,33%	3,33%	3,33%	1,27%	1,27%	1,27%

Í töflu 2 er ekki gert ráð fyrir þeim tíma sem verja átti í valgreinar. Stundum hefur verið mælt til þess að valgreinatímar séu notaðir til að auka kennslu list- og verkgreina og tímafjöldi þeirra gæti hafa verið annar (Menntamálaráðuneytið, 1977; Stjórnarráð Íslands, 1977). Í auglýsingu frá 1984 (Stjórnarráð Íslands, 1984) voru 1. bekk gefnir umframtímar sem ætlaðir voru til samþættingar námsgreina. Sumar viðmiðunarstundaskrár gerðu ráð fyrir breytilegum kennslustundafjölda námsgreina en þá er kennslustundafjöldinn reiknaður út frá meðaltali. Sama á við þegar heildarstundir nemenda eru óræðar.

Þegar miðað er við aldur nemenda og heildarhlutfall sjónlista reiknað út má sjá að hlutfall námsgreinarinnar minnkar með tímanum, sbr. mynd 1. Hins vegar bætast á sama tíma fleiri greinar á greinasviðið og tímafjöldinn dreifist á fleiri greinar.

## Mynd 1

*Hlutdeild greinarinnar í viðmiðunarstundaskrá frá 1929 til 2011/2013 eftir aldri nemenda*



## Mynd 2


*Heildarhlutfeld greinarinnar í viðmiðunarstundaskrá frá 1929 til 2011/2013*



Hagstofa Íslands hefur tekið saman gögn um raunverulegan tímafjölda nemenda í listgreinum á landsvísi frá árunum 2001–2023. Þar má sjá þann tímafjölda sem hvert aldursár nemenda fékk á hverju skólaári. Ef þau gögn eru borin saman við viðmiðunarstundaskrár má sjá að undanfarin ár hafa nemendur fengið um það bil þann tíma sem þeim ber en hlutfallslega hefur tíminn sem ætlaður er listgreinum minnkað, sjá mynd 3.

### Mynd 3

#### Raunhlutfall kennslutíma í listgreinum



Árið 1991 gaf Menntamálaráðuneytið út framkvæmdaáætlunina *Til nýrrar aldar* þar sem fram kom að auka ætti hlut mynd- og handmennta í skólastarfi með lengingu skóladagsins. Þegar mynd 2 er skoðuð má sjá að þessu var ekki fylgt eftir og 1994 var gefin út skýrsla nefndar um mótun nýrrar menntastefnu (Menntamálaráðuneytið, 1994) þar sem þessi áhersla kom ekki fram. Nýlega var birt tillaga frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (2021) um breytingar á gildandi viðmiðunarstundaskrá. Í tillögunni er áætlað að fækka mínútum í vali til að auka kennslu í móturmáli og náttúrufræði til samræmis við viðmið nágrannabjóða. Margar umsagnir bárust um breytinguna og bent var á að skerðing á valgreinum gæti falið í sér skerðingu á list- og verkgreinum. Tillagan var ekki innleidd.

### Sambætting

Samkvæmt fyrstu aðalnámskránni frá 1929 var teikning ekki kennd sem námsgrein fyrstu þrjú árin en nemendur áttu að gera einfaldar dráttmyndir í áttahagafræði. Teikningu átti að nota í handavinnukennslu eldri nemenda ef hægt væri. Í drögum að námskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla frá 1948 var lögð áhersla á fagurfræði í skriftarkennslu. Árið 1950 var fjallað ítarlega um teikningu í hinu almenna skólastarfi. Þar birtust hugmyndir að verkefnum sem mætti vinna fyrir skólaskemmtanir og hátíðir. Í námskránni frá 1960 var skreifið tekið lengra og skyldi teiknun nýtt við þekkingaröflun, einkum í áttahagafræði og sambætt við stærðfræði og eðlisfræði með gerð flatarmáls- og rúmfræðiteikninga.

Svipuð áhersla var í aðalnámskrá grunnskóla 1977 þar sem fjallað var um skörun mynd- og handmennta við aðrar greinar til stuðnings þeim. Ítarlegar lýsingar voru á því hvernig skara mætti mynd- og handmennt við hverja grein fyrir sig en skörunin mætti þó ekki skerða mynd- og handmenntanámið sjálft. Í námskránni frá 1989 var lögð áhersla á sambættingu, sérstaklega innan mynd- og handmennta, og áfram ítrekað að hver grein skyldi halda sérstöðu sinni en í skipulagi kennslu skyldi taka mið af markmiðum annarra greina.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 var ekki fjallað um samþættingu list- og verkgreina við aðrar námsgreinar nema í nýju listgreinum, dansi og leikrænni tjáningu. Í almennum hluta var fullyrt að erfiðara væri að skilja á milli námsgreina með yngri nemendum þar sem öll kennsla væri í höndum bekkjarkennara, en með hækkandi aldri nemenda skyldi sérhæfing aukast. Engu var bætt við í næstu námskrá.

Aðalnámskrá frá 2011 fjallar um námsgreinar í sérstökum kafla og þar segir að námsgreinar byggist á mismunandi aðferðum og verklagi sem stuðli að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Samþættingu er haldið á lofti og vísað til þess að verkefni séu samþætt úti í samfélaginu og því skuli hafa það í huga við skipulag náms.

## UMRÆÐA

Aðalnámskrá námsgreinarinnar sjónlista hefur tekið breytingum í gegnum tíðina þó svo að efnisþættir hafi að einhverju leyti haldið sér. Áherslur efnisþátta hafa hins vegar verið ólíkar og jafnvel eitthvað um mótsagnir á milli útgáfa. Það getur verið flókið fyrir kennara að starfa samkvæmt námskrá ef um miklar breytingar milli útgáfa er að ræða. Sem dæmi má nefna togstreitu milli sköpunar og upplifunar í listum, ósamræmi hvað varðar markmið og viðmiðunarstundaskrá og mismikla áherslu á samþættingu sjónlista við aðrar greinar eða sérstöðu greinarinnar.

Námskrárbreytingar endurspeglast ekki síst í sjö mismunandi heitum greinarinnar (tafla 1). Heiti annarra list- og verkgreina hafa einnig breyst frá því að þær komu inn í aðalnámskrá. Tónlist bar nógildandi heiti 1960 en það tók einhverjum breytingum fram að nógildandi námskrá (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2008). Heimilisfræði hefur borið sitt heiti óbreytt a.m.k. frá árinu 1974 (lög um grunnskóla nr. 63/1974). Greinarar hönnun og smíði, textílmennt og dans fengu allar nógildandi heiti með aðalnámskrá 1999 og leiklist árið 2013. Í nágrannalöndum hefur einnig verið eitthvað um nafnabreytingar (Åsén, 2006; Bamford og Qvortrup, 2006; Digranes, 2009; Karlsson Häikiö, 2022; Landahl, 2018; lov om forskellige forhold vedrørende folkeskolen nr. 898/2024). Þær eru þó mun meiri hér á landi en almennt gerist og velta má því fyrir sér hvaða áhrif það hefur haft á virðingu fyrir greininni og skilningu á innihaldi hennar.

Proskagildi greinarinnar liggur að baki námskrám í sjónlistum frá 1950. Vísað er til hlutverks greinarinnar fyrir þroska og teikning skilgreind sem leið til skilnings. Þessari hugsun svipar til hugmynda Pestalozzi (Ashwin, 1980) en slíkur hugmyndagrúnnur varð ekki langlífur og við tóku ábendingar um mikilvægi verknáms fyrir samfélagið sem andsvar við aukinni vélvæðingu (Menntamálaráðuneytið, 1976, 1977). Áherslan færðist á mikilvægi mynd- og handmennta fyrir iðnað og samfélag, í líkingu við hugmyndir sem komu fram í kjölfar iðnbýltingarinnar þegar teikning öðlaðist gildi sem þáttur í almennri menntun, sbr. Ashwin (1980). Í aðalnámskrá 1999 tengdist umfjöllun um mikilvægi myndlistar ekki eingöngu hlutverki hennar í atvinnulífi, heldur var einnig fjallað um mikilvægi hennar fyrir heildrænan þroska einstaklingsins. Sá vinkill var að einhverju leyti sýnilegur í aðalnámskránni frá 1989 en ekki með eins skýrum hætti þar sem listgreinar voru aðskildar frá verkgreinum 1989. Hér má greina hugmyndir sem komu fyrst fram eftir miðaldir, að listir séu taldar afurðir vitsmuna en ekki eingöngu handverk (Macdonald, 2004).

Markmið greinarinnar hafa breyst umtalsvert frá því að eingöngu skyldi læra að gera einfaldar dráttmyndir (lög um fræðslu barna nr. 40/1926) í anda hugmynda Pestalozzi (Ashwin, 1980) sem lét nemendur sína teikna eftir fyrirmynd á töflu skólastofunnar. Fyrstu námskránnar frá 1929 og 1950 voru án eiginlegra markmiða en fram komu fyrir-mæli um gerð tiltekinna myndverka, með tilgreindum aðferðum og þau skyldu byggð á fyrir fram ákveðnum viðfangsefnum. Síðar hurfu þessi fyrir-mæli úr námskránni og við tók almennari umfjöllun um viðfangsefni nemenda og hvatt hefur verið til aukinnar sköpunar í námskrám frá 1989 til þessa dags. Þær áherslur má einnig sjá í öðrum list- og verk-greinum, en aukin áhersla á sköpun var til að mynda greinileg í námskrá textílmennta frá árinu 1999 (European Union, 2012).

Fjórða iðnbyltingin hefur að öllum líkindum valdið því að í námskránni frá 1999 koma inn markmið tengd myndrænni tölvuvinnslu og er það í takt við áherslur erlendis ef marka má umfjöllun Isa (2022) en hann fjallar um áhrif tæknibyltingarinnar á sjónlista-kennslu. Þá áherslu má einnig sjá í umfjöllun um textílmennt í þeirri námskrá en þá til-heyrðu greinarnar báðar listgreinum (European Union, 2012). Tækniáherslan var líklega hvað mest í nýju námsgreininni hönnun og smíði sem var færð á greinasviðið upplýs-inga- og tæknimennt (Menntamálaráðuneytið, 1999b). Slíka áherslu er þó ekki að finna í nútíðandi námskrá. Það er athyglisvert með tilliti til þeirra tækninýjunga sem fram hafa komið undanfarin ár og þeirra möguleika sem stafræn myndvinnsla býður upp á. Sam-kvæmt rannsókn Bamford (2011) taldi einungis 73,1 prósent skólustjóra að stafræn list væri mikilvæg í listfræðslu. Niðurstöður Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. (2018) leiddu í ljós að viðhorf myndmenntakennara til tækninotkunar í listgreinum væru misjöfn og notkun tak-mörkuð. Að sama skapi töldu viðmælendur að stafræn tækni gæti stuðlað að skapandi hugsun nemenda og með henni opnuðust tækifæri til þess að efla kennsluhætti og bjóða upp á verkefni sem annars væru óframkvæmanleg.

Þrátt fyrir að markmiðum hefði fjölgað jókst hlutdeild námsgreinarinnar í viðmiðunar-stundaskrá ekki (sjá mynd 2). Hlutfallið hefur frekar minnkað og sérstaklega á meðal elstu nemendanna, eða úr 6,67% í 1,09%. Það er í takt við niðurstöður Gerðar G. Óskars-dóttur o.fl. (2014) um ósamræmi milli markmiða aðalnámskrár og þess tíma sem list- og verkgreinum er úthlutaður. Sjónlistakennarar í Svíþjóð deila þessum viðhorfum og telja kennslustundir of fáar í sjónlistum (Karlssoon Häikiö, 2022).

